

Ársskýrsla Stúdentaráðs Háskóla Íslands 2017-2018



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| Ávarp formanns SHÍ | 4 |
| Stúdentaráð 2017-2018 | 6 |
| Fulltrúar í Sviðsráðum | 6 |
| Sviðsráð Félagsvísindasviðs | 6 |
| Sviðsráð Heilbrigðisvísindasviðs | 6 |
| Sviðsráð Hugvísindasviðs | 6 |
| Sviðsráð Menntavísindasviðs..... | 6 |
| Sviðsráð Verkfræði- og náttúruvísindasviðs | 6 |
| Fulltrúar á Háskólaþingi | 6 |
| Háskólaþing 25. október 2017 | 6 |
| Háskólaþing 13. apríl 2018 | 7 |
| Fulltrúar í Háskólaráði | 7 |
| Starfsárið 2016-2018 | 7 |
| Breytt fyrirkomulag kosninga til Háskólaráðs | 7 |
| Fulltrúar í nefndum Háskólaráðs | 7 |
| Gæðanefnd | 8 |
| Jafnréttisnefnd..... | 8 |
| Kennslumálanefnd | 8 |
| Vísindanefnd | 8 |
| Skipulagsnefnd háskólasvæðisins | 8 |
| Starfsemi Stúdentaráðs | 8 |
| Stjórn Stúdentaráðs | 8 |
| Skrifstofa Stúdentaráðs | 8 |
| Sviðsráð Stúdentaráðs..... | 8 |
| Útgefið efni Stúdentaráðs | 9 |
| Akademían 2018..... | 9 |
| Ályktanir og yfirlýsingar Stúdentaráðs..... | 10 |
| Studentablaðið | 15 |
| Umsagnir Stúdentaráðs | 16 |
| Upplýsingabæklingur Stúdentaráðs um kosningar til Stúdentaráðs og Háskólaráðs 2018 | 22 |
| Verklagsreglur Stúdentaráðs | 23 |
| Nefndir Stúdentaráðs | 27 |
| Alþjóðanefnd | 27 |
| Félagslífs- og menningarnefnd..... | 28 |
| Fjármála- og atvinnulífsnefnd | 30 |
| Fjölskyldunefnd..... | 31 |
| Jafnréttisnefnd | 31 |
| Náms- og kennslumálanefnd | 32 |
| Nemendafélagsnefnd | 33 |
| Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd | 34 |
| Umhverfis- og samgöngunefnd..... | 35 |
| Starfshópar Stúdentaráðs | 37 |
| Starfshópur SHÍ um endurskoðun laga SHÍ..... | 37 |
| Starfshópur SHÍ um endurskoðun laga um LÍN..... | 39 |
| Herferðir Stúdentaráðs | 40 |

| | |
|--|------------|
| Hagsmunir nemenda í prófatíð | 40 |
| Fjármál stúdenta | 40 |
| Fjármögnun háskólastigsins..... | 42 |
| Opnunartími bygginga | 44 |
| Stefnumótun Stúdentaráðs | 45 |
| Sjóðir Stúdentaráðs | 45 |
| Stúdentasjóður | 45 |
| Hrafnelssjóður | 45 |
| Kjörstjórn og kosningar 2018 | 45 |
| Kjörstjórn Stúdentaráðs 2018 | 45 |
| Viðauki A..... | 46 |
| Starf hagsmunafulltrúa..... | 46 |
| Starf lánasjóðsfulltrúa | 49 |
| Viðauki B | 50 |
| Ársskýrslur sviðsráða..... | 50 |
| Ársskýrsla sviðsráðs Félagsvísindasviðs | 50 |
| Ársskýrsla sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs | 58 |
| Ársskýrsla sviðsráðs Hugvísindasviðs..... | 63 |
| Ársskýrsla sviðsráðs Menntavísindasviðs | 65 |
| Ársskýrsla sviðsráðs Verkfræði- og náttúruvísindasviðs | 66 |
| Viðauki C | 81 |
| Skýrsla um stefnumótunarferð Stúdentaráðs Háskóla Íslands á Hvanneyri 8. og 9. júlí 2017 | 81 |
| Viðauki D..... | 107 |
| Skýrsla stjórnar Stúdentasjóðs Stúdentaráðs Háskóla Íslands 2018..... | 107 |
| Viðauki E | 108 |
| Skýrsla kjörstjórnar Stúdentaráðs Háskóla Íslands 2018 | 108 |

Ávarp formanns SHÍ

Kæru Stúdentaráðsliðar, stúdentar og samstarfsaðilar,

Nýliðið starfsár innan Stúdentaráðs hefur verið krefjandi og afrakstursmikið, en ekki síst ánægjulegt.

Starfsárið hófst af krafti meðal annars með baráttu fyrir bættri fjármögnun háskólastigsins, og er hún enn í gangi. Okkar barátta spannaði líftíma tveggja ríkisstjórna þar sem óvenju tíðar kosningar voru til Alþingis á einu ári. Í mars 2017 lagði ný ríkisstjórn fram fjármálaáætlun og fjárlög um haustið en það ferli átti eftir að endurtaka sig örfáum mánuðum síðar eftir að ríkisstjórnarsamstarfið sprakk.

Stúdentaráð lét það þó ekki stöðva sig og sendi frá sér ályktanir til fjölmiðla, efndi til átaks í greinarskrifum í samvinnu við LÍS - Landssamtök íslenskra stúdenta og skilaði fjölmörgum umsögnum til nefndasviðs Alþingis. Plaköt birtust á strætóskýlum, á samfélagsmiðlum og víða um Háskóla Íslands þar sem fjármögnun íslenskra háskóla var borin saman við fjármögnun háskóla á Norðurlöndunum. Afraksturinn mátti sjá í umfjöllun fjölmiðla, áherslum stjórnmalaflokka í aðdraganda kosninganna og víðar. Fjárframlög til háskólanna á Íslandi jukust um 2 milljarða á milli ára en enn þarf að spýta í og veita bæði stjórnvöldum á landsvísi og innan háskólans aðhald ef ná á fjármögnun til háskóla sem er sambærileg þeirri sem viðgengst á Norðurlöndunum.

Annað risavaxið hagsmunamál sem mun krefjast áframhaldandi aðhalds frá stúdentum eru húsnæðismál. Uppi er sérstök staða í samfélaginu þar sem leiguverð hækkaði á höfuðborgarsvæðinu um 13% á milli árána 2016 og 2017 en húsnæðisgrunnur námslána um tæp 3%. Á sama tíma er húsnæðiskostnaður námsmanna orðinn verulega íþyngjandi, og í mörgum tilfellum er hann meira en helmingur af ráðstöfunartekjum. Stefna Stúdentaráðs hefur verið að þrýsta á enn frekari uppbyggingu stúdentaíbúða á háskólasvæðinu, en á hverju hausti eru um 1.000 stúdentar á biðlista eftir húsnæði. Í gildi er samkomulag milli Háskólans, Reykjavíkurborgar og FS sem felur í sér uppbyggingu um 600 íbúða fyrir stúdenta á næstu árum. Því verður að fylgja fast eftir.

Samhliða áberandi baráttu vegna húsnæðismála stúdenta, fjárhags þeirra og fjármögnunar háskólastigsins unnust ýmsir smærri sigrar fyrir stúdenta. Í lok starfsársins var tilkynnt um aukna sálfræðiþjónustu innan Háskóla Íslands fyrir tilstilli þrýstings frá Stúdentaráði og fylkingunum innan ráðsins. HAM meðferð í hópum stendur nemendum nú til boða, tveir nýir sálfræðingar hafa verið ráðnir við Náms- og starfsráðgjöf Háskólans og nýtt geðheilbrigðisteymi verið myndað innan skólans sem hefur það hlutverk að þróa geðheilbrigðiþjónustu innan hans. Aukin sálfræðiþjónusta fyrir stúdenta er að mínu mati eitt mikilvægasta verkefni SHÍ, enda verður geðsjúkdoma oft vart á háskólaárunum.

Á svipuðum tíma og skráning í nýju HAM námskeiðin hófst í vor var loks tilkynnt um að nemendur fengju tvo fulltrúa í starfshóp menntamálaráðuneytisins um endurskoðun laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Sú aðkoma stúdenta að gerð nýs frumvarps er sjaldséð og jafnframt afrakstur mikils þrýstings frá bæði

Stúdentaráði og LÍS - Landssamtökum íslenskra stúdenta. Nýtt frumvarp verður lagt fram á haustmánuðum 2019 og nú er jafn mikilvægt og áður að raunverulegt samráð verði haft við hagsmunasamtök stúdenta.

Í byrjun árs 2018 var að auki tilkynnt um aukið aðgengi að byggingum Háskóla Íslands fyrir nemendur háskólans. Á fyrstu vikum starfsársins hafði Stúdentaráð mótmælt harðlega styttri opnunartíma háskólabygginga sem hafði tekið gildi í febrúar 2017. Eftir samtali við háskólayfirvöld var styttingin dregin til baka út vorið 2017 og hafist var handa við að auka aðgang nemenda að Háskólabyggingum. Fulltrúar skrifstofu SHÍ áttu tíða fundi með fulltrúum Háskólans og 16. febrúar 2018 var tilkynnt um aukinn aðgang rafrænna aðgangskorta að háskólabyggingum. Kortin sem veittu áður aðgang að einni heimabyggingu veita nú aðgang að Háskólatorgi auk heimabyggingar að eigin vali. Þessi smái sigur er einn liður í því að auka aðgang nemenda að lærdómsaðstöðu innan HÍ. Langtímamarkmiðið er að kortin veiti sólarhringsaðgang að byggingum Háskólans.

Á meðan á öllu þessu stóð hélt Stúdentaráð að auki stefnumótunarferð á Hvanneyri, Októberfest SHÍ og barðist ötullega fyrir ýmsum öðrum hagsmunamálum sem snerta daglegt líf stúdenta innan veggja HÍ. Sjálfssalar eru til að mynda nú í öllum helstu byggingum sviða skólans fyrir tilstilli sviðsráða Stúdentaráðs og matarúrval hefur aukist í Hámu í Stakkahlíð og á Háskólatorgi að beiðni stúdenta. Framkvæmdir við endurnýjun Hámu í Eirbergi eru nýafstaðnar og nýlega hófst stækkun Hámu í Læknagarði að tilstuðlan Stúdentaráðs. Leikskólar FS opna nú fyrir að beiðni Stúdentaráðs sem gerir foreldrum kleift að mæta fyrir í skólann. Hálfárs strætókort eru loksins aðgengileg fyrir háskólanema en ekki aðeins heilsárskort líkt og áður. Samstarf stúdenta, Strætó og Zipcar tryggði einnig að 6 mánaða aðgang að deililífabjónustu Zipcar með 6 mánaða strætókortunum. Í prófatíðinni í vor var líka tilkynnt um betra verð á kaffi og súpu á Þjóðarbókhöðunni fyrir stúdentana fyrir tilstilli Stúdentaráðs.

Við kusum í fyrsta skipti síðan 2012 í Háskólaráð í almennum kosningum á meðal stúdenta, samþykktum verklagsreglur vegna #metoo, héldum ýmsa viðburði, málþing og tókum virkan þátt í háskólaþingi, akkerisfundi og ársfundi Háskólans, áttum fundi með fjármálaráðherra, borgarstjóra, tveimur ráðherrum mennta- og menningarmála, félags- og jafnréttismálaráðherra og ýmsa aðra aðila í þeim tilgangi að þrýsta á að málefnum stúdenta yrði fylgt eftir.

Starfið í ár hefur því verið ógleymanlegt. Raddir stúdenta hafa heyrst á öllum mögulegum vettvangi. Við höfum krafist þess að taka pláss í allri umræðu og ákvarðanatöku sem snertir stúdentana. Við höfum haft áhrif.

Ég vil því þakka öllum sem lögðu hagsmunabaráttu stúdenta lið á árinu. Þið gerðuð árið ógleymanlegt. Takk fyrir mig og takk Stúdentaráð!

Ragna Sigurðardóttir
Formaður SHÍ 2017-2018

Stúdentaráð 2017-2018

Fulltrúar í Sviðsráðum

Sviðsráð Félagsvísindasviðs

Nanna Hermannsdóttir (formaður, Röskva)
Katrín Ósk Ásgeirsdóttir (Vaka)
Jónas Már Torfason (Röskva)
Esther Hallsdóttir (Vaka)
Elísa Björg Grímsdóttir (Röskva)
Bjarni Halldór Janusson (Vaka)
Freyja Ingadóttir (Röskva)

Sviðsráð Heilbrigðisvísindasviðs

Elísabet Brynjarsdóttir (formaður, Röskva)
Sigrún Jónsdóttir (Röskva)
Arna Ýr Karelsdóttir (Vaka)
Hrafncatla Agnarsdóttir (Röskva)
Guðjón Trausti Skúlason (Röskva)

Sviðsráð Hugvísindasviðs

Ingvar Þór Björnsson (formaður, Röskva)
Vigdís Hafliðadóttir (Röskva)
Kristrún Ásta Arnfinnsdóttir (Röskva)
Sandra Silfá Ragnarsdóttir (Vaka)
Pétur Geir Steinsson (Röskva)

Sviðsráð Menntavísindasviðs

Jónína Sigurðardóttir (formaður, Vaka)
Áshildur Guðmundsdóttir (Röskva)
Hulda Sif Steingrimsdóttir (Vaka)
Thelma Rut Jóhannsdóttir (Röskva)
María Skúladóttir (Vaka)

Sviðsráð Verkfræði- og náttúruvísindasviðs

Baldur Helgi Þorkelsson (formaður, Röskva)
Kristjana Björk Barðdal (Röskva)
Jakob Eiríksson Schram (Vaka)
Benedikt Traustason (Röskva)
Melkorka Mjöll (Röskva)

Fulltrúar á Háskólaþingi

Á háskólaþingi starfsárið 2017-2018 áttu eftirfarandi fulltrúar stúdenta sæti:

Háskólaþing 25. október 2017

Ási Þórðarson, sálfræðideild
Bjarni Halldór Janusson, stjórn málafræðideild
Erla Ylfa Óskarsdóttir, lagadeild
Esther Hallsdóttir, félags- og mannvísindadeild
Guðjón Björn Guðbjartsson, stjórn málafræðideild
Guðjón Trausti Skúlason, lyfjafræðideild
Ingvar Þór Björnsson, sagnfræði- og heimspekideild
Jónas Már Torfason, lagadeild

Jónína Margrét Sigurðardóttir, deild menntunar og margbreytileika
Sigmar Aron Ómarsson, lagadeild

Háskólaþing 13. apríl 2018

Ási Þórðarson, sálfræðideild
Bjarni Halldór Janusson, stjórn málafræðideild
Elísa Björg Grímsdóttir, viðskiptafræðideild
Elísabet Brynjarsdóttir, hjúkrunarfræðideild
Guðjón Björn Guðbjartsson, stjórn málafræðideild
Guðjón Trausti Skúlason, lyfjafræðideild
Róbert Ingi Ragnarsson, stjórn málafræðideild
Sigmar Aron Ómarsson, lagadeild
Sonja Sigríður Jónsdóttir, sálfræðideild
Þórhallur Valur Benónýsson, lagadeild

Fulltrúar stúdenta í Háskólaráði sátu einnig Háskólaþing á starfsárinu 2017-2018.

Fulltrúar í Háskólaráði

Háskólaráð er æðsta stjórnvald Háskóla Íslands. Samkvæmt lögum um opinbera háskóla tilnefna stúdentar tvo af 11 fulltrúum Háskólaráðs. Fulltrúar stúdenta í Háskólaráði á starfsárinu voru þeir sömu og árið á undan þar sem þeir eru skipaðir til tveggja ára í senn. Fulltrúar og varafulltrúar stúdenta í Háskólaráði voru kjörnir af Stúdentaráði í ágúst 2016 og var starfstímabil þeirra til 30. júní 2018. Eydís Blöndal tók við af Eyrúnu Baldursdóttur sem varafulltrúi í Háskólaráði haustið 2017 eftir kosningu innan Stúdentaráðs í september 2017.

Starfsárið 2016-2018

Ragna Sigurðardóttir (varamaður, Tryggvi Másson)
Þengill Björnsson (varamaður, Eydís Blöndal)

Breytt fyrirkomulag kosninga til Háskólaráðs

Í febrúar 2018 var í fyrsta skipti síðan 2012 kosið um fulltrúa stúdenta í háskólaráði í allsherjarkosningum á meðal nemenda Háskóla Íslands.

Samhliða breyttu fyrirkomulagi kosninga til Stúdentaráðs á starfsárinu 2013-2014 var allsherjarkosning á meðal nemenda til háskólaráðs felld niður. Stúdentaráð kaus því fulltrúa stúdenta í Háskólaráði með atkvæðagreiðslu innan ráðsins árin 2014 og 2016.

Haustið 2016 lögðu Stúdentaráðsliðarnir Eydís Blöndal, Lilja Dögg Gísladóttir, Ragna Sigurðardóttir og Sigmar Aron Ómarsson fram tillögu þvert á fylkingar um að kerfinu yrði aftur breytt þannig að kosið yrði til háskólaráðs á meðal allra nemenda árið 2018. Tillagan var samþykkt einróma. Á þessu starfsári var því kosið um fulltrúa stúdenta í Háskólaráði í allsherjarkosningu á meðal stúdenta Háskóla Íslands.

Fulltrúar í nefndum Háskólaráðs

Stúdentar eiga fulltrúa í meirihluta nefnda Háskólaráðs. Stúdentaráð tilnefnir fulltrúa í þessar nefndir en þær eru gæðanefnd, jafnréttisnefnd, kennslumálanefnd, vísindanefnd og

skipulagsnefnd háskólasvæðisins. Fulltrúar stúdenta í nefndum Háskólaráðs starfsárið 2017-2018 eru eftirfarandi:

Gæðanefnd

Pétur Marteinn Urbancic Tómasson, lagadeild

Jafnréttisnefnd

Valgerður Hirst Baldurs, sagnfræði- og heimspekideild

Kennslumálanefnd

Jökull Jóhannsson, viðskiptafræðideild

Vísindanefnd

Skúlína Hlíf Kjartansdóttir, doktorsnemi á Menntavísindasviði

Skipulagsnefnd háskólasvæðisins

Ari Guðni Hauksson, sagnfræði- og heimspekideild

Starfsemi Stúdentaráðs

Stjórn Stúdentaráðs

Stjórn Stúdentaráðs er skipuð formönnum hvers sviðsráðs Stúdentaráðs ásamt formanni og varaformanni Stúdentaráðs. Í stjórn Stúdentaráðs starfsárið 2017-2018 sátu:

Ragna Sigurðardóttir, formaður Stúdentaráðs (formaður stjórnar)

Ási Þórðarson, varaformaður Stúdentaráðs (varaformaður stjórnar)

Nanna Hermannsdóttir, formaður sviðsráðs Félagsvísindasviðs (gjaldkeri)

Elísabet Brynjarsdóttir, formaður sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs (meðstjórnandi)

Ingvar Þór Björnsson, formaður sviðsráðs Hugvísindasviðs (meðstjórnandi)

Jónína Sigurðardóttir, formaður sviðsráðs Menntavísindasviðs (meðstjórnandi)

Baldur Helgi Þorkelsson, formaður sviðsráðs Verkfræði- og náttúruvísindasviðs (meðstjórnandi)

Áheyrnarfulltrúar voru **Katrín Ósk Ásgeirsdóttir**, oddviti Vöku, og **Pétur Marteinn Urbancic Tómasson**, framkvæmdastjóri Stúdentaráðs, sem jafnframt ritaði fundargerðir stjórnar.

Skrifstofa Stúdentaráðs

Réttindaskrifstofa Stúdentaráðs deildi með sér þremur stöðugildum sem skiptust þannig:

Formaður: 90% starf

Ragna Sigurðardóttir

Varaformaður: 30% starf

Ási Þórðarson

Hagsmunafulltrúi: 50% starf

Sigmar Aron Ómarsson

Lánasjóðsfulltrúi: 50% starf

Ragnar Auðun Árnason

Framkvæmdastjóri: 60% starf

Pétur Marteinn Urbancic Tómasson

Ritstjóri: 30% starf

Ingvar Þór Björnsson

Skýrslur um störf hagsmunafulltrúa og lánasjóðsfulltrúa SHÍ eru að finna í Viðauka A.

Sviðsráð Stúdentaráðs

Sviðsráð Stúdentaráðs eru fimm og mynda Stúdentaráð Háskóla Íslands. Sviðsráðin vinna öflugt starf í þágu nemenda og eru í reglulegu samráði við stjórnir sviðanna. Ársskýrslur sviðsráða Stúdentaráðs eru að finna í Viðauka C.

Útgefið efni Stúdentaráðs

Akademían 2018

Akademían er gefin út á hverju hausti af Stúdentaráði og er handbók nýnema við Háskólann. Ingvar Þór Björnsson ritstýrði Akademíunni fyrir starfsárið 2017-2018.

Akademían 2017-2018

**Handbók SHÍ um allt sem
viðkemur námi við Háskóla Íslands**

The Student Council's handbook
on all things related to studying
at the University of Iceland





Ályktun SHÍ um undirfjármögnun Háskóla Íslands

Stúdentaráð Háskóla Íslands leggst alfarið gegn þeirri aðhalds stefnu stjórnvalda sem hefur verið ríkjandi í málefnum háskólans undanfarin ár. Sú stefna hefur leitt til verulegrar undirfjármögnunar háskólans. Það hefur alvarleg áhrif á gæði náms sem sést meðal annars á niðurfellingu um 50 námskeiða við skólann á þessu ári vegna kröfu stjórnvalda um aðhald.¹ Benda má á að fleiri námskeið hafa verið felld niður undanfarin ár og því er ekki um að ræða fyrsta skiptið sem gripið hefur verið til slíkra aðhaldsaðgerða. Þær aðhaldsaðgerðir geta leitt til þess að einstaklingar þurfi að fresta útskrift auk þess sem þær minnka val innan námsgreina, draga úr möguleika námsmanna á sérhæfingu í námi og skerða jafnrétti til náms. Þær brjóta gegn stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar þar sem kveðið er á um að „háskólar á Íslandi verði studdir í að halda uppi gæðum og standast alþjóðlega samkeppni.“² Það skýtur skökku við að mæla fyrir auknum stuðningi við háskólana, en um leið boða aðhaldsaðgerðir í málefnum þeirra.

Á undanföllum misserum hefur ítrekað komið fram að íslenskir háskólar standast ekki alþjóðlegan samanburð þegar kemur að fjármögnun þeirra. Íslenskir háskólar fá um helmingi lægri framlög á hvern háskólanema en háskólar annars staðar á Norðurlöndum.³ Enn eru framlög á hvern nemanda í íslensku háskólakerfi lægri en þau voru fyrir áratug⁴ - og það þrátt fyrir að háskólakerfið hafi samkvæmt erlendum úttektum verið undirfjármagnað á þeim tíma.^{5 6} Stúdentaráð krefst þess að sú staða verði leiðrétt.

Öflugt menntakerfi er grunnstoð framsækinna og samkeppnishæfra nútímasamfélaga. Stúdentaráð Háskóla Íslands trúir því að stjórnvöld hafi áhuga á að byggja upp slíkt samfélag á Íslandi og krefst þess að þau sýni það í verki.

Send fjölmiðlum, alþingismönnum og ráðuneytum 21. mars 2017



Ályktun Stúdentaráðs Háskóla Íslands um ríkisfjármálaáætlun 2018 - 2022

Stúdentaráð Háskóla Íslands harmar stöðu Háskóla Íslands í nýlega birtri ríkisfjármálaáætlun fyrir árin 2018 - 2022. Fulltrúar allra flokka á Alþingi lýstu því yfir, í aðdraganda síðustu alþingiskosninga, að Ísland skyldi stefna að meðaltali OECD-ríkjanna í fjárframlögum til háskólakerfisins á hvern háskólanema á kjörtímabilinu. Staðfesti Alþingi fjármálaáætlunina óbreytta er ljóst að því markmiði verður ekki náð, og þó er um hóflegt markmið að ræða. Stúdentaráð telur jafnframt villandi að með framlögum til háskóla séu talin framlög til byggingar Húss íslenskra fræða, en viðbótarframlög til háskólastigsins munu að mestu leyti renna í þá framkvæmd fram til ársins 2020.

Í ályktun rektora allra háskóla á Íslandi frá 14. desember síðastliðnum kom fram að til þess að sinna grunnstarfsemi háskólanna þurfi að auka framlög til háskólakerfisins um tvo milljarða á ári næstu árin. Áætlunin felur því í raun í sér frekari aðhaldskröfur til háskólanna. Það setur samkeppnishæfni íslenskra háskóla og íslensks samfélags á alþjóðavettvangi í hættu. Öflugir háskólar eru grundvöllur framþróunar, nýsköpunar og sérhæfingar í hverju samfélagi og krefst Stúdentaráð þess að alþingismenn standi við gefin loforð um fjármögnun íslensks háskólakerfis.

Stúdentaráð Háskóla Íslands leggst alfarið gegn því að framlögð ríkisfjármálaáætlun til ársins 2022 verði samþykkt í óbreyttri mynd.

Send fjölmiðlum, alþingismönnum og ráðuneytum 6. apríl 2017



Stúdentaráð Háskóla Íslands mótmælir breyttum opnunartíma bygginga

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) mótmælir styttri opnunartíma bygginga háskólans sem tók gildi 1. mars síðastliðinn. Eins og kemur fram í ályktun ráðsins frá 6. febrúar nær breytingin fyrst og fremst til kvöld- og helgaropnun bygginga og skerðir því aðgang nemenda að námsaðstöðu á þeim tímum.

Aðgangur nemenda með rafrænt aðgangskort skerðist ekki að þeirra heimabyggingu með breytingunni en þriðjungur nemenda á slíkt kort. Ljóst er að tveir þriðju nemenda hljóta verulega skerðingu af þessari breyttu opnun bygginga auk þess sem nemendur með aðgangskort komast aðeins inn í eina háskólabyggingu með kortinu utan opnunartíma.

Stúdentaráð bendir á að við tilkomu aðgangskorta að frumkvæði stúdenta árið 2006 voru stúdentar með sólarhringsaðgang að sinni heimabyggingu. Kortin veittu að auki aðgang að öllum háskólabyggingum eftir lokun og fram til miðnættis. Aðgangskortin voru nemendum þá aðgengileg þeim að kostnaðarlausu og greiddi háskólinn þann kostnað sem af aðgangskortunum hlaut.

Þar sem nú er tekið hóflegt 1.500 kr gjald fyrir kortin telur Stúdentaráð eðlilegt að kortin veiti nemendum víðtækari aðgang að byggingum skólans en nú er. Stúdentaráð skorar á háskólayfirvöld að mæta kröfum nemenda um aðgang að byggingum háskólans, og skorar jafnframt á stjórnvöld að gera þeim kleift að auka þjónustu við nemendur, í stað þess að skerða hana.

Send fjölmiðlum, rektor og yfirstjórn Háskólans 26. apríl 2017



Yfirlýsing Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna uppbyggingar stúdentaíbúða á háskólasvæðinu

Í ljósi fréttáflutnings um uppbyggingu stúdentaíbúða við Gamla garð á háskólasvæðinu vill Stúdentaráð Háskóla Íslands koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri.

Áframhaldandi uppbygging stúdentaíbúða er mikið hagsmunamál fyrir stúdenta. Árlega sitja um þúsund stúdentar eftir við úthlutun íbúða á Stúdentagörðum, sem hýsir um 9% stúdenta við Háskóla Íslands. Útlit er fyrir að biðlistar haldi áfram að lengjast á næsta ári þrátt fyrir byggingu nýrra stúdentaíbúða við Brautarholt. Útskrift tveggja árganga úr framhaldsskólum á næstu árum hefur þar áhrif auk hás leiguverðs á almennum leigumarkaði. Staða ungs fólks á húsnæðismarkaði um þessar mundir er sérstaklega slæm og því er mikilvægara nú en nokkru sinni fyrr að uppbygging stúdentaíbúða haldi áfram af krafti. Einnig má nefna að stjórnvöld hafa gert það að markmiði sínu, í nýlegum sáttmála um húsnæðismál, að flýta fyrir uppbyggingu stúdentaíbúða til að bregðast við þessu alvarlega ástandi.

Stúdentaráð leggur mikla áherslu á nýjar stúdentaíbúðir risi á háskólasvæðinu enda hefur það sýnt sig að stúdentar vilja helst búa í nálægð við Háskólann. Slik nálægð auðveldar stúdentum jafnframt að ferðast milli heimilis og skóla á ódýran og umhverfisvænan hátt, til dæmis gangandi og hjólandi. Bygging stúdentaíbúða á háskólasvæðinu er einnig mikilvægur þáttur í að skapa lifandi háskólaumhverfi, sem er sameiginlegt markmið Háskólans og stúdenta. Í því skyni hefur verið skrifað undir samkomulag um byggingu 400 stúdentaíbúða á háskólasvæðinu.

Stúdentaráð Háskóla Íslands hvetur því forsvarsmenn Háskóla Íslands, Reykjavíkurborgar og Félagsstofnunar stúdenta til að halda fyrirhugaðri uppbyggingu stúdentaíbúða á háskólasvæðinu áfram.

Reykjavík, 21. júní 2017

Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands,

Ragna Sigurðardóttir, formaður



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráð Háskóla Íslands ítrekar mikilvægi þess við háskólaráð að staðið verði við samning Háskólans og Reykjavíkurborgar um uppbyggingu stúdentagarða á reit háskólans við Gamla Garð. Í undirrituðum samningi kemur fram að nýta eigi reit Gamla Garðs til frekari uppbyggingar stúdentagarða á háskólasvæðinu.

Í samningnum kemur jafnframt fram að lóð á reit Visindagarða verði nýttur til byggingar stúdentagarða og að unnið verði að því að afmarka aðra byggingarreiti á háskólasvæðinu fyrir stúdentaíbúðir. Sú viljayfirlýsing endurspeglar markmið Félagsstofnunar stúdenta um að auka leigubjónustu við stúdenta úr tæpum 10% í 15% eins og gerist víða erlendis og er talin lágmarks bjónusta á Norðurlöndum.

Framkvæmdir eru þegar hafnar á reit Visindagarða og til stendur að um 220 leigueiningar risi þar fyrir stúdenta. Stúdentaráð fagnar þeirri uppbyggingu en bendir jafnframt á að eftir standa 78 leigueiningar sem áætlað er að risi við Gamla Garð og 300 einingar til viðbótar sem eiga að vera til skoðunar hjá aðilum samningsins. Samtals nær samningurinn og viljayfirlýsingin sem er í honum fölginn því til um 600 íbúðareininga á háskólasvæðinu en miðað við óbreyttan nemendafjölda þarf um 750 íbúðir til viðbótar við þær sem nú eru til þess að leigubjónusta FS nái til 15% stúdenta.

Uppbygging á reitnum við Gamla Garð færir Háskóla Íslands, Reykjavíkurborg og Félagsstofnun stúdenta nær markmiðinu um þetta aukna bjónustustig við stúdenta. Í dag bjónustar Gamli Garður helst erlendum skiptinemum sem stunda nám við Háskóla Íslands á haust- og vorönn auk þess sem hann nýtist yfir sumartímamann sem aðstaða fyrir erlenda fræðimenn og námsmenn sem taka þátt í ráðstefnum, málþingum og öðru starfi á vegum háskólans. Á nýliðnu sumri nýtti Háskólinn og samstarfsaðilar háskólans 650 gistinguætur á Gamla Garði og á afstöðnu skólaári dvöldu 43 erlendir nemendur þar yfir veturinn. Stúdentaráð bendir á að færri skiptinemar komast að á stúdentagörðum en vilja, rétt eins og aðrir nemendur háskólans. Með aukinni þátttöku Háskóla Íslands í alþjóðlegu samstarfi eykst eftirspurn eftir slíkri aðstöðu á háskólasvæðinu og telur ráðið brýnt að brugðist verði við þeirri eftirspurn.

Stúdentaráð Háskóla Íslands hvetur Háskóla Íslands til þess að standa við samning hans og Reykjavíkurborgar um byggingu nýrra stúdentagarða á reit Háskóla Íslands við Gamla Garð. Jafnframt ítrekar ráðið mikilvægi þess að áfram verði ráðist í vinnu við að auka leigubjónustu Félagsstofnunar stúdenta með úthlutun lóða í stúdentaíbúðir á háskólasvæðinu.

Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands,

Ragna Sigurðardóttir, formaður ráðsins og fulltrúi nemenda í háskólaráði

Stúdentablaðið

Stúdentablaðið er gefið út fjórum sinnum á ári. Í ár voru blaðið gefið út í október, desember, mars og maí. Ritstjóri Stúdentablaðsins 2017-2018 var Ingvar Þór Björnsson.

STÚDENTABLAÐIÐ

2017-2018 TÖLUBLAÐ #1 OKTÓBER 2017

LÍN-FRUMVARPIÐ Á HÁNAST SANA STAÐ OG FYRIR ÁRI!

Vithal víð Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðgjafi og þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

NEYÐARÁSTAND Á HÓSNÆBISHÁKKAHÖNUN

Neýðarástandið í íslenska hósnæbishið er áttunda ára gamla og er áttunda ára gamla.

KJÓSUM MENNTUN!

Stúdentablaðið lagði rökkrætt spurningar fyrir háskólanum um stefnu þess á vandaðri hólakrættu og rökkrættu.



ÚTGEFANDI: STÚDENTARÁÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

STÚDENTABLAÐIÐ

2017-2018 TÖLUBLAÐ #2 DESEMBER 2017

ÞETTA ER ORÐIÐ AF EINNVERRI HÖNNUNARKEPPI!


Í háskólanum er gætt að hönnunarkerpi stúdentanna til að tryggja fyrir hvern háskólanum í hollum þingum.

ÞRÓUN JAFNRÉTTISMÁLA VIB HÁSKÓLA ÍSLANDS ÁRIN 2012-2018

Vitumstær stúdentar er á vörðum stúdentanna og stúdentanna í línu stúdentanna.

ÞARF MADUR AF VERA ÖR HUNDRAÐ OG EINUM TIL AF MENNTA SIÐ?

Á háskólanum getur stúdentur fyrir þá sem koma langt og eru stúdentur stúdentur í þessum stúdentum til stúdentanna.



ÚTGEFANDI: STÚDENTARÁÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

STÚDENTABLAÐIÐ

2017-2018 TÖLUBLAÐ #3 MARS 2018

NIKIÐ ÁLÁÐ OG LÁG KJÓÐ FRÁHINDARI


Vitumstær stúdentur er áttunda ára gamla stúdentur stúdentur stúdentur.

STEFNI AF AÐ LEIÐJA FRAM NÝTT LÁNASJÓSFURVARP HAUSTIÐ 2018

Vithal víð Lílu Dögg Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðgjafi.

BORGARLÍNA OG ÞÉTTING Í ÞÁGU FRANTÍÐAR HÁSKÓLA SVÆDISINS

Á háskólanum er gætt að hönnunarkerpi stúdentanna til að tryggja fyrir hvern háskólanum í hollum þingum.



ÚTGEFANDI: STÚDENTARÁÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

STÚDENTABLAÐIÐ

2017-2018 TÖLUBLAÐ #4 MAÍ 2018

BORGARSTJÓRNARKOSNINGARNAN 2018


Stúdentablaðið lagði spurningar fyrir háskólanum um stefnu þess á vandaðri hólakrættu og rökkrættu.

GENKILRÍÐI ER VIBFANGSEFI SAMFELAGSINS Í HEILD SINNI

Vithal víð Svandís Svavardóttir, heilbrigðisráðgjafi, um stúdentanna í hollum þingum.

MEIRI ÁHUGA AF SÖGUM EN SÖGUM

Vithal víð Vera Ellegadóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.



ÚTGEFANDI: STÚDENTARÁÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Umsagnir Stúdentaráðs

Umsagnir til háskólaráðs Háskóla Íslands

Umsögn SHÍ um tillögu að breytingu á 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 um skipulegt framhaldsnám til meistara- og doktorsprófa



Háskólaráð Háskóla Íslands
Sæmundargötu 2
101 Reykjavík

Reykjavík, 2. nóvember 2017

Efni: Umsögn Stúdentaráðs um tillögu að breytingu á 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 um skipulegt framhaldsnám til meistara- og doktorsprófa

Stúdentaráð Háskóla Íslands fagnar upphafi að endurskoðun doktorsnáms við Háskóla Íslands, eins og kveðið er á um í stefnu Háskólans til ársins 2021. Skrásetning doktorsema í hlutanámi kemur til með að auðvelda úrvinnslu upplýsinga um doktorsnema og lengd doktorsnáms, sem kemur að gagni við ýmislegt sem tengist málefnum doktorsema, m.a. við úthlutun og endurúthlutun stúdentaíbúða. Stúdentaráð gerir þó athugasemd við ákvæðið að því leyti að einungis sé boðið upp á 50% nám eða fullt nám.

Ráðið bendir á að til þess að eiga rétt á námslánnum þurfi nemandi að uppfylla lágmarks framvindukröfu um 22 einingar sem jafngildir 73% námi, samkvæmt núverandi úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN). Þar sem hluti doktorsema er á námslánnum þykir Stúdentaráði eðlilegt að háskólinn veiti kost á því að nemendur geti skráð sig í hlutanám sem er ekki bundið við 50% nám. Ganga þyrfti úr skugga um að slíkt hlutanám yrði metið lánshæft samkvæmt úthlutunarreglum LÍN.

Þá bendir Stúdentaráð á að tryggja þarf réttindi nemenda ef upp kemur ósætti um ákvörðun sem tengist doktorsnámi nemandans, t.d. við brautskráningu nemandans með M.Phil. gráðu. Sú hugmynd hefur verið viðruð að embætti umboðsmanns doktorsema verði stofnað til að aðstoða þá nemendur sem telja á rétti sínum brotið þegar kemur að doktorsnámi. Stúdentaráð telur mikilvægt að skoða þann kost og bendir jafnframt á mikilvægi þess að einstaklingur í slíku embætti ynni í samstarfi við Stúdentaráð Háskóla Íslands.

Virðingarfyllst f.h. Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Ragna Sigurðardóttir formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Umsagnir til Nefndasviðs Alþingis

Umsögn SHÍ um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992 (lánshæfi aðfararnáms)



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. maí 2017

Efni: Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992 (lánshæfi aðfararnáms). Lagt fyrir 146. löggjafarþing 2016–2017. Þingskjal 522, 392. mál.

Umsögn þessi lýtur að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna (lánshæfi aðfararnáms). Umsagnaraðili er Stúdentaráð Háskóla Íslands, málsvari allra nemenda við Háskóla Íslands (HÍ). Umsögnin felur í sér afstöðu umsagnaraðila til helstu þátta fyrirbyggjandi frumvarps.

Stúdentaráð Háskóla Íslands telur sjálfsagt að aðfararnám hérlendis verði lánshæft, þar sem Lánasjóðurinn hefur undanfarin ár veitt lán fyrir aðfararnámi. Stúdentaráð telur því eðlilegt að það sé bundið í lög.

Stúdentaráð gerir þó athugasemd við að ekki verði lánað fyrir aðfararnámi erlendis. Í greinargerð frumvarpsins kemur ekkert fram um eðli þess aðfararnáms erlendis sem nemendur hafa þegar fengið lán fyrir. Í svari Lánasjóðs íslenskra námsmanna við fyrirspurn Stúdentaráðs um fjölda þeirra sem hafa tekið lán vegna aðfararnáms erlendis kemur fram að á námsárinu 2016-2017 hafi tveir einstaklingar sótt um slík lán. Stúdentaráð spyr því hve þungur baggi það er á Lánasjóðinn að veita tveimur einstaklingum lán fyrir námi af þessu tagi þar sem slíkt lán getur skipt sköpum fyrir þá einstaklinga. Að auki kemur ekkert fram í frumvarpinu hvort þessir einstaklingar geti sótt sér slíkt nám hérlendis.

Þá vill Stúdentaráð lýsa yfir vonbrigðum sínum með að stjórnvöld hafi einungis ráðfært sig við Lánasjóð íslenskra námsmanna við gerð frumvarpsins. Stúdentar eru sjaldan hafðir með í ráðum þegar ákvarðanir er varða Lánasjóðinn eru teknar. Þar sem frumvarpið snertir hagsmuni stúdenta hefði verið æskilegt að þær stúdentahreyfingar er málið varðar hefðu fengið að koma að gerð frumvarpsins. Málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna eru málefni stúdenta og því er mikilvægt að þeir komi að lagabreytingum er varða Lánasjóðinn.

Virðingarfyllst f.h. Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Ragna Sigurðardóttir formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Ragnar Auðun Árnason lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands



Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. maí 2017

Efni: Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands um fjármálaáætlun 2018-2022. Þingsályktunartillaga, lögð fyrir 146. löggjafarþing 2016-2017, 402. mál.

Stúdentaráð Háskóla Íslands harnar stöðu Háskóla Íslands í ríkisfjármálaáætlun fyrir árin 2018 - 2022. Fulltrúar allra flokka á Alþingi lýstu því yfir, í aðdraganda síðustu alþingiskosninga, að Ísland skyldi stefna að meðaltali OECD-ríkjanna í fjárframlögum til háskólakerfisins á hvern háskólanema á kjörtímabilinu. Staðfesti Alþingi fjármálaáætlunina óbreytta er ljóst að því markmiði verður ekki náð, og þó er um hóflegt markmið að ræða. Stúdentaráð telur jafnframt villandi að með framlögum til háskóla séu talin framlög til byggingar Húss íslenskra fræða, Lánasjóðs íslenskra námsmanna og uppbyggingar nýs fagháskólastigs. Þrátt fyrir aukningu til málaflokksins í heild er ljóst að framlög til rekstrar háskólanna munu ekki aukast að neinu marki fram til ársins 2019.

Í ályktun rektora allra háskóla á Íslandi frá 14. desember síðastliðnum kom fram að til þess að sinna grunnstarfsemi háskólanna þurfi að auka framlög til háskólakerfisins um tvo milljarða á ári næstu árin. Áætlunin felur því í raun í sér frekari aðhaldskröfur til háskólanna. Það setur samkeppnishæfni íslenskra háskóla og íslensks samfélags á alþjóðavettvangi í hættu. Öflugir háskólar eru grundvöllur framþróunar, nýsköpunar og sérhæfingar í hverju samfélagi og krefst Stúdentaráð þess að alþingismenn standi við gefin loforð um fjármögnun íslensks háskólakerfis.

Stúdentaráð Háskóla Íslands leggst alfarið gegn því að framlögð ríkisfjármálaáætlun til ársins 2022 verði samþykkt í óbreyttri mynd.

Virðingarfyllst f.h. Stúdentaráðs Háskóla Íslands
Ragna Sigurðardóttir formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Umsögn SHÍ um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með síðari breytingum (endurgreiðsla og niðurfelling lána)



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. maí 2017

Efni: Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með síðari breytingum (endurgreiðsla og niðurfelling lána).

Stúdentaráð Háskóla Íslands telur umræddar breytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna vera æskilegar. Ráðið telur þær breytingar er varða niðurfellingu skulda við 67 ára aldur, fyrir þá einstaklinga, sem tekið hafa námslán fyrir 54 ára aldur, vera af hinu góða. Þeir einstaklingar sem tekið hafa námslán og náð 67 ára aldri hafa nýtt menntun sína í þágu samfélagsins, óháð tekjum sem þeir hafa aflað sér fyrir þann aldur. Þá telur ráðið mikilvægt að komið verði til móts við þá sem glíma við langvarandi veikindi, fötlun eða örorku og geta þ.a.l. ekki greitt af lánunum sínum.

Virðingarfyllst f.h. Stúdentaráðs Háskóla Íslands
Ási Þórðarson varaformaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands
Ragnar Auðun Árnason lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. mars 2018

Efni: Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar um sálfræðipjónustu í opinberum háskólum. Lagt fyrir 148. löggjafarþing 2017–2018. Þingskjal 181 - 112. mál.

Stúdentaráð Háskóla Íslands fagnar 181. þingsályktunartillögu um aukið aðgengi að sálfræðipjónustu í opinberum háskólum. Nýverið gerði sviðsráð Stúdentaráðs á Heilbrigðisvísindasviði könnun á andlegu álagi og streitu meðal nemenda við Heilbrigðisvísindasvið. Könnunin var send út á 2.317 nemendur og svöruðu 809 nemendur könnuninni, eða 35% nemenda. Niðurstöður könnuninnar leiða meðal annars í ljós að nemendur við Heilbrigðisvísindasvið finna fyrir umtalsverðu andlegu álagi:

- 87% svarenda svöruðu að þau hefðu fundið fyrir andlegu og eða líkamlegu álagi í meira en tvær vikur.
- 72% telja að andlegt álag sé sökum langvarandi streituástands
- 14% svarenda höfðu þurft að seinka sér eða taka hlé frá námi vegna álags

Könnun þessi náði einungis til nemenda eins sviðs af fimm sviðum Háskóla Íslands, en áhugavert er að bera saman niðurstöðurnar við aðrar rannsóknir á streitu og andlegri liðan háskólanemenda. Ein slík sýndi nýverið að um þriðjungur svarenda fann fyrir klínískum einkennum þunglyndis.

Borið hefur á því að ungt fólk þurfi að neita sér um sálfræðipjónustu sökum kostnaðar en í dag kostar stakur tími hjá sálfræðingi um 12-15 þúsund krónur og því getur kostnaður við sálfræðimeðferð hlaupið á hundruðum þúsunda króna. Stúdentar eru tekjulágur hópur, sem nýtir sér námslán að miklu leyti, og því er ekki hlaupið að því að sækja sér meðferð sem getur reynst einstaklingi lífsnauðsynleg. Erlendar rannsóknir sýna að nemendur nýta sér frekar þjónustu í nærumhverfi sínu og að yngra fólk er líklegra til að fresta heimsóknnum á heilsugæslustöðvar.

Með samþykkt 181. þingsályktunartillögu um aukið aðgengi að sálfræðipjónustu í opinberum háskólum myndi Alþingi sýna ábyrgð og metnað í að stuðla að bættri geðheilsu háskólanema. Stúdentaráð Háskóla Íslands fagnar þeim áherslum og hvetur Alþingi til sóknar í bættu geðheilbrigði landsmanna.

Virðingarfyllt f.h. Stúdentaráðs Háskóla Íslands
Ragna Sigurðardóttir formaður

Umsagnir til Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Umsögn SHÍ um skipulag Borgarlínu



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Hamraborg 9
200 Kópavogi

Reykjavík, 20. júní 2017

Efni: Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands um skipulag Borgarlínu

Stúdentaráð Háskóla Íslands lýsir yfir ánægju með að í fyrirhuguðu skipulagi Borgarlínu verði biðstöð við háskólasvæðið. Mikilvægt er að efla samgöngur að háskólasvæðinu og auðvelda stúdentum að ferðast með umhverfisvænum og ódýrum hætti. Stúdentar við Háskóla Íslands eru flestir búsettir vítt og breitt um höfuðborgarsvæðið og aðliggjandi sveitarfélög en þeir eru í dag um 13 þúsund talsins. Bæting í ferðatíma og tíðari ferðir munu hafa jákvæðar afleiðingar í för með sér fyrir þennan hóp stúdenta.

*Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands,
Ragna Sigurðardóttir, formaður*



Vegna nýs kosningafyrirkomulags til Háskólaráðs á starfsárinu var ráðist í vinnu við að vekja athygli á kosningum til Stúdentaráðs og Háskólaráðs.

Stúdentaráð gaf út upplýsingabækling um kosningarnar og tilnefndi hver fylking í Stúdentaráði einn fulltrúa í ritstjórn bæklingins. Ritstjórar blaðsins voru þeir Teitur Ari Theodórsson (Röskva) og Jóhann Óli Eiðsson (Vaka).

Í bæklingnum var fyrirkomulag kosninga til Stúdentaráðs og Háskólaráðs, hlutverk Stúdentaráðs og Háskólaráðs útskýrð á mannamáli. Upplýsingar um þáverandi fulltrúa í Stúdentaráði, sviðsráðum, háskólaráði og nefndum Stúdentaráðs og Háskólaráðs komu fram í bæklingnum. Leitast var við setja allar upplýsingar fram á skýran og myndrænan máta.

KOSNINGAR TIL STÚDENTARÁÐS & HÁSKÓLARÁÐS 2018


HVAÐ ER STÚDENTARÁÐ?

Hlutverk Stúdentaráðs er fyrst og fremst að berjast fyrir og standa vörð um réttindi stúdenta Háskóla Íslands. Ráðið samanstendur af 27 fulltrúum sem kosnir eru í allsherjarkosningum í byrjun vorannar á ári hverju. Kosnið er til 5 sviðsráða sem hvert um sig fær 5 fulltrúa í Stúdentaráði að undanskildu sviðsráði Félagsvísindasviðs sem, sökum fjölmennis, fær 2 viðbótarfulltrúa að auki. Formenn sviðsráðanna 5 mynda svo saman stjórn SHÍ, ásamt formanni og varaformanni ráðsins, sem markar stefnuna sem sviðsráðin sjá svo um að fylgja eftir.

Stúdentaráð sér einnig um að tilnefna 5 aðila á skrifstofu ráðsins sem fer með framkvæmdavald þess og stýrir daglegum stórum Stúdentaráðs. Á skipafundum ráðsins, sem haldinn er á vorönn í kjölfar kosninga, kys nýtt Stúdentaráð sér formann og varaformann ásamt hagsmun- og lánasjóðsfulltrúa. Formaður og varaformaður sitja einnig í stjórn SHÍ og stýrir formaður fundum stjórnar og Stúdentaráðs, en varaformaður í fjarveru hans.

Þar að auka starfa á skrifstofunni framkvæmdarstjóri, sem sér um rekstur og bókhald Stúdentaráðs og ritstjóri Stúdentablaðsins. Fjöldmargir aðrir koma að starfi SHÍ, svo sem nefndarmeðlimir SHÍ, fulltrúar nemenda í háskólaráði og nefndum Háskólans og ýmsir aðrir samstarfsaðilar sem fjallað verður nánar um hér í blaðinu!

Stúdentaráðið Háskóla Íslands þjónusta alla nemendur Háskólans og því eru því engin mál óviðkomandi er varða hagsmuni nemenda. Þess vegna hvetjum við ykkur eindregið til þess að hafa samband við skrifstofu ráðsins ef einhver málefni brenna ykkur á brjósti! Bæði er hægt að hringja í síma 570-0850 og senda tölvupóst á netfangið shí@hi.is.



Verklagsreglur Stúdentaráðs

Verklagsreglur um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi innan Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Í kjölfar #MeToo byltingarinnar og viðbragða víðs vegar í samfélaginu var ráðist í vinnu við gerð verklagsreglna innan SHÍ um viðbrögð við hvers kyns kynbundinni og kynferðislegri áreitni og ofbeldi innan ráðsins eða í tengslum við starfsemi þess. Fulltrúar skrifstofu Stúdentaráðs áttu fundi með meðlimum fagráðs HÍ um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og ákveðið var að semja verklagsreglur með vísan í verklagsreglur HÍ sem þegar voru í gildi. Jafnframt ákvað ráðið að kynna reglurnar fyrir nemendum og nemendafélögum HÍ. Verklagsreglur og greinargerð eru að finna hér fyrir neðan.

Samþykktar á fundi Stúdentaráðs 18.12.2017

1. gr.

Markmið

Kynbundin og kynferðisleg áreitni, kynbundið og kynferðislegt ofbeldi (hér eftir nefnt brot) er með öllu óheimilt af hálfu fulltrúa í Stúdentaráði Háskóla Íslands (SHÍ), varamanna, nefndarmeðlima, starfsmanna Réttindaskrifstofu SHÍ og annarra sem starfa í umboði ráðsins. Slíkt er hvorki liðið í samskiptum þessara fulltrúa innbyrðis né í samskiptum þeirra við einstaklinga sem teljast ekki til fulltrúa ráðsins enda eigi samskiptin sér stað í tengslum við starfsemi SHÍ.

Markmið þessara verklagsreglna er að tryggja faglega meðferð mála telji aðili samkvæmt 1. mgr. sig hafa orðið fyrir kynbundinni og kynferðislegri áreitni, kynbundnu eða kynferðislegu ofbeldi. Jafnframt er það markmið reglnanna að kynna fyrir stúdentum og fulltrúum stúdenta þau úrræði sem standa þeim til boða innan Háskóla Íslands og þá hegðun sem ekki er liðin innan SHÍ.

2. gr.

Hugtök

Með hugtakinu *kynbundin áreitni* er átt við hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt tilvik getur talist kynbundin áreitni ef það er alvarlegt.¹

Með hugtakinu *kynferðisleg áreitni* er átt við hvers kyns kynferðislega hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt.¹

¹Háskóli Íslands. *Verklagsreglur um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi innan Háskóla Íslands*. Endurskoðuð útgáfa, samþykkt 7. september 2017. Sótt 5. desember 2017 af

https://www.hi.is/haskolinn/verklagsreglur_um_vidbrogd_vid_kynbundinni_og_kynferdislegri_areitni_og_odr_u_kynferdislegu_ofbeldi

Með hugtakinu *kynbundnið ofbeldi* er átt við ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.¹

Með hugtakinu *kynferðislegt ofbeldi* er átt við brot gegn kynfrelsi einstaklings sem lýst eru refsiverð í XXII. kafla almennra hegningarlaga.¹

Með hugtakinu *nemendur* er átt við alla þá sem skráðir eru til náms við Háskóla Íslands. Með hugtakinu *fulltrúar í Stúdentaráði Háskóla Íslands* er átt við þá einstaklinga sem eru lýðræðislega kjörnir til setu í Stúdentaráði af stúdentum Háskóla Íslands.

Með hugtakinu *varamenn í Stúdentaráði Háskóla Íslands* er átt við þá einstaklinga sem hafa verið löglega samþykktir sem slíkir af Stúdentaráði Háskóla Íslands.

Með hugtakinu *nefndarmeðlimi Stúdentaráðs Háskóla Íslands* er átt við þá einstaklinga sem hafa verið löglega samþykktir sem fulltrúar SHÍ í nefndum ráðsins af Stúdentaráði Háskóla Íslands, og þá fulltrúa almennra stúdenta sem meðlimir nefnda samþykkja til setu í nefndum ráðsins.

Með hugtakinu *starfsmenn réttindaskrifstofu Stúdentaráðs Háskóla Íslands* er átt við þá einstaklinga sem hafa verið löglega kjörnir af Stúdentaráði til starfa á Réttindaskrifstofu ráðsins, sem og þá einstaklinga sem faglega ráðnir eru af réttindaskrifstofu SHÍ til starfa fyrir hönd ráðsins.

Með hugtakinu *aðrir sem starfa í umboði Stúdentaráðs Háskóla Íslands* er átt við þá einstaklinga sem hafa verið löglega skipaðir af SHÍ til setu í samstarfsfélögum og regnhlífarsamtökum stúdenta svo sem LÍS – Landssamtökum íslenskra stúdenta, LUF – Landssambandi ungmennafélaga, nefndum og starfshópum Háskóla Íslands og öðru því sem SHÍ skipar í.

Með hugtakinu *aðilar máls* er átt við þann/þá/þau sem talin/n/ð er hafa brotið af sér og þá/þann/þau sem talin/n/ð er hafa orðið fyrir broti.

3. gr.

Fagráð og meðferð kvartana

Hver sem vill bera fram kvörtun vegna brots sem viðkomandi telur sig hafa orðið fyrir af hálfu fulltrúa í Stúdentaráði eða annarra sem starfa í umboði ráðsins eða tilkynna um brot sem viðkomandi telur sig hafa rökstuddan grun eða vitneskju um, skal snúa sér til fagráðs Háskóla Íslands um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi.² Fulltrúi í Stúdentaráði eða annar sá sem starfar í umboði ráðsins getur einnig snúið sér til starfsmanna réttindaskrifstofu SHÍ. Hver sá sem tekur við kvörtun eða tilkynningu um brot skal umsvifalaust vísa erindinu til fagráðsins til faglegrar meðferðar.

4. gr.

Meðferð og úrlausn mála

Á meðan mál er í skoðun hjá fagráðinu skal reynt að ná sáttum um vinnutilhögun aðila máls þar sem við á í samráði við fagráðið og réttindaskrifstofu SHÍ. Óheimilt er að flytja

²Háskóli Íslands. (2017). *Fagráð um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi*. Sótt 5. desember 2017 af https://www.hi.is/haskolinn/nefndir_haskolarads#fagrada.

þá/þann/þau, sem hefur kvartað eða orðið fyrir broti til í starfi SHÍ vegna kynbundinnar eða kynferðislegrar áreitni eða ofbeldis, nema viðkomandi óski þess.

5. gr.

Kynning

Stúdentaráði er skylt að kynna verklagsreglur þessar og verklagsreglur Háskóla Íslands fyrir nemendafélögum og nemendum Háskóla Íslands. Stúdentaráð og sviðsráð Stúdentaráðs skulu kynna fagráðið fyrir fulltrúum nemendafélaga á samráðsvettvangi nemendafélaga og á öðrum vettvangi. Nefndir SHÍ skulu einnig kynna sér og eftir tilvikum öðrum nemendum reglur þessar og fagráðið í upphafi starfsárs þeirra og ef nýjir meðlimir eru teknir inn í nefndir SHÍ.

6. gr.

Þagnarskylda

Mæli lög ekki á annan veg er þeim sem að málunum koma skylt að gæta þagnarmælsku um einstök mál.

7. gr.

Gildistaka

Verklagsreglur þessar, sem settar eru á grundvelli Verklagsreglna um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi innan Háskóla Íslands og 2. gr. reglna um Háskóla Íslands nr. 569/2009 og með hliðsjón af lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015, öðlast gildi við staðfestingu Stúdentaráðs.

Greinargerð með verklagsreglum um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi innan Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Með reglum þessum er sérstaklega ætlað að taka á áreitni og hvers kyns hegðun sem gerir lítið úr stöðu kvenna sem og annarra í Stúdentaráði og í samskiptum þeirra sem starfa í umboði ráðsins við aðra utan SHÍ. Mikilvægt er að konur, karlar og þau sem skilgreina sig utan hinnar hefðbundnu kynja í ráðinu sem og annars staðar fái notið sín og þurfi ekki að sæta áreitni eða ofbeldi, hvort sem það er kynferðislegt eða á grundvelli kyns þeirra. Á það við um jaðarsetta einstaklingajafnt sem aðra, svo sem fatlaða einstaklinga, innflytjendur, hinsegin einstaklinga og aðra sem standa höllum fæti í samfélaginu, hvort sem það er í lagalegum eða menningarlegum skilningi.

Aðdragandi vinnunnar við gerð verklagsreglna þessarra er bylting í samfélaginu sem á rætur að rekja til #metoo byltingarinnar vestan hafs, sem felur í sér opna umræðu um kynferðislega og kynbundna áreitni og ofbeldi sem konur hafa þurft að sæta í starfi. Stofnaðir hafa verið hópar utan um sögur kvenna í hinum ýmsu stéttum samfélagsins og hóparnir lagt fram undirskriftir kvenna og nafnlausar sögur um þá áreitni og mismunun sem konur hafa upplifað á sínum starfsferli. Fyrstar kvenna til að birta slíkar sögur hérlendis voru íslenskar stjórnsmálakonur. Konur í stúdentapólitík eru þar ekki undanskildar. Í kjölfarið spruttu upp fleiri hópar kvenna sem segja sögur sína opinberlega, og nýverið var slíkur hópur stofnaður fyrir konur í háskólum landsins.

Ljóst er af sögum kvenna að dæma og fjölda rannsókna á kynbundinni og kynferðislegri áreitni og ofbeldi að umfang vandans er mikill og að miklu leyti menningarbundinn. Verklagsreglur einar og sér nægja því ekki til að sporna við jafn rótgrónum vanda og slík áreitni og ofbeldi er, heldur þarf samstöðu kvenna, karla og þeirra sem ekki skilgreina sig sem kona eða karl, til að

uppræta hann. Öll þau sem eru kjörnir fulltrúar í Stúdentaráði, fylkingum ráðsins, nefndum, starfshópum og öðru starfi sem tengist ráðinu eru því hvött til þess að beita sér fyrir því í hvívetna að sporna gegn kynbundinni og kynferðislegri áreitni og ofbeldi í starfi sínu og víðar.

Nefndir Stúdentaráðs

Stúdentaráð starfrækir 6 fastanefndir sem skipaðar eru tveimur fulltrúum beggja fylkinga auk nemanda sem skipaður er af nefndinni sjálfri. Þær nefndir eru Alþjóðanefnd, Félagslíf- og menningarnefnd, Fjármála- og atvinnulífsnefnd, Fjölskyldunefnd, Jafnréttisnefnd og Umhverfis- og samgöngunefnd. Auk þessara 6 fastanefnda eru þrjár nefndir starfræktar af ráðinu sem haga skipun sinni með öðrum hætti. Þær eru Náms- og kennslumálanefnd, Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd og Nemendafélagsnefnd. Samantektir á störfum nefndanna eru að finna hér fyrir neðan. Formenn nefnda báru ábyrgð á gerð samantekta.

Alþjóðanefnd

Skipan nefndar

Alþjóðanefnd Stúdentaráðs 2017-2018 var skipuð þeim Sigrúnu Jónsdóttur (formaður), Evu Rut Helgadóttur, Vigdísi Hafliðadóttur, Daða Björnssyni og Ragnhildi Matthíasdóttur.

Starfsárið

Móttökudagar erlendra nema og göngur

Móttökudagar erlendra nema fara fram í ágúst og janúar. Alþjóðanefnd aðstoðar skrifstofu alþjóðasamskipta við skipulag móttökudagsins. Nefndin ber ábyrgð á tónlistaratriðinu og hefur samband við Ölgerðina fyrir veitingar. Einnig stjórnar einstaklingur úr alþjóðanefnd dagskránni og heldur stutt ávarp á sjálfum deginum. Samhliða móttökudegi erlendra nema skipuleggur nefndin einnig göngur um háskólasvæðið. Í göngunum fá erlendir nemar tækifæri til þess að kynna háskólasvæðinu í fylgd með nemenda og fá kynningu um helstu byggingar svæðisins.

Mentorkerfið

Stærsta verkefni alþjóðanefndar er utanumhald á mentorkerfinu. Skrifstofa alþjóðasamskipta sendir póst á nemendur skólans og auglýsir hlutverkið en alþjóðanefnd heldur utan um skráninguna og parar að lokum erlenda nemendur saman við mentora. Þegar pörun er lokið fá allir mentorar póst með upplýsingum um sína nemendur og eru beðnir um að hafa samband sem fyrst. Einnig eru haldnir tveir mentorfundir þar sem alþjóðanefnd fer yfir hlutverk mentors. Nú í janúar stofnaði alþjóðanefnd samtalsvettvang í formi Facebook hóps fyrir mentora og erlendu nemendurna. Í lok annar eiga allir mentorar að skila inn mentorskýrslu um störf sín til þess að fá útskriftarskírteinisviðauka.

Alþjóðadagar

Dagana 6.-10. nóvember voru Alþjóðadagar Háskóla Íslands haldnir sem skrifstofa alþjóðasamskipta skipuleggur í samstarfi við alþjóðanefnd. Dagskráin í ár var vel skipulögð og náði til bæði nemenda og starfsmanna. Alþjóðanefnd hélt tvo viðburði. Pub-quiz á mánudeginum og þjóðlagadjamm á þriðjudeginum þar sem fastagestir Reykjavík Trad Sessions komu og spiluðu á Stúdentakjallaranum. Félagsstofnun stúdenta kom til móts við okkur með því að hafa viðburð á þeirra vegum, uppistandskvöld á Stúdentakjallaranum, á ensku en sá viðburður fór fram á miðvikudeginum. Á fimmtudeginum var Café Lingua og vikan endaði með viðburði á

vegum japönskudeildar HÍ. Þannig að allir viðburðir Stúdentakjallarans þá vikuna tengdust Alþjóðadögunum.

Önnur verkefni

Nefndin hélt fund í október með Nicole Miriams, stúdentafulltrúa frá Háskólanum í Leicester, og Rögnu Sigurðardóttur, formanns SHÍ. Markmið fundarins var að ræða svipaðar og mismunandi áherslur háskólanna í málum sem snúa að erlendum nemum. Eftir fundinn kviknaði hugmyndin að bæta við stöðu alþjóðafulltrúa á réttindaskrifstofu SHÍ, sem verður vonandi að veruleika, og hóf nefndin þá vinnu við skrif á stefnu SHÍ í alþjóðamálum.

Einnig fundaði nefndin í febrúar með Hönnu Ragnarsdóttir, formanni jafnréttisnefndar HÍ, og Sveini Guðmundssyni, jafnréttisfulltrúa HÍ, varðandi stöðu erlendra nema við háskólann en markmið fundarins var að fá heildræna sýn á þau vandamál og hindranir sem erlendir nemar takast á við í HÍ.

Ásamt ofangreindum atriðum fólst starfið að miklum hluta til í að svara fyrirspurnum nemenda í gegnum Facebook like síðu nefndarinnar og netfang þess.

Félagslífs- og menningarnefnd

Skipan nefndar

Félagslífs og menningarnefnd Stúdentaráðs 2017 - 2018 var skipuð þeim Ásthildi Guðmundsdóttur (formaður), Kolbrúnu Láru Kristinsdóttur, Ingu Samönthu Sigurðardóttur, Matthíasi Aroni Ólafssyni og Elísabetu Snjólaugu Reinhardsdóttur.

(Rizza Fay Elíasdóttir var meðlimur nefndarinnar í upphafi en varð að segja af sér og Kolbrún Lára tók við af henni í september 2017.)

Starfsárið

Nefndin hóf formlega störf þann 13. apríl 2017, eftir skiptafund SHÍ. Nefndin tók inn fimmta meðlim um haustið, eða í lok september. Það var gríðarlega gott að hafa þetta marga til að hjálpast að með viðburðina.

Viðburðir

Nýnemamót 1. september

Hið árlega nýnemamót í fótbolta var haldið 1. september. Viburðurinn var auglýstur mjög vel bæði á Facebook og með persónulegum skipaboðum á nýnemafulltrúa og stjórnarmeðlimi nemendafélaga. Póstur var sendur á hi-nem@hi.is til að vekja athygli á mótinu.

Nefndin breytti reglunum örlítið og leyfði öllum nemendum að taka þátt í fótboltanum, þannig að a.m.k. 7 þurftu að vera í liði og þar af tveir nýnemar. Hvert nemendafélag mátti vera með nokkur lið. Líklega er betra að halda einu liði á nemendafélag en að öðru leyti heppnaðist fyrirkomulagið vel.

Til viðbótar við fótboltann bætti nefndin við brennómóti! Einungis voru tvö lið sem

skráðu sig en þó var góðmennt og mikið stuð á mótinu!

Alls tóku 16 lið sem þátt í fótboltamótinu. Keppnin var riðlakeppni og voru tveir leikir spilaðir í einu á hverjum velli. Mörk voru fengin að láni hjá Val endurgjaldslaust og hjálpuðust Stúdentaráðsliðar og nefndarmeðlimir við að bera mörkin. Dómarar voru úr röðum Stúdentaráðsliða og voru vinningar frá Símanum, auk léttra veiga. Símaþíllinn var á svæðinu og var þrenna með lukkuhjól og almenna gleði.

Drykkjuleikar á Októberfest 8. september

Á föstudeginum á Októberfest fékk nefndin það hlutverk að sjá um drykkjuleiki á milli nemendafélaga. Það voru 14 lið sem skráðu sig til leiks. Það voru 3 þrautir og tvö lið á hverri þraut. Keppt var í risa beer pong, flip'a'cup og nóa kropp bjór þraut. Teknir voru niður tímarnir á liðunum og fékk sigurliðið vinninga frá Símanum. Bjórinn var skaffaður af umsjónaraðilum Októberfest.

Auglýst var á event á facebook, inn í formenn nemendafélaga grúppunni og sendur póstur á hi-nem@hi.is. Keppnin gekk mjög vel en troðfullt var í leikjatjaldinu sem var bæði skemmtilegt en gerði nefndinni líka erfitt fyrir þegar kom að halda skipulagi á leikjunum.

Háskólaport

Háskólaport var haldið dagana 7. október 2017 og 14. apríl 2018. Auglýst var á Facebook og sendur póstur á hi-nem@hi.is. Góð skráning var á Háskólaport í október en ennþá betri skráning var í apríl.

„Back to School“ partí Þrennu 12. janúar

Þrenna sá að mestu leyti um skipulagningu „Back to School“ teitisins en nefndin tók virkann þátt í að auglýsa viðburðinn. Það var happdrætti á vegum Þrennu og heppinn nemandi vann síma. Mjög góð mæting var á viðburðinn! Nokkur nemendafélög mættu í partíð eftir vísó hjá sér. DJ og ljósmyndari var á vegum Símans og stemningin gríðarleg.

Söngkeppni SHÍ 25. janúar

Söngkeppnin átti upprunalega að vera í nóvember en vegna dræmrar skráningar frestaði nefndin henni fram í janúar. Það voru 10 sem skráðu sig til þátttöku. Dómarar voru Hildur (söngkona), Ási Þórðarson varaformaður SHÍ og trommari og Ásthildur Didda formaður Félagslífs- og menningarnefndar. Nefndin sá um að gera viðburð á Facebook, auglýsa viðburðinn á vegum nemendafélaga og senda póst á hi-nem@hi.is. Það var ágætis mæting á viðburðinn þó kjallarinn henti illa fyrir viðburð sem þennan, þar sem hljóðvistin mætti vera betri. Flottir vinningar fengust frá veitingastöðum, Omnom, Jóni & Óskari og fleirum.

Fyndnasti háskólaneminn 12., 14. og 21. febrúar

Fyndnasti Háskólaneminn var haldinn í samstarfi við Landsbankann eins og síðustu ár. Dómarar voru meðlimir Mið-Ísland auk þess sem nefndin fékk sigurvegara síðasta árs frá því til að dæma öll kvöldin. Kolbrún Lára Kristjánsdóttir, meðlimir nefndarinnar, var dómari á undankvöldunum tveimur og Karen Björg Þorsteinsdóttir var gestadómari á lokakvöldinu.

Gerður var viðburður sem notaður var til auglýsinga á Facebook, gerð voru kynningarmyndbönd og plaggöt. Skráningin var mjög góð en 16 einstaklingar tóku þátt í keppninni. Þrír komust áfram á fyrra kvöldinu og fjórir á seinna kvöldinu. Á lokakvöldinu voru því 7 keppendur.

Sigurvegari keppinnar var Alice Bower, 22 ára þjóðfræðinemi sem hlaut 100.000 kr. ávísun að gjöf frá Landsbankanum.

Símavísó 23. febrúar

Símavísó SHÍ var haldinn með HR þann 23. febrúar. Þrenna sá um skipulagningu en nefndin um skráningu og auglýsingar. SHÍ fékk 150 sæti í vísindaferðina í fyrstu en síðar bættust við 20 auka sæti. Skráningin gekk mjög vel og fylltust öll sæti SHÍ á einum sólarhring!

Þrátt fyrir ömurlegt veður daginn sem vísindaferðin var haldin var gríðarlega skemmtilegt og vel sótt.

Flest allir viðburðirnir nefndarinnar gengu mjög vel. Það var gaman að prófa að hafa nýja viðburði og nefndin mælir með því að halda áfram að prófa sig áfram í því!

Fjármála- og atvinnulífsnefnd

Skipan nefndar

Fjármála- og atvinnulífsnefnd Stúdentaráðs 2017-2018 var skipuð þeim Estheri Hallsdóttur (formaður), Teit Ari Theódórssyni, Pálma Eyjólfssyni, Katli Árna Ingólfssyni og Jónu Ástudóttur.

Starfsárið

Verk- og ábyrgðarsvið Fjármála- og atvinnulífsnefndar nær annars vegar yfir lánasjóðsmál og fjármál stúdenta, það er að leita leiða til að bæta starfsemi lánasjóðsins sem og fjárhag stúdenta, og hins vegar atvinnumál stúdenta og tengsl háskólans við atvinnulífið.

Þar sem stofnaður var starfshópur um lánasjóðsmál á starfsárinu var þunginn af lánasjóðsmálum stúdenta á hans höndum, en formaður Fjármála- og atvinnulífsnefndar sat í starfshópnum sem fulltrúi nefndarinnar. Fjármála- og atvinnulífsnefnd lagði þar af leiðandi meiri áherslu á aðra þætti í störfum sínum, þá helst atvinnumál stúdenta.

Viðburðir

Í október hélt nefndin viðburði í samstarfi við Landsbankann sem bar yfirskriftina „Háskólagráða og hvað svo?“. Þar ræddu fulltrúar sjö helstu stjórnmalaflokkanna sem buðu fram í Alþingiskosningunum 2017 hvernig hægt væri að skapa aukna atvinnu og möguleika fyrir ungt fólk sem er nýkomið úr námi.

Í byrjun janúar hélt nefndin annan viðburð, þá í samstarfi við lánasjóðinn Framtíðina, um framhaldsnám erlendis. Viðburðurinn bar yfirskriftina „Framhaldsnám erlendis: Hvernig og hvað svo?“ og var haldinn í Veröld – húsi Vigdísar fyrir fullum sal. Þá átti nefndin gott samstarf við Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands (NSHÍ) á starfsárinu, ekki síst við undirbúning Framtíðardaga HÍ sem fóru fram dagana 12.-16. febrúar 2018. Nefndin kom að undirbúningi daganna og stóð að auki fyrir dagskrá eins af þeim fimm dögum sem þeir stóðu yfir. Yfirskrift dagsins var „Fimmtudagur – Félagsstörf til frama“ en fjallað var um hvernig nýta má félagsstörf innan HÍ sér til framdráttar í atvinnulífinu. Fyrirlesarar voru fólk frá ýmsum kimum atvinnulífsins sem stundaði nám og tók þátt í félagsstörfum í Háskóla Íslands.

Stefnumótun

Í febrúar og mars 2018 vann nefndin að drögum að stefnu SHÍ í atvinnumálum. Þau voru lögð fyrir Stúdentaráð á fundi þann 5. mars og samþykkt einróma. Drögin voru í nokkrum liðum og náðu meðal annars til fræðslu og undirbúnings fyrir atvinnulífið, gagnasöfnun um atvinnumál útskrifaðra nemenda úr HÍ og aukin tengsl háskólans við atvinnulífið.

Fjölskyldunefnd

Skipan nefndar

Fjölskyldunefnd Stúdentaráðs 2017-2018 var skipuð þeim Krístrúnu Helgu Jóhannsdóttur (formaður), Dagbjörtu Katrínu Jónsdóttur, Eydísi Blöndal og Rebekku Ósk Gunnarsdóttur.

Hlutverk

Fjölskyldunefnd fer með hagsmunamál fjölskyldufólks og þeirra stúdenta sem eru foreldrar við Háskóla Íslands. Nefndin berst fyrir því að sérstakt tillit sé tekið til foreldra í námi, hvað varðar námslán og fæðingarorlof sem og önnur mál sem koma að fjölskyldunni.

Starfsárið

Þann 4. október hélt nefndin fjölskylduskemmtun á Stúdentakjallaranum. Það var vel mætt og krakkarnir voru yfir sig sælir þegar goðið þeirra hann Friðrik Dór steig á svið. Krakkarnir voru með stjórnur í augunum yfir þessu öllu saman og voru svo heppin að fá andlitsmálingu, popp og svala. Í febrúar var stærsti viðburður nefndarinnar haldinn, Fjölskyldudagurinn, og var hann vel heppnaður og vel sóttur!

Jafnréttisnefnd

Skipan nefndar

Jafnréttisnefnd Stúdentaráðs 2017-2018 var skipuð þeim Valgerði Hirst Baldurs (formaður), Theodóru Listalín Þrastardóttur, Kristínu Huldu Gísladóttur, Gunnari Karli Haraldssyni og Ásgerði Ólöfu Ásgeirsdóttur.

Starfsárið

Nefndin byrjaði snemma að skipuleggja starfsárið. Á fyrsta fundi nefndarinnar voru helstu áherslumál hvers meðlims rædd og línurnar lagðar fyrir komandi ár í tengslum við hvað við vildum gera og hvernig. Ákveðið var að einbeita sér að bættu aðgengi á Stúdentakjallaranum. Nefndin hélt áfram góðum samskiptum og hittist 1-2 yfir sumarið. Samstarf gekk mjög vel og sýnir það sig í störfum nefndarinnar síðastliðið ár.

Nefndin byrjaði starfsárið með því að funda með upplýsingafulltrúa FS, Rebekku Sigurðardóttur, á Stúdentakjallaranum um aðgengið þar. Rebekka tók vel í athugasemdir okkar og áttum við góðan fund. Eitt af vandamálunum var m.a. að hurðin sem liggur að lyftunni sem fer niður á Stúdentakjallarann læstist fyrir lokun Kjallarans. Þessu var fljótlega kippt í lag og höfum við í nefndinni ekki tekið eftir því að hurðin hafi verið læst eftir þennan fund.

Nefndin tók þátt í Jafnréttisdögum HÍ og var þar hluti af opunarviðburðinum þar sem formaður nefndarinnar hélt erindi um mikilvægi kynlausra rýma og nefndin fræddi síðar fólk um kynsegin málefni á kynseginfræðslu. Einnig stóð nefndin fyrri greinaskriftaátaki sem fjallaði um andleg veikindi, lokapróf og jafnrétti. Til þess að ljúka starfsárinu hélt Jafnréttisnefnd „Litla Jafnréttisdaga“ í Háskólanum með PubQuizzi og myndbandi og pallborði um aðgengi.

Tveir nefndarmeðlimir tóku þátt í rýnihópum, einn um Jafnréttismál innan HÍ og annar um aðgengismál.

Jafnréttisnefnd kom að bæði stefnumótun Stúdentaráðs sem og stefnumótun nýrrar Jafnréttisstefnu HÍ.

Náms- og kennslumálanefnd

Skipan nefndar

Náms- og kennslumálanefnd Stúdentaráðs 2017-2018 var skipuð þeim Jökli Jóhannssyni (formaður), Sigrúnu Jónsdóttur (ritari), Péttri Geir Steinssyni, Kristjönu Björk Barðdal, Aroni Eydal Sigurðssyni, Katrínu Ósk Ásgeirsdóttur, Ágústi Arnari Þráinssyni og Elísu Björgu Grímsdóttur. Nanna Hermannsdóttir sat í nefndinni á tímabilinu ágúst-október 2017 en Elísa Björg tók við af henni í október.

Náms- og kennslumálanefnd SHÍ er skipuð af fulltrúum stúdenta í kennslumálanefndum sviðanna fimm í Háskóla Íslands sem og fulltrúa stúdenta í náms- og kennslumálanefnd háskólaráðs.

Starfsárið

Nefndin starfaði frá 15. ágúst 2017 til 5 mars 2018. Boðað var til níu funda nefndarinnar en haldnir voru sjö fundir á tímabilinu:

15. ágúst 2017

13. september 2017

4. október 2017
25. október 2017
8. nóvember 2017
24. janúar 2018
21. febrúar 2018

Starfar nefndin sem vettvangur þar sem að fulltrúar stúdenta geta rætt þróun mála í kennslumálanefndum, samræmt áhersluatriði og mótað stefnu stúdenta í náms- og kennslumálum.

Á fundum nefndarinnar voru áherslur stúdenta í náms- og kennslumálum rædd, þróun mála nefndanna. Voru drög að náms- og kennslustefnu SHÍ mótuð og málefni stúdenta í náms- og kennslumálanefnd HÍ rædd.

Stefnt var að því að endurverkja örráðstefnuna Kennslumálaping vorið 2018 en það tókst ekki vegna anna nefndarmanna í lok haustannar og byrjun vorannar.

Málefni aðgangs nemenda að gömlum prófum áfanga og námsgöngum áfanga var sérstaklega tekið fyrir með tilliti til upplýsingalaga og framkvæmd HÍ í eftirfylgni laganna. Fundað var með hagsmunaaðilum og er málið í vinnslu hjá skipaðri nefnd Háskóla Íslands.

Rætt var fyrirkomulag skipunar náms- og kennslumálanefndar sem að er þetta er skrifað er skipuð af stúdentaráðsliðum. Skoða á að skipa nefndina sjálfboðaliðum í stað stúdentaráðsliða sökum anna stúdentaráðsliða.

Nemendafélagsnefnd

Skipan nefndar

Nemendafélagsnefnd Stúdentaráðs 2017-2018 var skipuð þeim Jónasi Má Torfasyni (formaður, Félagsvísindasvið), Vigdísi Hafliðadóttur (Hugvísindasvið), Ásthildi Guðmundsdóttur (Menntavísindasvið), Melkorku Mjöll (Verkfræði- og Náttúruvísindasvið) og Guðjóni Trausta Skúlasyni (Heilbrigðisvísindasvið).

Nemendafélagsnefnd SHÍ er skipuð af fulltrúum sviðsráðanna fimm í Stúdentaráði Háskóla Íslands. Nefndin kýs sér formann við upphaf hvers starfsárs.

Starfsárið og tillögur til úrbóta

Í ár var annað starfsár nemendafélagsnefndar. Starf nefndarinnar fór vel af stað, lagt var upp með að hver nefndarfulltrúi myndi í samstarfi við sitt sviðsráð skipuleggja svokallað sviðsþing, en það yrði vettvangur fyrir sviðsráð til að miðla upplýsingum til almennra nemenda á hverju sviði. Heppnaðist það vel. Hins vegar er þörf á að skýra hlutverk nefndarinnar betur. Eins og stendur er þetta eina afmarkaða verkefnið sem nefndin sinnt í ár. Samskipti Stúdentaráðs við nemendafélög hafa mest af farið fram í gegnum sameiginlegs facebook-hóps þar sem fulltrúar Stúdentaráðs og allra nemendafélaga eru í. Þannig fannst nefndinni ekki nauðsynlegt að samskipti milli SHÍ og nemendafélaga færu í gegnum nefndarmeðlim hvers sviðs, enda lengir það

boðleiðir óþarflega. Nefndin er ekki nauðsynleg til þess að skipuleggja sviðsþing eins og greint var frá hér að ofan, en sú skipulagning fór fram í hverju sviðsráði fyrir sig. Sé ætlunin að hafa virkan og framsækin tengilið fyrir öll nemendafélög myndi formaður leggja til að frekar væri hver og einn Stúdentaráðsliði falið að vera tengiliður 2-3 nemendafélaga að hámarki, enda getur það reynst allmikið verk fyrir einn einstakling að halda utan um öll nemendafélög á sínu sviði, sérstaklega ef ætlunin er að virkja samvinnu nemendafélag og Stúdentaráðs til fulls. Lagt er til að Stúdentaráð, stjórn, eða skrifstofa marki nefndinni skýrt hlutverk ellegar setji hugsanleg verkefni hennar í annan farveg.

Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd

Skipan nefndar

Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd Stúdentaráðs 2017-2018 var skipuð þeim Alexöndru Ýr van Erwen (formaður), Daníel G. Daníelssyni, Sindra Frey Guðjónssyni, Rizzu Fay Elíasdóttur, Árna Frey Magnússyni og Jóhönnu Brynjarsdóttur.

Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd SHÍ er skipuð af fjórum fulltrúum fylkinganna í Stúdentaráði og tveimur fulltrúum úr hópi almennra nemenda.

Starfsárið

Starf nefndarinnar fól að mörgu leiti í sér kynningu og fræðslu á nýsköpunarstarfsemi á Íslandi. Með nánu samstarfi við Icelandic Startups, bæði í formi funda og annarra vettvanga, mynduðu nefndarmeðlimir góð tengsl við fólk frá ólíkum áttum nýsköpunarsenunnar og kynntust nefndarmeðlimir starfsemi hennar vel.

Gulleggið

Ásamt nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd SFHR skipaði nefndin verkefnastjórn Gulleggsins þ.e. viðskiptaáætlunarkeppni á vegum Icelandic Startups. Undir leiðslu verkefnastjóra sá verkefnastjórnin um skipulaggingu og framkvæmd á ýmsum liðum nýsköpunarkeppnarinnar. Þrír nefndarmeðlimir sátu í viðburðarteymi, tveir í efnisteymi og einn í markaðsteymi verkefnastjórnarinnar. Þá sá viðburðarteymið um skipulagnignu á hinum ýmsu viðburðum Gulleggsins og hélt utan um skráningu á vinnustofum keppnarinnar. Efnisteymið hélt utan um útsent efni til keppenda og að tryggja upplýsingaflæði á milli allra aðkomenda. Markaðsteymið hélt úti samfélagsmiðlum Gulleggsins.

Slush

Fjórir meðlimir nefndarinnar, þau Alexandra Ýr van Erven, Árni Freyr Magnússon, Daníel G. Daníelsson og Rizza Fay Elíasdóttir, fóru sem sjálfboðaliðar á nýsköpunaráðstefnuna Slush sem haldinn var í Helsinki dagana 30. nóv - 1. des. Á Slush fengu nefndarmeðlimir dýræmtan nasapef af alþjóðlegu nýsköpunar- og frumkvöðlasenunni. Dagskrá Slush samanstóð m.a. af pallaborðsumræðum, fyrirlestrum, kynningum startup-a o.s.frv. Í Helsinki funduðm við einnig með forystufólki Startup Sauna, nýsköpunarnefnd Aalto háskóla, og fræddumst um þeirra vöxt sl. ár og hvernig þau styðja við frumkvöðla innan háskólans.

Student Talks

Stærsta sjálfstæða viðfangsefni nefndarinnar var skipulagning á Student Talks. Student Talks var unnið í samstarfi við nemendur í Kaupmannahafnarháskóla og bar viðburðinn yfirskriftina Women Take The Lead. Jóhanna Brynjarsdóttir sá um verkefnastjórnun Student Talks fyrir hönd nefndarinnar. Þær Elísabet Brynjarsdóttir, Ingigerður Bjarndís Írisar- Ágústsdóttir og Ragna Sigurðardóttir héldu erindi með það að markmiði að veita nemendum Háskólans innblástur í þeim störfum sem þau kunna að taka sér fyrir hendur. Viðburðurinn var haldinn þann 5. apríl í fyrirlestrarsal Veraldar og voru öll sæti upppöntuð. Lagt er til að viðburðurinn verði haldinn árlega.

Önnur verkefni

Önnur verkefni sem nefndin kom að fólu í sér kynningu og markaðsetningu á Startup Reykjavík, grein fyrir Reykjavík City Guide og samantektarefni fyrri Gulleggið. Lagður var grunnur að samstarfi við nemendur Aalto háskóla. Starfshópur var stofnaður og grunnur lagður að nemendadrifnum fjárfestingarsjóði. Starfshópur var einnig stofnaður í kringum sérstakan nýsköpunaráfanga sem stefnt er að verði á námskra vor 2019.

Umhverfis- og samgöngunefnd

Skipan nefndar

Umhverfis- og samgöngunefndar Stúdentaráðs 2017-2018 var skipuð þeim Ara Guðna Haukssyni (formaður), Ragnhildi Önnu Kjartansdóttur (ritari), Sigrúnu Eir Þorgrímsdóttur, Tinnu Örlygsdóttur og Þórhalli Val Benónýssyni.

Starfsárið

Starfsári nefndarinnar var í skipt í tvennt. Á haustönn einbeitti nefndin sér að samgöngumálum og á vorönn var áhersla lögð á umhverfismál.

Hagsmunabarátta

Nefndinni aðstoðaði við uppsetningu Zipcar við Háskóla Íslands. Farið var á fundi þar sem rætt var um staðsetningu, markaðsherferðir og hvað Zipcar fæli í sér fyrir nemendur og starfsfólk Háskóla Íslands. Nefndin gat komið því að hvar hún teldi að besta staðsetningin væri fyrir bílana og hvernig hún teldi besta að auglýsa deilibíla kerfið.

Nefndin var einnig í talsverðu sambandi við Strætó BS og kom því í gegn að boðið yrði upp á sex mánaða stúdentakort, í stað tólf mánaða kortanna sem voru í boði fyrir. Strætó BS og Zipcar höfðu samstarf þetta árið og tók nefndin þátt í markaðsherferð þeirra.

Viðburðir

Samgöngudagur 7. nóvember

Umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ hélt í fyrsta sinn Samgöngudag SHÍ. Zipcar og Strætó BS kynntu starfsemi sína, nýtt sex mánaða kort og voru með lukkuhjól fyrir alla nýskráða meðlimi. Hjólaferni kynnti sína starfsemi á HT og voru Björn Teitsson og Þorsteinn R. Hermansson, samgöngustjóri Reykjavíkurborgar, komu fram og ræddu samgöngumál innan Reykjavíkur og Borgarlínuna. Strætó BS

bauð þá nemendum frítt í strætó þennan daginn gegn framvísun stúdentakorts (einnig HR)
Nefndinni finnst að auglýsa mátti daginn betur (aðeins auglýst á facebook), en þrátt fyrir það var hann vel heppnaður.

Umhverfisdagar 5.-8. mars

Strætó BS var með kynningu um samstarfinu við Zipcar. Heimildamyndin *Draumalandið* (Þorfinnur Guðnason og Andri Snær Magnússon, 2010) var sýnd á Stúdentakjallaranum mánudaginn 5. mars. Á miðvikudeginum kom umhverfiráðherra Íslands, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, og var með erindi um stöðu umhverfismála á Íslandi og Þorbjörg Sandra Bakke, verkefnastjóri sjálfbærni- og umhverfismála Háskóla Íslands, var með erindi um stöðu umhverfismála innan skólans. Fókusinn var á hver er staða Íslands í umhverfismálum og hvað HÍ getur gert betur í umhverfismálum. Eftir erindi þeirra var skipt í umræðuhópa þar sem rætt var um hvað háskólinn gæti gert til þess að bæta sig í þessum málum. Fimmtudaginn var síðan markaður á Háskólatorgi. Þá voru nemendur og starfsfólk hvatt til að mæta með föt, skó og fylgihluti sem voru ekki lengur í notkun, skilja eftir og/eða taka með sér föt heim. Hugmyndin á bakvið viðburðinn var að vekja fólk til umhugsunnar um neyslu sína og endurnýtingu. – Eins manns rusl er annars manns fjársjóður. Það sem eftir var fór nefndin með í Rauða Krossinn. Einnig var bás þar sem fólk seldi vörur sínar sem koma í stað sambærilegra einnota vara. Dagarnir gengu vel og ágætlega var mætt á málþingið og áhugi á fataskiptamarkaðinum var mikill. En einhverjar spurningar voru um hvort þetta yrði aftur daginn eftir eða aftur þessa önnina, sem var ekki í þessu tilfalli. Telur nefndin að betri þátttaka yrði ef fataskiptamarkaðurinn væri haldinn yfir tvo daga eða jafnvel tvisvar á skólaári. Einnig var nefndin með snapchat aðgang Háskóla Íslands þar sem við kynntum dagana, fórum yfir hluti sem fólk gæti auðveldlega breytt í daglegu lífi til þess að lifa umhverfisvænni lífstíl og þess háttar. Áhugi inn á Snapchat var mikill og var fólk virkt í að senda inn skilaboð og spurningar.

Hjólað í Háskólann

Keppnin var haldin vikuna 9.-13. apríl og heppnaðist vel!

Starfshópar Stúdentaráðs

Starfshópur SHÍ um endurskoðun laga SHÍ

Á fyrsta fundi Stúdentaráðs 4. apríl 2017 var samþykkt að setja á fót starfshóp um heildarendurskoðun laga Stúdentaráðs. Slík heildarendurskoðun hafði síðast farið fram árið 2013 þegar skipulag Stúdentaráðs tók miklum breytingum, m.a. með stofnun sviðsráða. Talið var fullt tilefni til að endurskoða lögin aftur með heildstæðum hætti á þessum tímapunkti, enda komin nokkur reynsla á lögin og ljóst að ýmsar breytingar væru nauðsynlegar. Hópurinn var skipaður Stúdentaráðsliðunum Jónasi Má Torfasyni, Katrínu Ósk Ásgeirsdóttur, Nönnu Hermannsdóttur, Péttri Geir Steinssyni og Tómasi Viðari Sverrissyni, ásamt hagsmunafulltrúa Stúdentaráðs, Sigmari Aroni Ómarssyni, sem stýrði vinnu starfshópsins. Hlutverk starfshópsins var að vinna að heildarendurskoðun laga SHÍ, með það fyrir augum að gera þau skýrari og aðgengilegri og sníða af þeim ýmsa vankanta. Gert var ráð fyrir að starfshópurinn hvetti til umræðna í Stúdentaráði um tillögur sínar.

Fljótlega var ljóst að hópnum væri ætlað mjög umfangsmikið verkefni og því var ákveðið að forgangsraða yfirferðinni. Starfshópurinn byggði á niðurstöðum stefnumótunarhelgi Stúdentaráðs þar sem ein vinnustofan bar heitið „Skipulag Stúdentaráðs“ en þar voru ræddar áskoranir í tengslum við innra skipulag Stúdentaráðs og mögulegar lausnir á þeim. Meðal þess sem þar kom fram var óánægja með fyrirkomulag skiptafundar SHÍ og þess ósamræmis sem gætti í lögum ráðsins um hann. Því var ákveðið að setja lagabreytingar varðandi fyrirkomulag skiptafundar í forgang. Þó voru einnig lagðar til nokkrar aðrar breytingar sem taldar voru nauðsynlegar.

Breytingartillögurnar sem starfshópurinn lagði fram voru alls 20 og vörðuðu eftirfarandi greinar laga Stúdentaráðs:

1. 6. gr. um að fulltrúi stúdenta í háskólaráði tæki ekki jafnframt sæti í Stúdentaráði.
2. 45. gr. um málfrelsi og tillögurétt fulltrúa stúdenta í háskólaráði á fundum Stúdentaráðs.
3. 67. gr. um fyrirkomulag kosningar fulltrúa stúdenta í háskólaráði.
4. 5. gr. um tímasetningu skiptafundar Stúdentaráðs.
5. 15. gr. um starfstíma sviðsráða.
6. 17. gr. um sérstakan kjörfund Stúdentaráðs.
7. 18. gr. um sérstakan kjörfund Stúdentaráðs.
8. 19. gr. um brottfall reglna um tengiliði við nemendafélög í ljósi tilkomu nemendafélagsnefndar.
9. 20. gr. um fastanefndir Stúdentaráðs.
10. 21. gr. um upphaf starfsárs fastanefnda Stúdentaráðs.
11. 27. gr. um varafulltrúa Stúdentaráðs í stjórn LÍN.
12. Ný grein um fulltrúa Stúdentaráðs í stúdentaráði Aurora samstarfsnetinu.
13. Ný grein um fulltrúa Stúdentaráðs í fulltrúaráði LUF.
14. 11. gr. um ábyrgð formanns Stúdentaráðs á gerð og kynningu ársskýrslu Stúdentaráðs.

15. 37. gr. um tímasetningu kynningar framkvæmdastjóra Stúdentaráðs á ársreikningum ráðsins.
16. 12. gr. um ályktanir Stúdentaráðs.
17. 16. gr. um skipan fulltrúa stúdenta í Vísindanefnd Háskóla Íslands í samstarfi við FEDON.
18. 7. gr. um verklagsreglur sviðsráða.
19. 31. gr. um verklagsreglur stjórnar Stúdentaráðs.
20. Ný grein til bráðabirgða um fyrirkomulag skiptafundar árið 2018.

Auk þess að leggja fram ofangreindar breytingartillögur á lögum Stúdentaráðs samdi starfshópurinn tillögur til breytinga á lögum Stúdentasjóðs. Tillögurnar voru alls 13 og við samningu þeirra var byggt á hugmyndum frá Jakobi Eiríkssyni Schram, formanni stjórnar Stúdentasjóðs 2016-2017 og Pétri Marteini Ubancic Tómassyni sem sat í stjórn sjóðsins 2015-2016. Helstu breytingar fólust í að skýra það hlutverk sjóðsins að styðja við starfsemi stúdenta og félaga stúdenta innan Háskóla Íslands. Þá voru möguleikar alþjóðlegra félaga stúdenta til að sækja um fasta styrki auknir, opnað var fyrir rafrænar styrkumsóknir og almenn regla um hæfi stjórnarmanna sjóðsins fest í lög.

Starfshópur SHÍ um endurskoðun laga um LÍN

Í upphafi haust annar 2017 var stofnaður starfshópur sem var tileinkaður málefnum Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs og formaður fjármála- og atvinnulífsnefndar SHÍ fóru fyrir hópnum. Hópurinn átti að taka á tilvonandi lánasjóðsfrumvarpi. Eftir að ráðið sá fram á að ekkert lánasjóðsfrumvarp yrði lagt fram á starfsárinu, breytti hópurinn um sýn og einbeitti sér að mynda stefnu SHÍ í lánasjóðsmálum. Í lok starfsárs lagði hópurinn fram greinagóða stefnu sem var samþykkt af Stúdentaráði.

Starfshópurinn fundaði formlega fimm sinnum á tímabilinu ágúst fram í janúar 2018. Ragnar Auðun Árnason, lánasjóðsfulltrúi og Ester Hallsdóttir, formaður fjármála og atvinnulífsnefndar fóru fyrir hópnum en auk þeirra sátu fimm manns í hópnum þau; Katrín Ósk Ásgeirsdóttir, Sandra Silfá Ragnarsdóttir, Pétur Geir Steinsson, Tómas Viðar Sverrisson og Nanna Hermannsdóttir. Þá fengu meðlimir í hópnum einnig stutta kynningu á hverjum fundi um stöðu mála í lánasjóðnum frá lánasjóðsfulltrúa og hvernig hans daglega starf væri í grófum dráttum.

Sú stefna sem hópurinn lagði að lokum fyrir Stúdentaráð í febrúar, var byggður á þeim umræðum sem höfðu skapast í stefnumótunarferð SHÍ sumarið 2017.


Stefna starfshópsins var samþykkt af Stúdentaráði með smávægilegum breytingum.

Herferðir Stúdentaráðs

Stúdentaráð stóð fyrir nokkrum herferðum á starfsárinu ýmist til að vekja athygli á hagsmunamálum stúdenta og/eða beita stjórnvöldum þrýsting til að setja málefni stúdenta á oddinn. Samantektir af helstu herferðum ráðsins eru að finna hér fyrir neðan.

Hagsmunir nemenda í prófatíð

Stúdentaráð vakti athygli að ýmsum hagsmunamálum stúdenta í prófatíðinni í desember. Kubbar voru settir á Facebook síðu ráðsins og á samfélagsmiðlum þar sem greint var frá réttindum stúdenta til aðgangs að gömlum prófum, notkunar prófnúmera og reglur varðandi einkunnaskil og prófsýningar. Eins og alla daga ársins aðstoðaði hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs nemendur við að leitar réttar síns þar sem talið var að á honum væri brotið.



Fjármál stúdenta

Í janúar 2018 efndi Stúdentaráð til átaks um fjármál stúdenta. Með áttakinu vakti Stúdentaráð athygli á því að framfærsla námsmanna á námslánum hjá LÍN hefur ekki haldið í við hækkanir á leiguverði og frítekjumark ekki haldið í við almenna launapróun.

Plaköt voru birt á strætóskýlum, á samfélagsmiðlum og vöktu mikla athygli. Her fyrir neðan má sjá texta sem birtust með myndunum á samfélagsmiðlum.

Mynd 1: Grunnframfærsla námslána til einhleyps námsmanns í leigu- eða eigin húsnæði er 177.107 kr. á mánuði. Af einhverjum ástæðum er sú framfærsla sem námsmenn fá að láni til að framfleyta sér töluvert lægri en tekjur og bætur til annarra samfélagshópa. Til samanburðar eru grunnatvinnuleysisbætur 227.417 kr. á mánuði og lágmarkslaun 280.000 kr. á mánuði, en munu hækka í 300.000 á mánuði þann 1. maí 2018.

Mynd 2: Leiguverð á á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 13% milli ára 2016 og 2017 samkvæmt tölum frá Hagstofunni. Nýlega kynnti Byggingarfélag og Félagsstofnun stúdenta hefur þurft að hækka leigu um rúm 10% á síðustu tveimur árum. Á sama tíma hefur LÍN hækkað húsaleigugrunn námslána um 2,5%. Framfærsla námsmanna á námslánum heldur því




Mynd 1. Grunnframfærsla námslána samanborin við lágmarkslaun og grunnatvinnuleysisbætur.

engan vegin í við hækkun leiguverðs. Einungis um 9% námsmanna hafa aðgang að stúdentaíbúð, aðrir leigja á almennum leigumarkaði, kaupa eigin fasteign eða þurfa að treysta á ættingja og vini.

Mynd 3: Samkvæmt viðmiðum evrópsku hagstofunnar, Eurostat, sem Íbúðalánasjóður notast við, telst húsnæðiskostnaður verulega íþyngjandi ef hann fer yfir 40% af ráðstöfunartekjum. Námsmaður á námslánnum, miðað við nýjustu tölur um meðaltekjur námsmanna á námslánnum á Íslandi, sem leigir tveggja herbergja 66 fm íbúð á höfuðborgarsvæðinu á meðalverði er með húsnæðiskostnað upp á 56%. Það yfir langt yfir þeim mörkum sem teljast verulega íþyngjandi.



Mynd 3. Húsnæðiskostnaður námsmanna sem hlutfall af ráðstöfunartekjum.



Mynd 4: Framfærsla námsmanna er ekki aðeins lág. Hún skerðist töluvert þegar námsmenn reyna að vinna sér upp í þær ráðstöfunartekjur sem aðrir hafa. Frítekjumark námslána er 930.000 kr. á ári. Ef farið er fram yfir frítekjumark skerðast námslánin um 45 kr. fyrir hverjar 100 kr. sem námsmaður þénar umfram frítekjumarkið á ársgrundvelli. Frítekjumarkið hefur ekki hækkað síðan árið 2014 þegar það var hækkað úr 750.000 kr. Frá árinu 2014 hafa laun í landinu hins vegar hækkað um 32% samkvæmt launavísitölu Hagstofunnar.

Meðaltekjur námsmanna á námslánnum hjá LÍN á Íslandi voru þá um 1,3 milljónir króna á ári.



Mynd 4. Hækkun frítekjumarks námslána frá árinu 2014 samanborið við meðalhækkun launa frá 2014.

Fjármögnun háskólastigsins

Stúdentaráð lagði mikla áherslu á fjármögnun háskólastigsins á starfsárinu. Í upphafi starfsársins fundaði forysta ráðsins með allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis og síðar með fjármálaráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra vegna þeirrar viðvarandi undirfjármögnunar háskólastigsins sem hefur haft áhrif á nemendur og gæði náms þeirra undanfarin ár og áratugi.

Þegar fjárlög voru lögð fram að hausti efndi Stúdentaráð til átaks og birtust greinar eftir Stúdentaráðsliða, plaköt á strætóskýlum og myndir á samfélagsmiðlum af fjármögnun háskólastigsins á Íslandi samanborið við fjármögnun annars staðar á Norðurlöndunum.

Ríkisstjórnin sprakk stuttu eftir að átakið hófst en þá nýtti Stúdentaráði sér kosningar til Alþingis og hrinti af stað átaki á ný, og þá í samstarfi við öll hagsmunasamtök háskólanema á Íslandi. Átakið bar heitið #kjóstumenntun og var markmið þess að vekja athygli á stöðu háskólanna í kosningum til Alþingis sem fram fóru 28. október 2017. Stúdentaráð efndi til átaks í greinarskrifum og skrifuðu allir formenn sviðsráða greinar sem birtust á vef Vísis auk þess sem ráðið útbjó kubba sem var dreift á samfélagsmiðlum. Fulltrúar allra aðildarféлага LÍS - Landssamtaka íslenskra stúdenta tóku einnig þátt í átakanu og stúdentum tókst svo sannarlega að koma fjármögnun háskólastigsins inn í umræðuna fyrir alþingiskosningar.

Stúdentaráð og LÍS - Landssamtök íslenskra stúdenta héldu síðan opinn fund með fulltrúum þeirra flokka sem buðu fram til Alþingis um stöðu háskólanna og námsmanna svo ekki var þverfótað á Háskólatorgi.



#kjóstumenntun

Ísland
2,3 milljónir kr.

Finland
3,7 milljónir kr.

Danmörk
4,8 milljónir kr.

Þú færð helmingi minna en á Norðurlöndunum

Noregur
4,7 milljónir kr.

Svíþjóð
4,4 milljónir kr.



www.student.is/fjarmognun

Á Norðurlöndunum eru hollidartekjur háskóla á ársnema að meðaltali 4,4 milljónir kr. á ári. Á Íslandi eru þær aðeins 2,3 milljónir.

Opnunartími bygginga

og mótmælum stúdenta á skertum opnunartíma bygginga Háskóla Íslands. Umrædd stytting á opnunartíma bygginga sem tekið hafði gildi í febrúar 2017 var í kjölfar athugasemda nýs Stúdentaráðs dregin til baka út vorið 2017. Að auki var hafist handa við að auka aðgang nemenda að Háskólabyggingum. Fulltrúar skrifstofu SHÍ funduðu með ýmsum aðilum innan Háskólans og þann 16. febrúar 2018 var loksins tilkynnt að í kjölfar ábendinga frá SHÍ myndu rafræn aðgangskort veita aukinn aðgang að háskólabyggingum. Kortin sem veittu áður aðgang að einni heimabyggingu veita nú aðgang að Háskólatorgi auk heimabyggingar að eigin vali. Þessi smái sigur er einn liður í því að auka aðgang nemenda að lærdómsaðstöðu innan HÍ - vonin er að einn daginn veiti kortin sólarhringsaðgang að byggingum Háskólans.

Stefnumótun Stúdentaráðs

Stúdentaráð lagði strax um sumarið 2017 drög að vinnu við gerð stefnu Stúdentaráðs í hinum ýmsu hagsmunamálum stúdenta. Farið var í stefnumótunarferð á Hvanneyri 8. og 9. júlí þar sem málefnaþópar unnu að gerð nýrrar stefnu fyrir ráðið. Skýrsla um stefnumótunarferð SHÍ má finna í Viðauka C.

Sjóðir Stúdentaráðs

Stúdentasjóður

Stúdentaráð skipar á ári hverju stjórn Stúdentasjóðs sem úthlutar styrkjum til stúdenta samkvæmt lögum Stúdentasjóðs. Formaður stjórnar Stúdentasjóðs starfsárið 2017-2018 var Jóna Þórey Pétursdóttir. Ársskýrslu stjórnar Stúdentasjóðs 2017-2018 má finna í Viðauka D.

Hrafnelssjóður

Formaður Stúdentaráðs er formaður stjórnar Hrafnelssjóðs. Ekki hafði verið úthlutað úr Hrafnelssjóði frá 2013 þegar nýtt Stúdentaráð tók við. Fundað var þrisvar yfir starfsárið í stjórn sjóðsins og var ákveðið að úthluta styrk árið 2018. Nýtt Stúdentaráð auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum um vorið 2018 og stjórn Hrafnelssjóðs úthlutar styrkjum þann 13. ágúst 2018.

Kjörstjórn og kosningar 2018

Kjörstjórn Stúdentaráðs 2018

Kjörstjórn Stúdentaráðs 2018 skipuðu Kristján Orri Víðisson (formaður), Snorri Sigurðsson, Iðunn Garðarsdóttir og Elín Jónsdóttir. Skýrslu kjörstjórnar er í Viðauka E.

Viðauki A

Á starfsárinu var stöðu hagsmuna- og lánasjóðsfulltrúa skipt í tvennt eins og lagt hafi verið til af fyrri Stúdentaráðum. Hér fyrir neðan má finna stuttar samantektir á störfum þeirra.

Starf hagsmunafulltrúa

Sigmar Aron Ómarsson, laganemi, gengdi stöðu hagsmunafulltrúa SHÍ starfsárið 2017-2018.

Erindi

Hagsmunafulltrúa Stúdentaráðs berast á hverju ári fjölmörg erindi frá stúdentum sem þurfa á aðstoð eða leiðbeiningum að halda varðandi réttindi sín tengd námi við Háskóla Íslands. Þetta starfsár var þar engin undantekning.

Alls bárust 61 erindi sem kröfðust aðgerða eða skoðunar af hálfu hagsmunafulltrúa auk fjölda annarra smærri fyrirspurna. Erindin bárust frá nemendum af öllum fimm fræðasviðum Háskólans og voru mjög misstór að umfangi. Að sama skapi var aðstoð hagsmunafulltrúa í málunum mjög misjöfn, allt frá einföldum tölvupóstsendingum til sáttafunda og aðstoðar við stjórnsýslukærur.

Ljóst er að mun fleiri stúdentar lenda í vandræðum í tengslum við nám sitt við Háskólann, en þeir sem leita til Stúdentaráðs og fá aðstoð hagsmunafulltrúa. Í samtölum hagsmunafulltrúa við nemendur kom skýrlega í ljós að margir vissu ekki af þessari þjónustu sem Stúdentaráð heldur úti fyrr en þeir lentu í vandræðum. Það er miður og full ástæða til að vinna áfram að því að auka sýnileika hagsmunafulltrúa Stúdentaráðs svo fleiri geti nýtt sér þjónustu hans.

Áminningar um réttindamál

Á skólaárinu sendi Stúdentaráð frá sér áminningar á samfélagsmiðlum og í gegnum tölvupóst til nemenda um ýmis réttindi tengd námi. Fyrir lokapróf voru nemendur m.a. minntir á reglur um prófnúmer, sjúkra- og endurtökupróf, prófdómara prófsýningu og einkunnaskil, en forsenda þess að nemendur geti nýtt sér þau úrræði sem í boði eru í Háskólanum er að þeir viti af þeim og þekki þær reglur sem um þau gilda. Hugmyndin með fyrrgreindum áminningum var að auka vitund nemenda um réttindi sín innan skólans og gera þeim betur kleift að gæta eigin hagsmuna, sérstaklega í prófatíð.

Aðgangur að eldri prófum

Töluverð umræða hefur verið um aðgang að eldri prófum í námskeiðum við skólann og sérstaklega í tengslum við prófundirbúning. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 er það meginregla að stjórnvöldum ber að veita aðgang að fyrirliggjandi gögnum, nema aðgangur að þeim sé takmarkaður með lögunum. Slík takmörkun er fyrir hendi varðandi próf en skv. 5. tölulið 1. mgr. 10. gr. laganna er heimilt að takmarka aðgang að prófum á vegum hins opinbera ef þau yrðu þýðingarlaus eða skiluðu ekki tilætluðum árangri væru þau á almannavitorði. Það er alveg ljóst að lokapróf í háskólanum yrðu þýðingarlaus ef þau væru fyrirfram á almannavitorði. Hins vegar fellur þessi takmörkun á aðgangi að prófum brott skv. 2. tölulið 1. mgr. 12. gr. upplýsingalaga þegar prófum er lokið.

Þetta hefur í réttarframkvæmd verið túlkað þannig af úrskurðarnefnd um upplýsingamál, sem hefur það hlutverk að leysa úr ágreiningi um aðgang að upplýsingum á grundvelli upplýsingalaga, að afhenda beri gömul próf eftir að þau hafa verið þreytt, sé þess óskað. Til marks um það má sjá úrskurði úrskurðarnefndarinnar nr. 73/1999, 622/2016 og nú síðast nr. 710/2017.

Þetta felur ekki í sér að skólanum sé skylt að birta öll gömul próf fyrir fram, t.d. í prófabanka Uglu. Ef nemandi óskar hins vegar eftir því að fá aðgang að gömlu prófi verður skólinn, miðað við framangreint, að verða við þeirri beiðni. Það hefur ekki alltaf verið raunin þegar slíkar beiðnir koma fram og því áttu fulltrúar Stúdentaráðs nokkra fundi með starfsmönnum Háskólans til að ræða þessi mál. Fulltrúar Stúdentaráðs fóru á þeim fundum yfir sjónarmið stúdenta og lögðu áherslu á að Háskólinn mótaði sér verklagsreglur svo tryggja mætti að unnið væri í samræmi við upplýsingalög innan skólans.

Ljóst er að mjög deildar meiningar eru um ágæti þess að veita aðgang að gömlum prófum og töluverð óánægja meðal kennara með að þurfa að gera það. Miðað við núverandi réttarástand eru ofangreindar reglur hins vegar alveg skýrar.

Prófnúmer

Hagsmunafulltrúi gerði könnun á notkun prófnúmera í öllum deildum Háskóla Íslands á vormánuðum 2017. Neðangreindar spurningar voru sendar öllum deildarforsetum og deildarstjórum við skólann:

1. *Hvernig er notkun prófnúmera háttað í deildinni?*
2. *Hefur deildin sett sér reglur um undanþágu frá meginákvæði 3. mgr. 58. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009, og sé svo, hvernig hljóða þær?*

Svör bárust frá öllum deildum nema Sálfræðideild og var því stuðst við upplýsingar frá nemendum úr deildinni. Niðurstöður könnunarinnar eru þær að prófnúmer eru alltaf notuð í skriflegum prófum í þremur deildum; Lagadeild, Læknadeild og Tannlæknadeild. Samkvæmt svörum Hjúkrunarfræðideildar og Matvæla- og næringarfræðideildar er það meginregla að notast sé við prófnúmer í deildunum en í öðrum deildum telst það til undantekninga að prófnúmer séu notuð eða þau aldrei notuð.

Helstu rök fyrir notkun prófnúmera eru að tryggja gagnvart nemanda að yfirferð kennara á prófverkefni sé hlutlaus. Stúdentaráð hefur heyrt dæmi þess að nemendur veigri sér við því að gagnrýna kennara eða námskeið þar sem viðkomandi kennari muni síðar gefa nemandanum einkunn. Prófnúmerum er ætlað að koma í veg fyrir að slík staða komi upp.

Í svörum deildanna eru ýmsar ástæður nefndar fyrir því að prófnúmer eru ekki notuð. Algengt er að vísað sé til þess að ekki sé hægt að færa inn mismunandi námsmatsþætti á Uglu undir mismunandi auðkennum. Ef námsmat er fjölbreytt, sem hefur verið stefna Háskólans og Stúdentaráðs, sé því ekki hægt að notast við prófnúmer. Í þeim deildum þar sem notuð eru prófnúmer hefur það verið í höndum starfsmanna deildanna að para saman einkunnir undir mismunandi auðkennum fyrir mismunandi námsmatsþætti. Slíkt er að sjálfsgöðu ekki tækt til lengri tíma og því hefur Stúdentaráð beitt sér fyrir því að kennurum verði gert kleift að setja inn

mismunandi námsmatsþætti undir mismunandi auðkennum í Uglu, án þess að þurfa að para slíkt saman handvirkt, svo tryggt sé að prófnúmer haldist nafnlaus.

Hagsmunafulltrúi átti fundi með aðstoðarrektor kennslu og þróunar og sviðsstjóra kennslusviðs í upphafi starfsárs og kynnti niðurstöður könnunarinnar. Þeim voru jafnframt kynnt sjónarmið Stúdentaráðs í málinu en ljóst er að notkun prófnúmera er umdeild meðal starfsmanna skólans.

Starf lánasjóðsfulltrúa

Ragnar Auðun Árnason, stjórn málafræðinemi, gengdi stöðu lánasjóðsfulltrúa SHÍ starfsárið 2017-2018.

Lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs heldur úti ráðgjafþjónustu fyrir nemendur Háskóla Íslands sem leita til Stúdentaráðs vegna námslánsins síns og hélt úti þeirri þjónustu á skrifstofu SHÍ. Þá hóf Lánasjóðsfulltrúi einnig samstarf við Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri (FSHA) nú SHA að um hann yrði einnig fulltrúi þeirra innan stjórnar LÍN og að hann veiti nemednum HA sömu þjónustu og nemendum HÍ. Stjórn LÍN samþykkti það einróma og því ber Lánasjóðsfulltrúa SHÍ einnig skylda að þjónusta stúdenta við HA. Það samstarf gekk vel þetta fyrsta ár og er mikilvægt skref í samstarfi við SHA, þá er einnig mjög mikilvægt að nemendur við HA fá þjónustu er varðar lánasjóðsmál og eigi rödd innan stjórnar LÍN.

Alls leituðu 42 námsmenn til lánasjóðsfulltrúa á síðasta starfsári (frá mars 2017- mars 2018) vegna lánasjóðsmála. Flest mál snéru að útborgun námslána eða 19 mál, 12 mál snéru að réttindum stúdenta vegna veikinda, 5 mál vörðuðu rétt til námsláns, 4 mál voru almennar spurningar sem snéru að lánasjóðnum og 2 vörðuðu endurgreiðslur.

Þá sótti lánasjóðsfulltrúi einnig alla stjórnarfundir LÍN á tímabilinu júlí. 2017 - júní 2018 þá sat lánasjóðsfulltrúi ásamt stjórnarformanni LÍN í endurgreiðslumálanefnd LÍN. Alls skilaði Stúdentaráð inn einni umsögn um lagafrumvarp sem fjallaði um málefni LÍN, en það var frumvarp um lánshæfi frumgreinanáms.

Þá reyndi lánasjóðsfulltrúi að halda kynningar fyrir stúdentaráðsliða um lánasjóðinn í þeim tilgangi að fræða þá um eitt helsta hagsmunamál stúdenta. Yfir árið hélt lánasjóðsfulltrúi tvær kynningar fyrir SHÍ um lánasjóðinn, auk þess hélt lánasjóðsfulltrúi einnig kynningu á LÍN fyrir LÍS (Landssamtök íslenskra stúdenta) og SHA (Studentafélag Háskólans á Akureyri).

Viðauki B

Ársskýrslur sviðsráða

Ársskýrsla sviðsráðs Félagsvísindasviðs

Í sviðsráði Félagsvísindasviðs starfsárið 2017-18 sátu Nanna Hermannsdóttir (Röskva), Katrín Ósk Ásgeirsdóttir (Vaka), Jónas Már Torfason (Röskva), Esther Hallsdóttir (Vaka), Elísa Björg Grímsdóttir (Röskva), Bjarni Halldór Janusson (Vaka) og Freyja Ingadóttir (Röskva). Varamenn voru (í stafrófsröð): Elísabet Inga Sigurðardóttir (Vaka), Fanndís Birna Logadóttir (Röskva), Guðjón Björn Guðbjartsson (Röskva), Jón Axel Sellgren (Röskva), Kristín Una Pétursdóttir (Vaka), Krístrún Helga Jóhannesdóttir (Vaka) og Vaka Lind Birkisdóttir (Röskva). Formaður ráðsins var Nanna Hermannsdóttir sem sat jafnframt í stjórn félagsvísindasviðs (FVS) og stjórn Stúdentaráðs (SHÍ). Elísa Björg Grímsdóttir var varamaður hennar í stjórn FVS og SHÍ. Enginn gaf kost á sér sem ritara ráðsins.

Sendur var póstur á alla nemendur sviðsins í með hjálp Kolbrúnar Eggertsdóttur (kolbeigg@hi.is), kennslustjóra sviðsins, þar sem auglýst var eftir fulltrúa nemenda í nefndir sviðsins. Elísa Björg Grímsdóttir var valin í kennslumálanefnd FVS og Helena Davidsen í jafnréttisnefnd FVS.

Í byrjun starfsársins var sett upp aðgerðaráætlun og tókst að framfylgja henni. Sviðsráð mun skilja eftir Google Drive með öllum helstu upplýsingum og gögnum starfsársins.



Undirfjármögnun háskólastigsins

Í byrjun starfsársins sendi formaður á alla deildarforseta sviðsins og sviðsforseta beiðni um upplýsingar um hvaða áhrif undirfjármögnun háskólastigsins hefur haft á sviðið. Svör bárust frá flestum og má finna þau á Sviðsráðs-driveinu. Farið var yfir

niðurstöðurnar á sviðsráðsfundi og á fundi stjórnar SHÍ. Einnig var fór SHÍ í greinaskriftaáttak í samstarfi við Landssamtök íslenskra stúdenta (LÍS). Nanna Hermannsdóttir tók þátt í því fyrir hönd sviðsráðs FVS. Greinina má finna hér: <http://www.visir.is/g/2017171009239>.

Kynjafræði

Sviðsráð Félagsvísindasviðs hefur unnið að því síðan haustið 2015 að efla kynjafræðinám innan Háskólans Íslands, m.a. til að stúdentar geti öðlast kennsluréttindi í faginu og að námið verði samþykkt sem aðalgrein í grunnnámi.

Í samráði við forsvarsmenn kynjafræðinnar innan Háskólans gerðu fulltrúar sviðsráðs 2016-17 rafræna skoðanakönnun meðal framhaldsskólanema um allt land. Niðurstöðurnar gáfu góða mynd af eftirspurn eftir náminu og er áhuginn mikill.

Þegar sviðsráðið tók við störfum var sendur póstur á Elvu Ellertsdóttur, deildarstjóra Stjórn málafræðideildar, til þess að athuga hver staðan væri á málinu. Þá kom í ljós að stjórn málafræðideildin hafði ekki samþykkt að námsleiðin yrði undir deildinni, en gengið hafði verið út frá því við vinnslu málsins. Leiðin sem hefur verið ákveðið að fara er að námið verði gert þverfaglegt og unnið í samsstarfi með mennta- og hugvísindasviði.

Síðastliðið ár hefur Elísa Björg Grímsdóttir og Freyja Ingadóttir haldið þessu máli til streitu og verið öflugt þrýstiafl fyrir hönd stúdenta. Þær hafa fundað með forsvarsmönnum kynjafræðinnar, sviðsforseta og kennslustjóra sviðsins. Málið mun verða lagt til samþykktar inná deildarfundum stjórn málafræðideildar. Einnig verður lagt til að námið verði samþykkt sem kennsluréttindarhæft mastersnáms af hálfu Menntavísindastofnunar.

Jafnréttisnefnd FVS

Samskipti sviðsráðs við hana voru engin en í lok starfsársins komumst við að því að fulltrúi nemenda í nefndinni hefði þurft að hætta og ekki var óskað eftir nýjum fulltrúa nemenda í nefndina.

Við hvetjum nýtt sviðsráð því til þess að efla samskipti sín við fulltrúa nemenda innan nefndarinnar.

Kennslumál

Elísa Björg sat í kennslunefnd FVS fyrir hönd nemenda og kom þar fram sjónarmiðum stúdenta.

Ýmis málefni er varða kennslu hafa verið rædd undanfarna mánuði. Upptaka á lotukennslu var staðfest í meistaranámi í Viðskiptafræði og mun Hagfræðideild einnig koma til með að taka upp þetta fyrirkomulag í MA námi, en nemendur hafa kallað eftir þessu lengi.

Húsnæðismál kennslu hafa verið til umræðu en kennslunefnd hefur áhyggjur af því að kennsluaðstaða bjóði ekki upp á mikinn sveigjanleika og fjölbreytni í kennslu eins og stefna háskólans um fjölbreytta kennsluhætti gerir ráð fyrir.

Til umræðu hefur einnig verið námskeiðsvefurinn Ugly og hvort vefurinn uppfylli þær kröfur sem góður námskeiðsvefur þarf að hafa - vefurinn nýtist sem upplýsingagátt fyrir nemendur en býður ekki upp á stuðning við fjölbreytta kennsluhætti og námsmat til að mynda jafningjamat. Kennarar hafa þá notast við Moodle en þykir ekki æskilegt að vinna í tveimur kerfum og einnig nota kennarar Moodle á mjög ólíkan hátt sem eykur á ósamræmi.

Innleiðing á rafrænni próföku er hafin við lagadeild og áætlað er að færa út í fleiri deildir um leið og reynsla er komin. Háskólinn hefur fest kaup á tölvukerfi sem gerir nemendum kleift að mæta með eigin tölvu í próf og taka þannig prófið. Mikilvægt er að halda áfram þrýstingi á skólayfirvöld til að fá þetta í gegn í öðrum deildum sviðsins.

Könnun um kennslu frá Háskólanum í Bergen var yfirferð á Háskóla Íslands og miðaði að bæði kennurum og nemendum. Vorþing FVS var í fyrsta sinn haldið með nemendum og heppnaðist það afar vel. Niðurstöður kennslukönnunar voru kynntar og kom þar í ljós mikil gjá á milli upplifun nemenda og kennara á eigin kunnáttu í ýmsum greinum. Þema þingsins var „Hvað eru gæði í kennslu“ og voru fundarmönnum skipt upp á sex borð þar sem mismunandi sjónarhorn á kennslu voru tekin fyrir og útgangspunkturinn á hverju borði var hvað teljast vera gæði í þeim málaflokki.

Fulltrúaráð

Fulltrúaráð Félagsvísindasviðs var formlega endurstofnað í mars 2018 að frumkvæði sviðsráðs. Lög þess og öll gögn má finni inn á Sviðsráðs-driveinu. Samkvæmt þeim skal fulltrúi sviðsráðs í fulltrúaráðinu boða aðalfund eftir að öll nemendafélög á sviðinu hafa haldið sinn aðalfund, þó eigi síðar en 31. maí. Tilgangurinn er að bæta samskipti sviðsráðs við nemendafélög og fulltrúa nemenda á deilda- og námsleiðafundum.

Í sameiningu vöru samdar kröfur nemenda um bættu kennsluhætti og kynntu fulltrúar nemenda innan allra deilda þá á deilda- og námsleiðafundum. Við hvetjum nýtt sviðsráð til þess að klára þetta verkefni sem fyrst og leggja kröfurnar fyrir á stjórnarfundum félagsvísindasviðs.

Þar sem að ráðið en nýtt og óvíst hvernig það mun nýtast hvetjum við nýtt fulltrúaráð til þess að fá kynningu á starfinu frá fulltrúaráðum hinna sviðanna. Það eru Heiló (heilbrigðisvísindasvið), Veritas (hugvísindasvið) og NáttVerk (verkfræði- og náttúruvísindasvið). Við leggjum einnig til að fulltrúaráðsvettvangurinn verði nýttur til þess að vinna í stærri hagsmunamálum á sviðinu sem tengjast öllum deildum sviðsins, svo sem tímasetning sjúkra- og endurtökuprófa og aðkoma fulltrúa nemenda að yfirferð kennslukannana.

Prófabankar

Sviðsráð sendi póst á allar deildir og deildaforseta sviðsins fyrir vor- og jólapróf með fyrirspurn um hvort að gömul próf væru aðgengileg fyrir nemendur líkt og reglur kveða á um auk þess að deildirnar voru hvattar til að minna kennara á þessar reglur. Þessa pósta, og svör deildanna, má finna inni á Sviðsráðs-driveinu.

Við hvetjum nýtt sviðsráð til þess að halda áfram að beita deildirnar þrýstingi, sérstaklega í kjölfar úrskurðar um að krossapróf skuli einnig vera aðgengileg. Einnig hvetjum við þau til þess að vekja athygli á þessum rétti á meðal nemenda og nýta fulltrúaráðið til þess.

Sjálfsali í Lögberg

Í upphafi árs ákvað sviðsráð félagsvísindasviðs að reyna koma sjálfsala fyrir í Lögbergi.

Viðkomandi verkefni var eitthvað sem kallað hefði verið eftir, og fannst sviðsráði þetta fínt verkefni til að byrja á, eitthvað sem bæri sjáanlegan árangur og væri auðvelt að klára. Svo reyndist ekki vera. Í byrjun starfsársins var haft samband við Ölgerðina og spurst fyrir um fyrirkomulag á sjálfsöllum. Þar sem stutt var í sumarfrí var það samkomulag milli sviðsráðs og Ölgerðarinnar að taka málið upp eftir að skóla hófst, enda lítil viðskipti að fá í sjálfsalabransanum í Háskólanum yfir sumartímann. Þegar koma að umleitan í upphafi haustannar gekk lengi vel ekki að fá svör frá umsjónarmönnum fasteigna hver væri umsjónarmaður Lögbergs, en að hluta til skýrist það af starfsmannaveltu hjá Háskólans á þessu sviði. Jafnframt voru svör frá starfsmönnum skólans sem þekktu til á þá vegu að eitt sinni hefði verið sjálfsali í Lögbergi en að hann hafi verið fjarlægður vegna kvartanna um hávaða, og því ómögulegt að hann kæmi aftur. Árangur náðist þegar haft var samband við nýjan sviðstjóra framkvæmda- og tæknisviðs háskólans, Sigríði Sigurðardóttir. Hún reyndist sviðsráði vel og er allra vilja gerð að bregðast við ábendingum stúdenta. Fulltrúi sviðsráðs hitti hana á fund og lagt var í gönguferð um háskólasvæðið þar sem bent var á að á þriðju hæð í Odda væri allir loftræstistokkar og opnanlegir gluggar annaðhvort innan við glerrými ætlað doktorsnemum eða innan tölvustofu sem jafnan er lokuð og því loftlaust á þriðjuhæð Odda. Í sömu ferð var komið við í Lögbergi og lent á niðurstöðu á staðsetningu sjálfsala, við salerni karla á jarðhæð Lögbergs, en stuttu seinna var hann kominn þar sem hann nú er.



Ábending frá fulltrúa sviðsráðs: nú eru húsnæði félagsvísindasviðs ansi vel dekkuð af sjálfsöllum og mæli ég ekki með því að leggja í annan eins leiðangur. Þó svo að það hafi e.t.v. verið sérstaklega snúið að koma sjálfsalanum fyrir í Lögbergi er það mín skoðun að ávinningurinn af slíkum verkefnum svarar ekki tímanum sem fer í

utanumhald og eftirfylgni. Hinsvegar ef sviðsráð vill koma ábendingum áleiðs varðandi húsnæði skólans myndi ég benda ykkur á að leita beint til Sigríðar. Hennar viðbrögð voru jákvæð og fljót, og fékk málið fljóta afgreiðslu eftir að það kom inn á hennar borð.

Prófnúmer

Katrín Ósk Ásgeirsdóttir óskaði eftir upplýsingum frá Sigmari Aroni Ómarssyni, hagsmunafulltrúa SHÍ, varðandi stöðuna á upptöku prófnúmera og barst eftirfarandi svar 7.mars 2018.

“Staðan er sú að prófnúmer eru alltaf notuð í skriflegum prófum í þremur deildum: Lagadeild, Læknadeild og Tannlæknadeild, skv. könnun sem ég gerði síðasta vor. Í öðrum deildum er þetta stundum notað eða ekki notað. Því er oft borið við að tæknileg vandræði við að keyra saman mismunandi námsmatsþætti á mismunandi auðkennum í Uglu, heldur þarf að samkeyra einkunnir í höndunum. Þar sem kennari má ekki fá upplýsingar um prófnúmer ásamt öðrum auðkennum hefur þetta verið í höndum deilda eða því "reddað" með öðrum hætti. Til að laga þessa tæknilegu annmarka höfum við óskað eftir því að þessi samkeyrsla verði gerð möguleg í Uglu. Það er hins vegar vandasamt verkefni í ljósi þess að um er að ræða útreikning einkunna. Ég ræddi þessi mál líka á fundi með Róberti H. Haraldssyni, sviðsstjóra kennslusviðs, og Steinunni Gestsdóttur, aðstoðarrektror kennslu og þróunar. Það eru mismunandi sjónarmið uppi um prófnúmer og ágæti þeirra en allir voru sammála um að þetta ætti amk að vera mögulegt á Uglu. Þessar breytingar þar eru á verkáætlun fyrir Uglu árið 2018 en ég veit ekki nánar hvernig staðan á því er.”

Upptaka fyrirlestra

Það hefur lengi verið krafa nemenda að fyrirlestrar séu teknir upp og gerðir aðgengilegir rafrænt. Illa hefur gengið að framkvæma það enda nemendur og starfsmenn með ólíkar skoðanir um hver áhrif þess verða. Nemendur hafa aðallega talað fyrir þessu vegna jafnréttissjónarmiða enda ekki allir sem hafa tök á að mæta í tíma.

Upp kom sú hugmynd að hægt væri að byrja innleiðinguna á því að fá stunda- og umræðukennara, sem oft eru sjálfir í námi eða nýlega útskrifaðir, til þess að nota upptökubúnaðinn.

Einnig hefur verið rætt að til þess að upptökurnar nýtist sem best þurfi þær að vera faglega framleiddar í stað þess að taka einfaldlega upp fyrirlestra og þar er t.d. hægt að líta til EdX. Daði Már Kristófersson, sviðsforseti, er mjög viljugur til þess að vinna þessa hugmynd í samstarfi við nemendur.

Þjónustuborðið í Gimli

Nanna Hermannsdóttir sendi póst á sviðið til þess að spyrja hvaða þjónustu nemendur ættu að geta sótt á þjónustuborðið í Gimli. Í ljós kom að sviðið var búíð að ákveða að fara í breytingar á þjónustuborðinu eftir að hafa fengið ábendingar frá sviðsráði og starfsfólki um að þjónustan væri ekki fullnægjandi.

Sviðsráðið gerði könnun um nemendabjónustu á Félagsvísindasviði sem snéri að því hvaða þjónustu nemendur vildu geta sótt á nýju þjónustuborði sviðsins.

Niðurstöðurnar könnunarinnar sýndu að nemendur vildu meðal annars geta nálgast upplýsingar um námsleiðir og valnámskeið á nýju þjónustuborði, geta skilað verkefnum utan hefðbundins opnunartíma, fengið almennar upplýsingar um námið, leiðbeiningar og ráð, upplýsingar um BA ritgerðir og fleira.

Niðurstöðurnar voru sendar Kolbrúnu Eggertsdóttur í nóvember 2017 sem kom þeim áfram á Elvu Ellertsdóttur og Daða Má Kristófersson, sviðsforseta Félagsvísindasviðs.

Í nóvember sendi sviðsráðið einnig tölvupóst á Kolbrúnu og óskaði eftir nánari upplýsingum um nýja þjónustuborðið í þeim tilgangi að koma upplýsingum um það á framfæri við nemendur. Við fengum þau svör í byrjum desember að þau myndu senda okkur upplýsingar um leið og skipulagið lægi fyrir, en að nauðsynlegar breytingar á húsnæðinu hafi dregist og þar af leiðandi öll önnur vinna við skipulagsbreytingarnar. Þau gætu vonandi gefið okkur upplýsingar fljótlega á nýju ári.

Síðan þá hefur sviðsráðið ýtt á eftir upplýsingum um þjónustuborðið við bæði Kolbrúnu og Elvu en fékk síðast þau svör 12. febrúar frá Elvu að sama staða væri enn uppi og að vonandi myndi eitthvað gerast fljótlega, þau myndu þá láta sviðsráðið vita.

Breytingar á Uglunni

Samhliða vinnu við nýja heimasíðu Háskóla Íslands, sem tekin var í notkun sumarið 2017, var farið í breytingar á Uglunni, innri vef háskólans. Breytingarnar fólust í því að upplýsingar fyrir núverandi nemendur voru færðar af ytri vef HÍ yfir á Ugluna, en ný heimasíða HÍ var fyrst og fremst ætluð tilvonandi nemendum.

Sviðsráð Félagsvísindasviðs leit á þessar breytingar sem tækifæri til að koma tillögum að breytingum á Uglunni á framfæri. Á fundi sviðsráðs 11. maí 2017 ræddu sviðsráðsmeðlimir um Ugluna og listuðu tillögur að úrbótum.

Í kjölfarið fundaði Esther Hallsdóttir með Berglindi Grétarsdóttur, vefritara stjórn málafræðideildar, 12. maí 2017 og kom á framfæri tillögum sviðsráðsins. Í framhaldinu var annar fundur boðaður með ritstjóra Uglunnar og vefriturum háskólans að beiðni sviðsráðsins. Fundurinn var haldinn sérstaklega til þess að ræða ábendingar sviðsráðsins og hélt Esther kynningu um þær. Fundarmenn tóku vel í tillögur sviðsráðsins og þær voru teknar til greina í vinnunni eins og mögulegt var.

Hópavinnuaðstaða, lesstofur og aðgengismál

Upp kom sú hugmynd að rýmið þar sem nú er þjónustuborð FVS yrði breytt í hópavinnuaðstöðu fyrir nemendur. Þessi hugmynd hefur þó ekki verið útfærð né rædd við sviðið.

Starfsárið 2016-17 var lögð fram beiðni af fulltrúum sviðsráðs sem einnig sátu í jafnréttisnefnd SHÍ um að settir yrði upp rofar á hurðarnar inn í lesstofurnar í Gimli, auk þess sem að hurðarnar yrðu gerðar nógu breiðar fyrir alla hjólastóla og að komið yrði fyrir skrifborði sem hentaði fyrir einstaklinga í hjólastól. Sviðið tók vel í beiðnina en þetta er enn í vinnslu.

Við hvetjum nýtt sviðsráð til þess að klára þessi mál.

Sessur á lesstofur

Þar sem tilgangur sviðsráðanna er að bæta þjónustu nemenda og auka þægindi þeirra við nám, fannst okkur í sviðsráðinu einföld og skemmtileg lausn að fá sessur á lesstofurnar í Gimli. Byrjað að var á því að tala við húsverði og þeir segðu að það væri ekki til fjármagn í háskólanum fyrir slík kaup. Þá var skrifstofa SHÍ spurð áhlits um þetta mál og fannst þeim ólíklegt að fjármagn yrði gefið en vildu samt fá að vita ef við fegnjum tilboð einhversstaðar. Ég fór nú samt í leit að góðu tilboði og fékk það hjá IKEA. Tilboðið stóð einungis í 2 daga, vildum við koma þessu í verk sem fyrst þannig leitað var til fylkinganna tveggja fyrir fjármagni, þar sem formleg umsókn fyrir SHÍ hefði tekið of langan tíma. Endaði þetta á því að fylkingarnar keyptu sessurnar. Sendi ég þó umsókn um fjármagn frá SHÍ en því var neitað nokkrum dögum seinna. Vil ég hvetja næsta sviðsráð í að beita þrýstingi á skólayfirvöld að bæta lesaðstöðu nemenda, t.d. með kaup á nýjum stólum, þar sem flestar af sessunum eru horfnar á braut.

Við hvetjum nýtt sviðsráð til þess að fara lengra með málið enda duga sessurnar stutt og það er ólíðandi að sviðið bregðist ekki við beiðni um bættu aðstöðu á lesstofum nemenda.

Tölvustofur

Í byrjun starfársins barst ráðinu beiðni frá nemenda um að bannað yrði að tala á einni tölvustofu í Gimli eða Odda til þess að tryggja vinnufrið. Sviðsráð sendi málið áfram á sviðið en kom þá í ljós að reglan væri sú að það ætti að vera hljóð á öllum tölvustofum.

Sviðsráðsmeðlimum fannst það ótækt þar sem það kæmi í veg fyrir að nemendur gætu unnið hópverkefni. Niðurstaðan var því sú að sérstakar merkingar yrðu settar upp í tölvustofunum á 1. hæð í Odda og Gimli um að þar skyldi vera hljóð. Þrátt fyrir þetta er vandamálið einn til staðar og við hvetjum nýtt sviðsráð til þess að skoða frekari lausnir.



Verklagsreglur

Verklagsreglur fyrir sviðsráð voru samþykktar í lok starfsársins og má finna þær inni á Sviðsráðs-driveinu.

Sjúkra- og endurtökupróf

Í janúar 2018 var komin tveggja ára reynsla af tilraunaverkefni Verkfræði- og náttúruvísindasviðs um að halda sjúkra- og endurtökupróf í janúar og var hún góð. Nemendum Félagsvísindasviðs hefur verið lofað undanfarin ár að málið verði tekið upp innan sviðsins þegar þessi reynsla væri komin. Sviðsráð byrjaði að skrifa ályktun um afstöðu sína sem má finna í sviðsráðs-driveinu.

Þrátt fyrir að málið verði tekið upp hjá sviðinu er mikilvægt að sviðsráð taki þátt í vinnunni og væri hægt að leggja könnun fyrir nemendur sviðsins um hvort þeim finnist jákvæð eða neikvæð áhrif breytingarinnar meiri.

Beiðni um tvo fulltrúa í stjórn Félagsvísindasviðs

Síðasta verk formanns var að senda beiðni á sviðið um að sviðsráð fengi að tilnefna tvo fulltrúa í stjórn sviðsins til þess að styrkja rödd stúdenta innan hennar. Auk þess var óskað eftir að fulltrúi nemenda fengi greitt fyrir fundarsetu.

*F.h. sviðsráðs Félagsvísindasviðs,
Nanna Hermannsdóttir
Formaður*

Ársskýrsla sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs

Í sviðsráði Heilbrigðisvísindasviðs SHÍ skólaárið 2017-2018 sátu:

Elísabet Brynjarsdóttir, nemi í hjúkrunarfræði, formaður (Röskva)

Sigrún Jónsdóttir, nemi í læknisfræði, ritari (Röskva)

Arna Ýr Karelisdóttir, nemi í læknisfræði, markaðsfulltrúi (Vaka)

Hrafnkátla Agnarsdóttir, nemi í sálfræði (Röskva)

Guðjón Trausti Skúlason, nemi í lyfjafræði, fulltrúi sviðsráðs í fulltrúaráði (Röskva)

Varamenn aðalfulltrúa voru í rétttri röð:

Tómas Viðar Sverrisson, nemi í læknisfræði (Röskva)

Hrönn Hilmarsdóttir, nemi í hjúkrunarfræði (Röskva)

Valdís Bjarnadóttir, nemi í hjúkrunarfræði (Vaka)

Pórdís Þorkelsdóttir, nemi í læknisfræði (Röskva)

Anna Margrét Arnarsdóttir, nemi í lífeindafræði (Röskva)

Sviðsráðið tók við störfum vorið 2017. Skiptafundur Stúdentaráðs var haldinn 13. mars, 2017. Ákveðið var í samráði við fráfarað sviðsráð að halda sameiginlegan skiptafund. Á þeim fundi tilnefndi fráfarað formaður sviðsráðs, Sunneva Björk Gunnarsdóttir, Elísabetu Brynjarsdóttur sem formann sviðsráðs. Farið var yfir ársskýrslu fráfarað sviðsráðs og svo vék fráfarað sviðsráð frá og nýtt sviðsráð fundaði áfram.

Sigrún Jónsdóttir var kjörin ritari sviðsráðsins, Guðjón Trausti Skúlason var kjörinn fulltrúi sviðsráðs í Heiló, fulltrúaráði.

Fyrsti fundur eftir skipti var haldinn 21. apríl. Þar var ákveðið að sviðsráðið myndi halda stefnumótun fyrir sviðið og marka áætlun fyrir starfsárið. Sömuleiðis var í fyrsta skipti stofnaður Gmail aðgangur og sameiginlegt "drive" til að freista þess að varðveita betur stofnanaminni milli ára. Sömuleiðis var ákveðið að gera sviðsráðið sýnilegra á samfélagsmiðlum og ákveðið að hafa sérstakt embætti innan sviðsráðsins fyrir það: markaðsfulltrúa. Arna Ýr Karelisdóttir var kjörin í það. Guðjón Trausti, fulltrúi í Heiló, var úthlutað að útbúa lista yfir alla fulltrúa nemenda við deildir sviðsins til að auðvelda yfirsýn og samskipti. Í kjölfarið á þessum fundi var haldið á fund með rektor þar sem farið var yfir áætlun háskólans varðandi nýja byggingu Heilbrigðisvísindasviðs. Þrýst var á mikilvægi hennar sem og að nemendur myndu koma að borði við þarfagreiningu og skipulagningu á nemendarymum og aðstöðum.

25. apríl var þing Heilbrigðisvísindasviðs haldið og nýr formaður sviðsráðsins hélt þar erindi og ítrekaði mikilvægi nýrrar byggingar fyrir sviðið. Sömuleiðis var kynnt fyrir þinginu áætlanir sviðsráðsins um hinsegin málefni og aukna stefnu í geðheilbrigðismálum stúdenta. Ræðu má nálgast [hér](#)

Stefnumótun Heilbrigðisvísindasviðs fór fram eftir lokaprófin í maí og mótuð var stefna fyrir komandi starfsár. Stefna og aðgerðaráætlun var mótuð varðandi könnun um andlega líðan og streitu, hinseginmálefni, byggingu nýs húsnæðis við

Heilbrigðisvísindasvið, Heiló fulltrúaráð, þverfræðilega kúrsinn, kennsluhætti og aðstöðu nemenda.

- Ákveðið var að fara í samstarf við Q-félagið varðandi hinseginmálefni. Í samráði við þau var ákveðið að fyrsta skrefið í að gera hinseginmálefni hluta af námsskrá yrði að fræða stjórnslu og hélt Q-félagið fræðslu fyrir stjórn Heilbrigðisvísindasviðs 13. nóvember. Sömuleiðis var ákveðið að halda fræðslukvöld um Intersex til að svara fræðsluþörf áhugasamra nemenda á meðan biðstaða væri á að koma þessu inn í námsskrá.
 - Rætt hefur verið möguleika um hvernig eigi að koma hinseginfræðslu inn í námsskrá og hafa Edx og þverfræðilegi kúrsinn verið nefndir sem möguleikar.
- Ákveðið var að veita áframhaldandi þrýsting um aðkomu nemenda að byggingu nýs húsnæðis fyrir nemendur HVS og var það gert í formi greina, ræðu á þingi HVS og funda með rektor. Skrifður var samningur milli Reykjavíkurborgar og Vísindagarða að slík bygging myndi rísa 2025.
- Ákveðið var í samráði við sviðsforseta (Ingu Þórsdóttir) að halda fundi með henni ásamt fulltrúaráði og sviðsráði 3x á hvorri önn. Þar yrðu málefni nemenda rædd og öllum gefið tækifæri á að koma sínum hagsmunamálum áleiðis. Sömuleiðis var fundað fyrir utan þetta með Heiló varðandi nýnemadaga og Heilsudaginn 2018.
- Tekin var ákvörðun um að breyta uppröðun á dagskrá Heilsudagsins og sömuleiðis tímasetningu dagsins. Þetta starfsár var hann haldinn 18. janúar í stað mars. Sömuleiðis var ákveðið að hafa málþingið í hádeginu í stað um kvöldið, hafa heilsubása sem bjóða upp á fría heilsuráðgjöf í stað þess að hafa kynningarbása og hafa svo Heilsu-pubquiz um kvöldið í stað hádegis. Þessi nýja dagskrá gekk vonum frammar, málþingið fjallaði um geðheilbrigði stúdenta og var í formi pallborðsumræðna og var vel sótt, m.a. af alþingismönnum. Heilsubásarnir vöktu lukku og pubquizið sömuleiðis. Öll þessi vinna var gerð í samráði við markaðsfulltrúa Háskóla Íslands sem sá um að auglýsa þetta vel meðal allra nemenda og starfsmanna og aðstoðaði við allt auglýsingaefni.
- Í tilefni Heilsudagsins 2018 skrifaði formaður sviðsráðs grein um niðurstöðu könnunar sviðsráðs sem og fjallað var um geðheilbrigðisþjónustu nemenda, í takt við málþing Heilsudagsins. Greinina má lesa [hér](#)
- Þverfræðilegi kúrsinn var tekinn í gegn frá a-ö. Eins og hann er haldinn núna er hann bæði fyrir 3. ár í öllum fögum sem og 1. ár.
 - Þriðja árið var um haustönn og sat nokkrar kennslustundir og vann að þverfræðilegum verkefnum í hópum
 - Fyrsta árið var í byrjun janúar og var þar haldinn sér dagur fyrir þau þar sem var mannréttindapema yfir daginn, unnið var svo í hópum og létt próf í lokinn. Mikil ánægja mældist meðal nemenda með þennan dag.

- Ákveðið var að senda út könnun til allra nemenda Heilbrigðisvísindasviðs og kanna streitu í námi ásamt vitund þeirra um þau úrræði sem standa til boða innan háskólans. Þessi könnun nýttist vel sem verkfæri í hagsmunabaráttu okkar fyrir fjölgun úrræða innan háskólans og veitti töluverðan þrýsting á bæði stjórnslu HVS sem og háskólans, og vakti athygli í samfélaginu. Skrifuð var grein um stöðu geðheilbrigðismála stúdenta af formanni sviðsráðs, greinina má lesa [hér](#)
- Ákveðið var að ráðast í allsherjarúttekt á stöðu nemendanúmera í deildum og þrýsta á að allar deildir tækju upp nemendanúmer. Sömuleiðis var fjallað um prófsýningar, upptöku tíma og fleira. Nokkrir kennarar hafa nú tekið upp að auglýsa sérstaka tímasetningu fyrir prófsýningar og er það því á réttri leið. Upptaka tíma er komin í farveg og hafa fleiri deildir tekið það upp, en ljóst að enn þarf að halda áfram að þrýsta á það svo það verði regla en ekki undantekning.
- Fjallað var um aðstöðu nemenda á margvíslegan hátt þetta árið. Fengið var vilyrði frá deildarforseta hjúkrunarfræðideildar að fá sjálfসা í Eirberg þegar framkvæmdir þar eru yfirstaðnar. Sömuleiðis var unnið að því, með Félagsstofnun stúdenta, að stækka Hámu í Læknagarði svo hægt væri að bjóða upp á heita rétti þar.

Í upphafi skólaárs 2017 er skipað í nefndir sviðsins fulltrúa nemenda. Sendur var póstur út á alla nemendur sviðsins þar sem auglýst var eftir fulltrúum í náms- og kennslumálanefnd og jafnréttisnefnd. Tekin var ákvörðun á sviðsráðsfundi að sviðsráðsfulltrúi myndi sitja í stjórn Heilbrigðisvísindasviðs og var Elísabet Brynjarsdóttir, formaður, kjörin. Síðar þurfti hún að segja af sér þeirri stöðu og tók þá varamaður hennar, Sigrún Jónsdóttir, við.

Stúdentaráð Háskóla Íslands hóf haustið á mikilli herferð undir myllumerkinu #kjóstumenntun um undirfjármögnun háskólakerfisins. Herferðin var tímasett rétt fyrir kosningar til Alþingis og tók sviðsráð Heilbrigðisvísindasviðs virkan þátt í því. Skrifuð var grein um áhrif undirfjármögnunar á sviðið - greinina má lesa [hér](#)

Lengi hefur verið krafa um veikindarétt í klínísku námi og var borið upp á stjórnarfundum HVS erindi um vorið þar sem spurst var fyrir fyrirkomulag í hverri deild. Kom þá í ljós að hjúkrunarfræðin var eina deildin sem fór fram á 100% mætingarskyldu í klíník. Farið var með erindi fyrir deildarfund hjúkrunarfræði þar sem færð var rökfærsla fyrir því að veikindaréttur hjúkrunarnema yrði að veruleika og var það samþykkt. Mætingarskylda er nú 95%, í takt við aðrar deildir HÍ, en í Norðurlöndunum tíðkast 90% mætingarskylda og þarf því að halda þessariaráttu til streitu.

Eftir því sem leið á starfsárið var ljóst að engar reglur voru til staðar um vinnu sviðsráða né lá hvergi fyrir í lögum hvernig sviðsráð ættu að háttta sinni vinnu. Ákvað sviðsráð HVS því að útbúa verklagsreglur fyrir ráðið sem hægt væri að styðjast við áfram fyrir næstu fulltrúa. Verklagsreglurnar voru lagðar fyrir Stúdentaráð þar sem

þær voru samþykktar með nokkrum breytingum og hafa einnig verið yfirfærðar yfir á hin sviðsráðin. Verklagsreglurnar má nálgast [hér](#)

Haustþing Heilbrigðisvísindasviðs var haldið 4. október og var þar sérstaklega fjallað um þarfagreiningu sviðsins á framtíðarhúsnæði. Þar tóku nemendur virkan þátt í umræðum og skipuðu meðal annars fundarstjórn á umræðustöð. Sviðsráðið hefur beitt sér í miklum mæli og talað fyrir því að nemendur eigi að koma að borðinu við gerð þarfagreininga á byggingu sviðsins.

Á haustönn var í fyrsta sinn haldinn opinn fundur með nemendum. Þar gafst öllum nemendum sviðsins færi á að mæta, fá að kynna störfum sviðsráðsins og hvað væri á döfinni og sömuleiðis að koma hagsmunamálum áleiðis. 2 vikur fyrir fundinn fór af stað herferð á Facebook síðu ráðsins þar sem allir meðlimir ráðsins voru kynntir, bæði til að vekja athygli á hverjir sitja í ráðinu og sinna hvaða stöðum og sömuleiðis til að vekja athygli á fundinum.

Stjórnarfundir Heilbrigðisvísindasviðs er mikilvægur vettvangur fyrir hagsmuni nemenda, en þar koma saman deildarforsetar sviðsins auk forseta sviðsins og fulltrúi nemenda. Fulltrúi nemenda í ár var til að byrja með Elísabet, formaður sviðsráðs, en vegna anna steig hún til hliðar og varafulltrúi hennar, Sigrún Jónsdóttir, tók sæti hennar.

Meðal þess sem fulltrúi nemenda í stjórn Heilbrigðisvísindasviðs hefur fjallað um og komið í gegn á starfsárinu er:

- *Nemendanúmer í hjúkrun; það átti að afnema þau og taka upp nafn og kennitölu. Hins vegar streittust nemendur á móti og kröfðust þess að hjúkrun myndi taka nemendanúmer aftur upp. Deildin félst á það með því skilyrði að óháður aðili yrði ráðinn á skrifstofuna.*
- *Verið er að leggja drög að kennslustefnu og verður lögð áhersla á eflingu aðstoðarkennara þar auk þess að búa til fleiri tækifæri fyrir eldri nemendur að fá stöðu aðstoðarkennara.*
- *Aðstöðumál; rætt um sjálfsala í Eirberg og Stapa, fengin staðfesting á sjálfsala í Eirberg haustið 2018, endurkoma sófans í Læknagarði var tryggð, rætt um stækkun Hámu í Læknagarði svo hægt sé að bjóða upp á heita rétti að frumkvæði nemenda*
- *Okkur barst erindi frá nemenda í ljósmóðurfræði varðandi niðurgreiðslu á ferðakostnaði við verknámsskyldu út á landi. Læknisfræðinemar fá það niðurgreitt en ekkil ljósmóðurfræðinemar. Sent erindi á stjórn HVS og það tekið upp á fundi; Herdís deildarforseti hjúkrunar tók við erindinu og var það endurskoðað. Fá nú ljósmóðurfræðinemar greiddan ferðakostnað.*
- *Viðtalstímar og tölvupóstar kennara; borið upp að kennarar séu að neita að svara tölvupóstum og það rætt - ef kennarar neita að svara tölvupóstum þurfa viðtalstímar að vera skýrt auglýstir.*
- *Kennslustofu í sálfræði læst - tekið upp á deildarfundi sálfræðideildar af Hrafnkötlu sviðsráðsmeðlim.*
- *Sameiginlegur dagur fyrir nýnema á HVS og mögulega upplýsingabækling*

- *Ný námsleið - dýraheilbrigðisfræði sem er fyrsti hlutinn í dýralæknanáminu*
- *Kuracloud; forrit sem nemendur voru skyldir til að greiða aðgang fyrir en forritið var skylda af faginu og þú myndir falla ef þú myndir ekki greiða aðgang að þessu. Afstaða stjórnslunnar var að þetta er bara eins og að kaupa bók fyrir fag. Málið á að fara fyrir háskólaráð.*

Í læknisfræði og sálfræði er mentorkerfi fyrir nemendur starfrækt og hefur reynst vel. Þar fá eldri nemendur tækifæri á að gerast mentorar fyrir nýnema, taka að sér 8-10 manns og halda utan um þau. Ákveðið var að þrýsta á að þetta verði tekið einnig upp í hjúkrunarfræði, virðist virka vel í stórum deildum. Í hjúkrun er nýtt námsskipulag og hluti af því hefur verið að veita mentorleiðsögn af kennurum. Þriðja árið í hjúkrun í ár var fyrsta árið í nýju námsskipulagi og á næsta skólaári munu þau vera fyrsti árgangurinn sem á að taka við mentorkerfinu og leiðbeina nýnemum. Það er því í bígerð í hjúkrunarfræði.

Stúdentaráðskosningar voru haldnar 7. og 8. febrúar 2018 og lágu niðurstöður fyrir 8. febrúar. Nýtt sviðsráð tekur við keflinu í lok mars og þakkar fráfarandi sviðsráð kærlega fyrir sig og starfsárið sem er að líða.

*F.h. sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs,
Elísabet Brynjarsdóttir
Formaður*

Ársskýrsla sviðsráðs Hugvísindasviðs

Í sviðsráði hugvísindasviðs SHÍ skólaárið 2017-2018 sátu:

Ingvar Þór Björnsson, formaður (Röskva)
Vigdís Hafliðadóttir, ritari (Röskva)
Kristrún Ásta Arnfinnsdóttir (Röskva)
Sandra Silfá Ragnarsdóttir (Vaka)
Pétur Geir Steinsson (Röskva)

Varamenn aðalfulltrúa voru:

Sigrún Eir Þorgrímsdóttir, Röskva
Matthías Aron Ólafsson, Röskva
Hólmfríður Sveinsdóttir, Röskva
Þorgerður Anna Gunnarsdóttir, Vaka
Kristrún Kolbrúnardóttir, Röskva (hætti fyrir haustönn)

Nýtt sviðsráð tók við vorið 2017. Skiptafundur var haldinn 13. mars 2017 en ákveðið var í samráði við fráfarað sviðsráð að halda sameiginlegan skiptafund. Á þeim fundi var kosið í embætti formanns og ritara. Ingvar Þór Björnsson var kjörinn formaður og Vigdís Hafliðadóttir ritari.

Stiklað á stóru um verkefni sviðsráðsins:

- Í mars og apríl var komið upp bókasafni í Baðstofunni, sameiginlegu nemendarymi í Árnagarði. Ingvar Þór Björnsson, Pétur Geir Steinsson og Daníel Guðmundsson, þáverandi formaður Veritas, sóttu á annað hundruð bækur hjá Háskólaútgáfunni. Í kjölfarið var komið upp hillum og tekið til í rýminu.
- Í apríl var bókasafnið opnað við mikinn fögnuð nemenda og kennara. Sviðsráðið og Veritas buðu upp á vöflur og kaffi í tilefni þess og mættu tiltölulega margir. Þá gáfu kennarar og velunnarar safnsins bækur og listaverk sem prýða nú rýmið.
- Í maí var Hugvísindaping haldið. Þar var stefna Hugvísindasviðs lögð fram og hún samþykkt. Þess ber að geta að sviðsráðið fékk ekki sæti á þingið. Hins vegar fékk Veritas, fulltrúaráð nemenda á hugvísindasviði, tuttugu sæti. Einnig ber að geta að sviðsráðsmeðlimir komu ekkert að stefnu hugvísindasviðs. Veritas gaf sviðsráðinu sæti svo aðilar úr ráðinu gætu mætt á þingið. Ingvar Þór Björnsson, Vigdís Hafliðadóttir, Sandra Silfá Ragnarsdóttir og Kristrún Ásta Arnfinnsdóttir mættu fyrir hönd sviðsráðsins.
- Sviðsráðið tók sér frí í júní og júlí en fyrsti fundur eftir sumarfrí var 2. ágúst. Grunnur var lagður að ýmsum verkefnum haustsins. Yfir sumarið var haldið áfram að gera upp Baðstofuna og tveimur stólum var komið fyrir í rýminu. Vigdís Hafliðadóttir kom með annan en hinn var gjöf frá SHÍ.
- Stúdentaráð Háskóla Íslands hóf haustið á herferð undir myllumerkinu #kjóstumenntun um undirfjármögnun háskólakerfisins. Herferðin var tímasett rétt fyrir kosningar til Alþingis og tók sviðsráð hugvísindasviðs virkan þátt í því. Skrifuð var grein um áhrif undirfjármögnunar á sviðið.
- Í september var komið upp fatahengjum í stofum í Árnagarði fyrir tilstilli sviðsráðsins. Snagarnir hafa verið í stöðugri notkun síðan. Það hefur verið áberandi síðan að hugvísindanemar eru ekki í jafn krumpuðum jökkum.

- Í september var jafnframt komið á nýju fyrirkomulagi hvað varðar sviðsstjórnarfundum hugvísindasviðs. Formaður sviðsráðsins fékk sæti á sviðsstjórnarfundunum en þar áður hafði Veritas átt tvö sæti en sviðsráðið ekkert. Fundin var farsæl lausn á málinu með fulltrúum frá Veritas en í núverandi sviðsstjórn situr formaður Veritas sem aðalfulltrúi nemenda en formaður sviðsráðs sem áheyrnarfulltrúi. Þegar nýtt starfsár byrjar kemur formaður sviðsráðsins til með að taka aðalsæti og formaður Veritas fær áheyrnarrétt.
- Í september var jafnframt skipað í stjórn Stúdentasjóðs. Pétur Geir Steinsson er fulltrúi sviðsráðsins í Stúdentasjóði.
- Í september var einnig rætt um breyttan opnunartíma Árnagarðs og barist fyrir að hann yrði ekki skertur.
- Nemendur úr Kvinnaskólanum í Reykjavík komu í kynningu á hugvísindasviði og tók Vigdís Hafliðadóttir á móti þeim fyrir hönd nemenda.
- Í október var fundað tvisvar með fulltrúum úr Veritas. Þar var ákveðið að halda sameiginlegan kynningarfund/partý fyrir nemendur á hugvísindasviði. Um er að ræða kynningu á sviðsráði og Veritas og svo veislu í kjölfarið. Grunnur hefur verið lagður að þessum viðburði en það kemur í hlut nýs sviðsráðs að halda viðburðinn.
- Hið íslenska bókmenntafélag gaf Baðstofunni bækur í bókasafnið.
- Fundað var með mála og menningardeild HÍ og hagsmunum nemenda komið á framfæri í október.
- Í nóvember var fundað með heimspeki- og sagnfræðideild um hagsmuni nemenda. Einnig fundaði sviðsráðsformaður með Ölgerðinni varðandi sjálfsala. Þá var fundað með íslensku- og menningardeild.
- Í desember var ekki fundað sökum prófa og jóla. Áfram var þó haldið að funda í sviðsstjórn.
- Í byrjun janúar kom sjálfsalinn loks í Árnagarð. Sjálfsalinn hefur verið í stöðugri notkun en hann kemur til með að vera á þeim stað sem hann er núna á til lengri tíma.
- Eftir því sem leið á starfsárið var ljóst að engar reglur voru til um vinnu sviðsráða og ekki var kveðið á um í lögum hvernig sviðsráð ættu að haga vinnu sinni. Sviðsráð heilbrigðisvísindasviðs útbjó verklagsreglur sem sviðsráðið tók til skoðunar.
- Vigdís Hafliðadóttir mætti á Háskólaherminn til að kynna Hugvísindasviði.
- Like-síða sviðsráðsins á Facebook var notuð til að deila upplýsingum frá skrifstofu SHÍ yfir árið, minna á mikilvægar dagsetningar og kennslukannanir, auk þess að vekja athygli á gagnlegri þjónustu sem nýtist nemendum á Hugvísindasviði sérstaklega. Þar má nefna ókeypis orðabækur, Ritverið o.fl.

Stúdentaráðskosningar voru haldnar 7. og 8. febrúar 2018 og lágu niðurstöður fyrir 8. febrúar. Nýtt sviðsráð tekur við keflinu í lok mars og þakkar fráfarandi sviðsráð kærlega fyrir sig og starfsárið sem er að líða.

*F.h. sviðsráðs Hugvísindasviðs,
Ingvar Þór Björnsson
Formaður*

Ársskýrsla sviðsráðs Menntavísindasviðs

Skýrsla sviðsráðs Menntavísindasviðs hefur ekki borist.

ÁRSSKÝRSLA



Stúdentaráð Háskóla Íslands

VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

Gagnlegar upplýsingar

Hér er búið að taka saman helstu upplýsingar til að finna svör við hugsanlegum spurningum sem koma upp. Aðgengi að öllum helstu gögnum eru hér.

Röð helstu viðburða sem gott er að vera meðvitaður um:

- Sviðsþing VoN (haldið á vorin)
- Nýnemadagar – í samstarfi við VoN (lok sumars)
- Opinn fundur sviðsráðs VoN (fyrir og eftir áramót)

Listi yfir gagnlega upplýsinga. Listinn er ekki í neinni ákveðinni röð og er ekki tæmandi.

- a) Sviðsráð heldur úti google drive síðu þar sem hægt er að nálgast öll gögn eins og fundargerðir, ályktanir, verklagsreglur o.fl. gögn. Það má nálgast það [hér](#).
- b) Ef það eru einhverjar fyrirspurnir til sviðsins er best að hafa samband við skrifstofu VoN í gegnum almenna emailið (nemvon@hi.is). Annars er alltaf gott að tala beint við einstaklinga þar eins og t.d. Sigdísí Ágústsdóttur (sigdis@hi.is).
- c) Fundarstaðir og stofur. Til að panta fundarstað eins og t.d. Langholt í VRII eða Skjálfta í Tæknigarði er haft samband við Sigdísí hjá VoN á emailinu (sigdis@hi.is). Það er betra að panta með nokkurra daga fyrirvara. Ef panta á stofu annarstaðar á háskólasvæðinu eins og á HT eða Veröld er haft samband í gegnum emailið: kennslustofur@hi.is
- d) Fyrir málefni sem eru í gangi hverju sinni höfum við notað Trello verkefnastjórnunarforrit. Hana má nálgast [hér](#).
- e) Sameiginlegur vettvangur sviðsráðs hefur verið haldið úti sem hópi á Facebook. Nýtt sviðsráð gerir sinn eigin hóp eða tekur við þessum.
- f) Náttverk heldur einnig úti hópi á Facebook. Slóðin er: <https://www.facebook.com/groups/281491528961719/>
Best væri að formaður sviðsráðs búi til nýja grúppu með fyrir Náttverk þess árs.
- g) Sviðsráð heldur úti Facebooksíðu. Hana má nálgast [hér](#).
- h) Ábendingar til sviðsráðs er google docs skjal sem hægt er að fylla út nafnlaust í gegnum Facebook síðu sviðsráðs (er í description). Hægt er að nálgast það á driveinu [hér](#) og útfyllingarskjalið [hér](#).

Um sviðsráð

Hlutverk sviðsráðs er að halda utan um, gæta og bæta hagsmunamál er varða nemendur á sviði VoN. Meðlimir þess eru fimm talsins. Skiptafundur var haldin 13.03.17 og tók þá við nýkjörið sviðsráðs.

Meðlimir sviðsráðs fyrir árið 2016-2017:

- Anna Rut Arnardóttir, formaður (Vaka)
- Elinóra Guðmundsdóttir (Röskva)
- Íris Hauksdóttir (Vaka)
- Málfríður Guðný Kolbeinsdóttir (Röskva)
- Ragnheiður Björnsdóttir (Vaka)

Meðlimir sviðsráðs fyrir árið 2017-2018:

- Baldur Helgi Þorkelsson, formaður (Röskva)
- Benedikt Traustason, ritari (Röskva)
- Jakob Eiríkur Schram (Vaka)
- Kristjana Björk Barðdal (Röskva)
- Melkorka Mjöll Jóhannsdóttir (Röskva)

Stefnumál

Eftir fyrsta skiptafundinn voru sameinuð stefnumál fylkinga og höfð til viðmiðunar fyrir komandi starfsár. Athuga verður að þau eru ekki tæmandi en einungis samantekt á helstu stefnumálum beggja fylkinga. Stefnumálin fyrir árið 2017-2018 voru:

Nútímalegri kennsluhættir

Mikið af þeim fræðum sem kennd eru á sviðinu hafa haldist óbreytt í áraraðir. Mörg þeirra eru líka ný af nálinni. Sviðsráð VoN vill beita sér fyrir því að gerð verði regluleg úttekt og endurskoðun á kennsluháttum og námsefni innan námsleiða. Það stuðlar að því markmiði að námskeið séu í takt við nútímann, atvinnulífið og fræðin. Eitt af stærstu skrefunum sem hægt væri að taka í áttina að þessu markmiði er upptaka fyrirlestra. Sviðsráð VoN vill aukningu á rafrænum skilum sem er einnig skref til framfara og umhverfisvænni kostur. Nokkur námskeið eru þess eðlis að nemendur læri að nota ákveðin forrit. Dæmi eru um að heilu námskeiðin séu kennd í tölvu en svo er lokaprófið þreytt með blaði og blýanti. Þetta er ótækt og sýnir ekki raunverulega hæfni nemenda sem þurfa að taka upp nýja námsaðferð rétt fyrir lokapróf.

Aðstaða nemenda

Sviðsráð VoN vill að allir hafi sömu tækifæri til náms og er því mikilvægt að nemendur á öllum árum hafi aðgang að vinnurými. Að sama skapi mætti bæta aðgengi grunnema að lesstofu í Öskju. Aðgengi fyrir fatlaða er ábótavant á háskólasvæðinu og þá sérstaklega í VR-II.

Sviðsráð VoN vill hafa byggingarnar aðgengilegar öllum og að opnunartímar mæti þörfum nemenda. Lærdómstími fólks er persónubundinn og er því mikilvægt að byggingar séu opnar á öllum tímum sólarhringsins, ásamt því að allir nemendur ættu að geta fengið aðgang að þeim þegar þeir vilja.

Skortur er á skápum í byggingum raunvísindadeilda og sviðsráð VoN vill að komið verði fyrir skápum í VR-II. Eftirtektarverður skortur er á fjölbreyttum og næringarríkum mat í sjálfsölum háskólabygginga og okkur þykir mikilvægt að bæta úrvalið eins og að auka vegan mat og fjölga sjálfsölum. Borð- og mataraðstöðu í Tæknigarði (Háma Heimshorn) er ábótavant vegna skorts á borðplássi og vill Sviðsráðs VoN beita sér fyrir að fjölga þar borðum og stólum.

Aukið samstarf við atvinnulífið

Til þess að tryggja að námið í háskólanum sé í tengslum við þarfir samfélagsins viljum við að nemendur geri verkefni sem ber saman við verkefni í atvinnulífinu. Þar að auki vill Sviðsráð VoN að lokaverkefnum innan deildarinnar sem unnin eru í samstarfi við fyrirtæki í atvinnulífinu verði fjölgað. Miklu máli skiptir að nemendur fái tækifæri til þess að beita fræðilegri þekkingu á raunveruleg vandamál. Þar að auki viljum við koma á fót starfsnámi hjá sem flestum deildum. Starfsnám gefur nemendum góðan undirbúning og reynslu fyrir störf á vinnumarkaði og er því mikilvægt að það standi til boða.

Fræðsla nýnema

Kynning á réttindum nýnema teljum við ábótavant og vill sviðsráð VoN að hagnýtar upplýsingar séu aðgengilegri. Miklu máli skiptir að nemendur séu upplýstir um alla þá þjónustu sem þeir hafa aðgengi að og nýti sér hana rétt eins og aðrir nemendur. Háskólinn býður upp á fjölbreytt úrval af þjónustu eins og t.d. sálfræðiaðstoð, lögfræðihjálp, íþróttahús o.fl.

Nefndir og ráð

Yfirlit

Sviðsráð skipar fulltrúa í nokkrar nefndir og ráð. Nánari lýsing á hverju nefndarstarfi kemur eftir upptalninguna.

Nefndir innan VoN

- Stjórn VoN – tveir fulltrúar
- Náms-og kennslumálanefnd VoN – tveir fulltrúar (einn grunnemi og einn framhaldsnemi).
- Náttverk - einn fulltrúi

Nefndir innan SHÍ

- Formaður sviðsráðs hefur sæti í stjórn SHÍ.
- Kennslumálanefnd SHÍ – einn fulltrúi (sami fulltrúi og í Náms-og kennslumálanefnd VoN)

Nefndir Náttverk (skipað af Náttverk)

- Nemendafélagsnefnd – einn fulltrúi
- Úthlutunarnefnd stúdentsjóðs SHÍ – einn fulltrúi

Nortek samtökin

- Einn fulltrúi nemenda. Samtökin halda árlega ráðstefnu ár hvert.

Nánari lýsing nefndarstarfi síðasta árs

Stjórn VoN

Stjórn VoN samanstendur af deildarforsetum VoN ásamt sviðsforseta sem er formaður stjórnar. Þar eru helstu málefni sviðsins rædd og ákvarðanir teknar. Það er mjög mikilvægt að hafa fulltrúa á þessum vettvangi til að gæta vel að þeim málum er varða hagsmuni stúdenta. Fundirnir eru haldnir í annarri hverri viku á miðvikudögum kl 10-12. Varafulltrúar hafa verið varamenn á lista fylkinga. Fulltrúar á liðnu starfsári eru :

- Baldur Helgi Þorkelsson
- Benedikt Traustason

Mál stjórnar Verkfræði og náttúruvísindasviðs 2017-2018

Nýr sviðsforseti, Sigurður Magnús, tók við stjórn sviðsins 1. júlí en fram að því hafði Hilmar gegnt starfi sviðsforseta. Það urðu því nokkrar breytingar á störfum stjórnar sviðsins við mannbreytingarnar á meðan hann hefur verið að setja sig inn í hin ýmsu mál. Almennt séð höfum við átt mjög gott samstarf við Sigurð. Hann er alltaf tilbúinn til þess að hlusta á ábendingar nemenda og óskar gjarnan eftir okkar álitum á stjórnarfundum sviðsins.

Stjórn Verkfræði og náttúruvísindasviðs er skipuð forsetum allra deilda innan sviðsins sem eru sex talsins. Þeir sem sitja fundina eru:

- Sigurður Magnús Garðarsson, sviðsforseti (prófessor í Umhverfis- og byggingarverkfræði) (sigmg@hi.is eða forsetivon@hi.is)
- Kristján Jónasson, forseti Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideildar (jonasson@hi.is)
- Magnús Tumi Guðmundsson, forseti Jarðvísindadeildar (jvddeild@hi.is)
- Anna Dóra Sæþórsdóttir, forseti Líf- og umhverfisvísindadeildar (annadora@hi.is)
- Kristinn Andersen, forseti Rafmagns- og tölvuverkfræðideildar (kristinn.andersen@hi.is)
- Oddur Ingólfsson, forseti Raunvísindadeildar (odduring@hi.is)
- Guðmundur Freyr Úlfarsson, forseti Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar (gfu@hi.is)

Nemendur hafa hingað til haft tvo fulltrúa á fundum stjórnarinnar en Íris Davíðsdóttir, verkefnastjóri hjá sviðinu ritar fundargerðir, sendir út fundargögn og annast samskipti við nemendur að miklu leyti. Á fundina koma ýmsir starfsmenn sviðsins t.a.m. frá nemendabjónustunni eða mannauðsmálum.

Hér verða talin upp nokkur dæmi um mál sem stjórn sviðsins hefur fjallað um á liðnu starfsári:

- **Regla um greiðslu fámennra námskeiða**
 - Engin ein regla er til fyrir háskólann um hvernig eigi að hvað greiða eigi kennurum margar klukkustundir fyrir kennslu sem þeir kenna. Það er að segja, kennari sem kennir sama námskeið á heilbrigðisvísindasviði og hjá VoN mun ekki fá eins greitt fyrir sömu vinnu. Reyndar hefur það verið þannig hjá VoN að

hver deild fyrir sig er með sínar reglur um hvernig greitt er fyrir kennslu. Innri endurskoðun háskólans hefur krafist þess að þessu verði breytt og samræmt kerfi tekið upp fyrir sviðið.

- Á árinu var fjallað um hvernig greiða eigi fyrir námskeið með færri en 9 nemendum og var það rætt lengi. Ákveðnar námsleiðir (sérstaklega í raunvísindadeild) eins og t.d. stærðfræði eru með fáa nemendur en hafa verið að greiða kennurum tiltölulega mikið fyrir kennslu miðað við annars staðar.
- Við í sviðsráðinu settum okkur ekki upp á mótí því að það yrði sett ein regla fyrir allt sviðið (enda er mjög undarlegt að ekkert samræmt kerfi hafi verið til staðar) hins vegar kröfðumst við þess að breytingar á því hvernig greitt er fyrir námskeiðin myndi ekki koma niður á þjónustu við nemendur. Það má t.d. gera með því að breyta um kennsluaðferðir fyrir minni hópa sem krefst ekki jafnmikillar vinnu fyrir kennara (t.d. vendikennsla).
- Núna er unnið er að einni reglu um hvernig greiða eigi kennurum fyrir kennslu á sviðinu svo þetta mál mun verða rætt frekar á stjórnarfundum sviðsins.
- **Kennslualmanak 2018-2019**
 - Stjórn sviðsins ákvað að kennsla fyrir næsta skólaár myndi hefjast viku síðar í ágúst en hún hefur gert hingað til. Það þýðir að við byrjum 27. ágúst í stað 20. ágúst. Í staðinn var tekin út ein vika sem hefði verið í frí á milli kennslu og prófa í desember (sú vika hefði verið eins konar upplestrarfrí). Stjórn sviðsins samþykkti þá að seinustu kennsluvikuna á haustmisseri (vikuna áður en jólapróf hefjast) megi ekki fara í nýtt námsefni í tíma heldur eigi að nýta þær kennslustundir undir upprifjun fyrir prófin.
 - Nýtt sviðsráð þarf að fylgja því eftir að ekki verið farið í nýtt námsefni í seinustu kennsluviku. Það þarf að gæta þess að kennarar verði látnir vita af því þegar þeir semja kennsluáætlanir. Auk þess ætti nýtt sviðsráð að berjast fyrir því að nemendur ættu að geta öðlast a.m.k. 20% af lokaeinkunn með öðrum hætti en lokaprófi því með þessu fyrirkomulagi hafa þeir minni möguleika en áður til þess að undirbúa sig fyrir lokapróf. Það er í raun verið að leggja minni áherslu á lokapróf og meiri áherslu á símat og því eðlileg að nemendur geti unnið verkefni sem gilda a.m.k. til hækkunar fyrir 20% af lokaeinkunn.
- **Kennslukannanir**
 - Mikið hefur verið rætt um kennslukannanir á stjórnarfundum VoN. Þátttaka nemenda í kennslukönnunum, uppsetning þeirra og úrvinnsla hafa þar borið á góma. Stjórn sviðsins hefur samþykkt samræmt verklag til reynslu fyrir úrvinnslu kennslukannana milli deilda en markmið þeirra er að ábendingum nemenda verði betur fylgt eftir.
 - Þetta verklag var samið af kennslunefnd sviðsins.
 - Fulltrúar nemenda í stjórn hafa ítrekað bent á að besta leiðin til þess að bæta þátttöku í kennslukönnunum sé að nemendur heyri að á þá sé hlustað (að

eitthvað sé gert við þessar kannanir). Þetta nýja verklag er hluti af því að bregðast við okkar ábendingum.

- **Fjármál sviðsins og ráðningar**

- Rekstur sviðsins hefur verið mjög erfiður. Engir nýir starfsmenn verða ráðnir á árinu 2018. Sviðið vinnur að nýju verklagi og greingu fyrir ráðningu nýrra starfsmanna þar sem einskonar þarfagreining fer fram á hverju stöðugildi sem óskað er eftir að verði ráðið verði í. Þessum stöðugildum verður síðan forgangsraðað af stjórn sviðsins.
- Sviðið var rekið með 12 miljóna króna halla á þessu ári en það er minni halli er gert hafði verið ráð fyrir.

- **Endurtektarpróf**

- Sótt var um undanþágu fyrir tveimur árum um að VoN fengi að halda sjúkra- og endurtektarpróf fyrir haustmisseri í janúar. Sú undanþága var samþykkt í Háskólaráði og hefur hún nú verið endurnýjuð.
- Stjórn sviðsins vill að þetta verði gert að meginreglu og að sviðið eigi ekki að þurfa að óska stöðugt eftir undanþágu fyrir því að halda endurtektarpróf í janúar.

- **Húsnæðismál sviðsins**

- Nýr sviðsforseti hefur fært húsnæðismál sviðsins inn á borð stjórnar sviðsins en engin ein stefna um byggingu nýs húsnæðis hefur verið til fyrir sviðið. Nú er rætt um hvort byggja eigi húsnæði sviðsins á „melunum“ (hjá VR byggingunum) eða í Vatnsmýri nær Öskju og Vísindagörðum.
- Eldri áætlanir gerðu ráð fyrir því að VoN yrði sameinuð í Vatnsmýri (þ.e. verkhlutinn og nátt- hlutinn). Núverandi deildarforsetar hafa hins vegar verið spenntari fyrir því að byggja í kring um VR (sem engar áætlanir gera ráð fyrir í dag).
- Nemendur verða að ákveða hvaða stefnu þeir vilja taka í þessum málum, hingað til hafa fulltrúar nemenda talað fyrir því að hugsað sé til langs tíma (30-50 ár) fram í tímann og hvort að þær byggingar sem eru nú þegar á melunum verði eftirsóknarverðar þá. Jafnframt þarf að skoða aðgengismál (galla þess að hafa sviðið á tveimur stöðum) og hvort það hafi jákvæðari áhrif að verkfræðin sé nær Vísindagörðum.

- **Starfsnefndir sviðsins**

- Eitt fyrsta verk nýs sviðsforseta var að fækka nefndum sviðsins niður í eina (kennslunefnd VoN). Áður voru öryggisnefnd, húsnæðisnefnd og fleiri nefndir en þær hittust mjög sjaldan. Mál þeirra hafa verið færð undir stjórn sviðsins.

Náms og-kennslumálanefnd VoN og Kennslumálanefnd SHÍ

Á fundum eru kennslumál rædd fyrir stjórn VoN. Ekkert er samþykkt þannig séð heldur er þetta málefnavinna og allar hliðar á málum teknar fyrir og ræddar ítar en á stjórnarfundum.

Þetta er roslega góður vettvangur fyrir okkur til að koma okkar málefnum á framfæri. Fundirnir eru á þriðjudögum frá 10-12:20.

Í ár voru tveir fulltrúar nemenda. Einn frá sviðsráði og einn frá Náttverk. Það var aðeins undantekning í ár því ekki var skýrst hvort Náttverk eða Sviðsráð áttu að tilnefna fulltrúa. Niðurstaðan var sú að hafa fulltrúa úr báðum ráðum. Framvegis skipar Sviðsráð aðeins einn fulltrúa og varafulltrúa. Sá fulltrúi færir einnig sæti í Kennslumálanefnd SHÍ. Fulltrúar á liðnu starfsári eru:

- Kristjana Björk Barðdal f.h. Sviðsráðs
- Hlynur Guðmundsson, formaður Fjallsins, f.h. Náttverk

Kennslunefnd VoN 2017-2018: Samantekt

Það voru ýmis mál sem komu inn á borð kennslunefndar VoN starfsárið 2017-2018. Lítið var um alvarleg mál en þó komu inn nokkur mál sem voru ítrekað til umræðu og vinnslu.

Stærstu málin sem nefndi tók á og vann að voru t.d. þau að vinna staðlaðar verklagsreglur fyrir sviðið er varða móttöku, úrvinnslu og eftirfylgni ábendinga nemenda. Þessari verklagsreglu er ætlað að taka á formlegum og óformlegum ábendingum frá nemendum er varða kennslu námskeiða, kennara og ýmis önnur málefni tengd því en ná þó ekki til ábendinga er varða einelti, áreiti eða alvarlegri mál sem krefjast tafarlausra eða fara í kærufjerli.

Þetta mál kviknaði vegna slæmrar þátttöku nemenda í miðmisseris- og kennslukönnunum og var stór hluti þess rakinn til þess að ekki virðist vera sambærilegt milli deilda hvernig kennarar taka og fylgja eftir ábendingum nemenda og virtist það vera sem að nemendur hefðu lítinn áhuga á því að taka þátt í þessu gæðamati ef ekki yrði hlustað á þá. Hér var ekki verið að leita eftir því að skella skuldinni á einhver einstaka námskeið né kennara, heldur er markmiðið að auka samtal kennara og deilda/námsbrauta við nemendur í þeirri von um að finna góðar lausnir á aðkallandi málum er snúa að kennslu.

Annað mál sem mikið var rætt, og þá sérstaklega á seinni hluta starfsársins, er móttaka nýnema haustið 2018. Eins og flestir vita eru margir framhaldsskólar að útskrifa í vor tvöfalda árganga vegna upptöku 3 ára framhaldsskólanáms og var það almennt viðhorf kennara, þá sérstaklega í raungreinunum, að dýnmik þeirra nýnema sem mun hefja nám við Háskóla Íslands haustið 2018 mun vera mjög frábrugðin þeim sem fyrir eru og töldu því mikilvægt að taka á móti nemendum viku fyrr en verið hefur og bjóða upp á einskonar „crash-course“ í ýmsum greinum í þessari fyrstu viku til þess að kanna stöðu nemenda og undirbúa þá betur fyrir það er kennsla hefst að fullu og var sótt um styrk í kennslusjóð hvað þetta varðar (í gegnum raunvísindadeild) en það sem að raunvísindadeildin er að leggja upp með að gera yrði einskonar template fyrir aðrar deildir sviðsins. NáttVerk og Sviðsráð VoN studdu þessa tillögu.

Eitthvað hefur verið rætt um samþættingu ákveðinna verklagsnámskeiða í framhaldsnámi en það var enginn fulltrúi framhaldsnema í nefndinni og því lítið sem kom út úr þeim málum annað en að kennarar stýrðu þessari umræðu og gekk tiltölulega snuðrulaust fyrir sig að ræða og vinna þau mál.

Viðhorfskönnun nemenda á 2. ári

Gagnaöflun fór fram frá mars til apríl en verkefnið er unnið af félagsvísindastofnun. Könnunin byggir á alþjóðlegum spurningalista og er framkvæmd árlega. Fram kemur að ánægja grunnnema VoN lækkar umtalsvert. Um þrjú af hverjum fjórum nemendum í HÍ eru ánægðir með gæði námsins þegar á heildina er litið, en hlutfallið er hvað lægst á VON (69%) og lækkar umtalsvert frá árinu 2016 (úr 77% í 69%).

Grunnnemar eru óánægðari með alla þætti náms en fyrir ári síðan. Útskrifaðir nemendur eru þó mjög ánægðir með námið og jókst ánægjan þegar á heildina er litið í HÍ. Á VoN fór hlutfall ánægðra úr 77% árið 2016 í 86% í ár. Mikilvægt að skoða niðurstöður fyrir einstakar deildir, meðaltal sviðs getur falið mikla dreifingu á milli deilda.

Náttverk

Náttverk er fulltrúaráð allra nemendafélaga innan VoN. Helsta markmið Náttverk er að hafa sameiginlegan vettvang fyrir nemendafélögin til að eiga samskipti á. Þá helst fyrir skipulagningu á Nýnemadögum sem eru haldnir í byrjun hvers skólaárs, Náttverk-leikar, útilega, Háskóladagurinn o.fl.

Skrifstofa VoN er í miklu samstarfi við Náttverk við skipulagningu á Nýnem og-Háskóladegnum ásamt öðrum viðlíka viðburðum eða verkefnum.

Náttverk eru ekki eiginleg hagsmunasamtök þó að þau séu öflugur samstarfsaðili með sviðsráði ef gera þarf ályktanir eða annars konar tilkynningar. Dæmi um það er stuðningur við áframhaldandi sjúkra -og endurtökupróf í lok annar. Náttverk er því öflugur stuðningur við hagsmunagæslu í krafti allra nemendafélaga á sviðinu.

Lög náttverk má nálgast á drive-i sviðsráðs Þar er nánari lýsing á tilgangi, ábyrgð þeirra.

Sviðsráð hefur einn fulltrúa Náttverk sem hefur atkvæðisrétt en allir sviðsráðsmeðlimir hafa áheyrnar- og tillögurétt á fundum.

Fundir voru haldnir óreglulega á þessu ári.

Núverandi fulltrúi er Baldur Helgi Þorkelsson

Nordtek samtökin

Nordtek eru samtök 27 Norrænna tækniháskóla sem kemur saman ár hvert.

Þá koma saman rektorar og sviðsforsetar hvers skóla og fara yfir stöðu mála í menntamálum og yfirleitt er eitthvað þema sem er meginþráður ráðstefnunnar. Einnig koma saman fulltrúar nemenda og halda vinnustofur þar sem unnið er með fyrir fram ákveðið þema.

Nordtek býður upp á skiptináms og í hverjum skóla eiga að vera „contact persons“ sem halda utan um allt sem því kemur við. Þeir hittast líka og ræða sín á milli.

Prógrammið er 3 dagar í heildina og á lokadeginum er ráðstefnan sjálf, þar sem niðurstöður fyrri funda er kynnt fyrir öllum þátttakendum ráðstefnunnar.

Í lokin er kosið um einn fulltrúa hvers lands í stúdentaráð Nordtek, sem mun þá sitja fram að næstu ráðstefnu og taka þátt í vinnu á vegum þess.

Þetta er frábær leið til þess að kynnast menntaheiminum í skólunum nálægt okkur og gaman að hitta aðra nemendur og bera saman lífið í skólunum. Margt sem má læra og margt sem maður getur kennt öðrum.

Fulltrúi nemenda á liðnu starfsári var Bergrós Arna Sævarsdóttir, formaður Naglanna 2016-2017.

Sviðsráð leggur til að kosið verði um fulltrúa nemenda innan Sviðsráðs. Þá er betur haldið utan um málefni á ráðstefnu Nortek og samskipti þeirra á milli. Fulltrúi Sviðsráðs VoN skilar af sér skýrslu eftir ráðstefnuna og að starfsári loknu.

Hagsmunamál á árinu

Sviðsráð setti upp víðamikinn grunn þar sem hagsmunamálum var forgangsraðað. Notast var við verkefnastjórnunarsíðuna *Trello* til skrá málin niður og fylgja þeim eftir. Athygli skal vakin á því að í mörgum tilfellum voru ýmis mál sem álitin sem kláruð því þau enduðu í strandi. Dæmi um það væri t.d. aukið grænkerafæði í Hámu Tæknigarði. Sviðsráð talaði við FS, sendi tölvupósta o.fl. til að ýta á eftir FS en lítið hefur gerst. Þessi listi að neðan er því ekki tæmandi.

Helstu hagsmunamál og staða þeirra sem sviðsráð vann að starfsárið 2017-2018 eru:

Mál sem eru búin

- 1) Yfirbyggð hjólaskýli í VRII. Verður tilbúið vorið 2018.
- 2) Koma fyrir kaffisjálfsala í VRII.
- 3) Stofur V-148 og V-156 í VRII eru opnar sem hópavinnuaðstaða fyrir stúdenta.
- 4) Aðstaða í Tæknigarði bætt með fleiri innstungum, borðum og stólum.
- 5) Komið á fót vettvangi þar sem stúdentar geta sent nafnlausar ábendingar til sviðsráðs.
- 6) Ályktun um samgöngur á Suðurnesjum í samstarfi við SHÍ samþykkt.
- 7) Komið á góðu samstarf milli sviðsráðs og stúdenta í tæknifræði í húsnæði Keilis.
- 8) Heftarar og gatarar í boði Röskvu litu dagsins ljós á fyrstu hæð VRII.
- 9) Ályktun um áframhald upptökuprófa í janúar fyrir haustmiseri.
- 10) Ítreka forgang þess að kennslustundir séu haldnar í sömu byggingum við gerð stundatafla námsleiða og ára.
- 11) Gerð á verklagsreglum Sviðsráðs.
- 12) Endurgerð laga Náttverk.
- 13) Lesstofa opnuð í Öskju fyrir stúdenta í grunnnámi.

Mál sem eru komin í farveg

- 1) Skápar í VRII (komið inn á borð Framkvæmda-og tæknisviðs HÍ)
- 2) Sviðsráð fékk aðkomu að rannsókn kennslunefndar VoN á vinnuálagi í námskeiðum og mun beita sér fyrir eftirfylgni á henni eftir að niðurstöður koma í ljós.
- 3) Farið verði yfir stóla í opnum rýmum í Öskju.
- 4) Koma fyrir matarsjálfsala í VRII.
- 5) Koma fyrir litaprentara í VRII og Öskju.

Mál sem á eftir að ráðast í

- 1) Stúdentar fái umsagnir fyrir öll verkefni sem gilda eiga til einkunnar.
- 2) Sjá til þess að betur verði haldið utan um þann verklega búnað sem er til staðar og að hann sé uppfærður eftir þörfum.
- 3) Konur í verkfræði og náttúruvísindum verði gerðar sýnilegri í kennslu. Þetta má framkvæma með því að fá sterkar kvenfyrirmyndir sem komnar eru út á vinnumarkað til þess að halda kynningu.
- 4) Gerður verði vettvangur fyrir stúdenta til þess að sameinast í bíla í skólann, svo sem í formi smáforrits.
- 5) Alltaf verði farið yfir niðurstöður kennslukannana með stúdentum og að athugasemdir verði teknar til skoðunar.
- 6) Rafræn skil verkefna verði aukin t.d. í gegnum Gradescope, Moodle og Uglu.
- 7) Flokkun sorps verði gerð skilvirkari og áltunnum bætt við.
- 8) Nám í tæknifræði verði gert sýnilegra á háskóladeginum og í kynningum háskólans.
- 9) Háma í Tæknigarði bjóði upp á grænmetisrétt í hádeginu.
- 10) Setja á fót kennsluverðlaun stúdenta þar sem kennarar eru verðlaunaðir fyrir vel unnin störf.
- 11) Útvega öllum nemendafélögum aðstöðu.
- 12) Hafa sólarhringsopnunartíma fyrir nemendur með stúdentaskírteini.
- 13) Bæta tengingu atvinnulífs og náms.
- 14) Bæta aðgengi fatlaðra á háskólasvæðinu. Sérstaklega í byggingum sviðsins.
- 15) Sviðsráð móti sér húsnæðisstefnu VoN og afhendi stjórn sviðsins

Helstu viðburðir

Sviðsþing VoN

Sviðsþing VoN er haldið árslega af sviðinu. Síðasta þing var haldið 16.maí árið 2017 frá kl 10-12 í Öskju. Umræðuefnið var *skipulag sviðsins*. Nemendur áttu 65. sæti á þinginu.

Sviðsráð VoN auglýsti viðburðinn á Fb síðu sviðsráðs og biðlaði til allra nemendafélaga að senda fulltrúa sinn á þingið.

Tengiliður við VoN var Íris Davíðsdóttir (irisd@hi.is).

Dagskráin var eftirfarandi:

- 10:00 Erindi sviðsforseta
- 10:30 Vinnuhópar um bestu stærð og gerð deilda
- 11:30 Umræður og niðurstöður
- 12:00 Þingi lýkur

Fulltrúar nemenda voru 11 talsins. Mest megnis frá nemendafélögum og Sviðsráði. Það mætti því auglýsa þetta töluvert betur. Dagsetningin hitti reyndar þannig á að nemendur voru byrjaðir í prófaundirbúningi.

Sviðsráð sendi frá sér ályktun til VoN til eftirfylgni. Það mætti endilega taka þau atriði fyrir sem koma í ályktuninni og koma þeim ábendingum aftur til sviðsins fyrir næsta þing. Ályktunin er svohljóðandi:

Sviðsþing Verkfræði- og náttúruvísindasviðs sem fór fram þann 16. maí í Öskju og mættu 11 fulltrúar nemenda, innan og utan sviðsráðsins á þingið.

Þingið var athyglisvert og mikilvægur vettvangur fyrir nemendur til að kynnast betur starfsfólki, verklagi og starfsemi sviðsins. Margt áhugavert var rætt bæði hvað varðar skipulag sviðsins og var þingið yfir heildina litið lærdómsríkt. Vonumst við til þess að taka þátt í því að ári liðnu og munum sömuleiðis hvetja fleiri til þess að mæta.

Sviðsráð vill benda á nokkur atriði sem að gætu bætt þingið þannig að það nýtist sem best fyrir sviðið.

Þátttaka í umræðum hefði mátt vera meiri, bæði af hálfu nemenda og starfsfólks. Farið var hratt í mikið efni og vantaði nemendur stundum forsendur til að geta tekið þátt. Sem dæmi má nefna að undir einum liðnum var farið að ræða námshögun og fyrirkomulag í tækniháskólanum í Danmörku (DTU) og samanburð þess við skipulag náms í HÍ. Fæstir nemendur HÍ þekkja hvernig námsskipulag DTU virkar, kosti þess eða galla og því erfitt fyrir nemendur að mynda sér skoðun. Við suma dagskrárliðina vantaði eins konar kynningarefni eða fundargögn sem hefði mátt gefa út fyrir fundinn en með því hefði verið auðveldara að taka þátt í umræðum.

Við einstaka dagskrárliði vantaði betri samantekt eða niðurstöður eftir umræður.

Það mætti skoða hvort umræður gæti orðið áhrifaríkari með uppsetningu eins og heimkaffi. Þá eru hópar fyrir hvert umræðuefni og þátttakendur geta valið sér t.d. 2 hópa eftir áhugasviði. Í hópunum fara fram dýpri umræður um efnið og í lokin taka hópstjórar niðurstöðurnar saman og kynna fyrir þinginu.

Sviðsráð Von þakkar Verkfræði- og náttúruvísindasviði kærlega fyrir þingið.

Opinn fundur sviðsráðs VoN

Opinn fundur Sviðsráðs var haldin 25. október frá kl 15:30-16:30.

Nemendafélög sendu fulltrúa sinn. Í heildina mættu 13. nemendur. Það hefði mátt auglýsa þetta betur og auka stemminguna fyrir fundinum. Það hitti reyndar þannig á að nokkur álagstími var hjá nemendum á þessum tíma og hafði áhrif á mætingu. Gott væri að hafa amk tvo fundi einn í t.d. september og anna eftir áramót. Hægt er að nálgast fundarskrá á drive-i sviðsráðs [hér](#).

Dagskrá þingsins var eftirfarandi:

- 15:40 - 16:00 - Kynning formanns á Sviðsráði og SHÍ
- 16:00 - 16:20 - Kynning á Skrifstofu SHÍ
- 16:20 - 16:30 - Kynning á hugmyndavinnu
- 16:30 - 16:35 - Pása
- 16:35 - 16:45 - Hugmyndavinnu skilað
- 16:45 - 17:00 - Sviðsforseti VoN heldur kynningu
- 17:00 - 17:10 - Kynningu á stjórnarfundum
- 17:10 - 17:15 - Lok fundar

Niðurstöður úr hugmyndavinnunni var eftirfarandi:

Þátttakendum fundarins var skipt í tvo hópa, nemendur sem sækja mesta þjónustu í VR II og nemendur sem eru aðallega í Öskju. Eftirfarandi hugmyndir komu fram:

- Kaffivél með kortarauf í Öskju

- Lesstofa – með aðgangi fyrir grunnnema í Öskju
- Heimastofur fyrir nemendur í Öskju
- Aðstaða fyrir nemendur í hjólastól sem kemur eftir lokun í Öskju
- Misræmi milli álags í áföngum. Einingar ekki í hlutfalli við álag
- Lok á kaffimál við nýju kaffivélina í VR
- Skápamál í VR og Öskju
- Betri kynning á náminu hjá hverri deild fyrir sig.
- Ekki hægt að velja Tæknigarð sem heimabyggingu
- Litaprentari í Öskju og VR

Sviðsforseti fór stuttlega yfir feril sinn og hvernig nemendur geta haft áhrif í stjórnsýslu í tengslum við nemenda. Sviðsforseti fór yfir sína sýn á sviðið, hvernig hann vill einfalda ferla og hvernig byggja á upp innviði sviðsins. Sigurður nefndi símat í áföngnum, þróun kennslumála innan sviðsins og hvernig auka megi hópavinnuáðstöðu. Hann fór líka yfir hvernig bæta megi aðstöðu nemenda almennt.

Sigurður nefndi einnig hvernig hann vill bæta rannsóknarstörf innan sviðsins og þróun þeirra. Sigurður fór einnig yfir fjárhag skólans og að þó að skólanum væri sniðinn þröngur stakkur að þá væru margir góðir hlutir í gangi. Sigurður ítrekaði mikilvægi þess að koma ábendingum áfram og úrbótum á framfæri. Jafnframt spunnust umræður um upptöku fyrirlestra, kennslukannanir og samskipti nemenda og kennara almennt.

6.3 Nýnemadagar

Nýnemadagurinn var haldin 18.ágúst. Í ár unnu Kristjana Björk sviðsráðsmeðlimur VoN og Ragna Sigurðardóttir formaður stúdentaráðs kynningu. Kynningin var í aðaldagskrá nýnemadagsins fyrir alla nýja nemendur innan Verkfræði- og náttúruvísindasviði. Þar kom fram tilgangur Stúdentaráðs og sviðsráðs.

Áhersla var lögð á að fólk myndi vita hvað við gerum, hvernig væri hægt að nálgast okkur og sömuleiðis hvenær skrifstofan væri opin. Við settum myndir af öllum aðilum í báðum ráðum með von um að nemendur myndu seinna kannast við þau og nýta sér þjónustu ráðanna. Í framhaldi af kynningu í stóra salnum í Háskólabíó vorum við til staðar þegar að nýnemar gæddu sér á pulsum. Við settum upp kínastand Stúdentaráðs og sátum fyrir spurningum ef einhverjar voru. Það var engin sem nálgadist okkur þegar við sátum fyrir spurningum en aftur á móti er fólk að sjá logo-ið og skiptir máli að fólk viti af okkur.

Til þess að bæta nýnemadaginn væri t.d. hægt að vera með leik fyrir nýnema þar sem þau myndu koma til okkar og svara spurningum og þá komast í pott eða eitthvað álíka.

Verklagsreglur

Verklagsreglur sviðsráðs voru samþykktar á skiptafundi sviðsráðs (20.mars, 2018). Þær má nálgast í drive-i sviðsráðs [hér](#) og að hér að neðan.

Verklagsreglur Sviðsráðs VoN

1. Sviðsráð skal funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði.
2. Formaður boðar fundi með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara.

3. Formaður ábyrgist fundaraðstöðu.
4. Sviðsráðsmeðlimir skulu mæta tímanlega á fundi.
5. Ritari ábyrgist fundargerðir og skilar þeim innan við viku frá fundi.
6. Á fundum sviðsráðs hefur aðalfulltrúi áheyrnar-, málfrelsis- og atkvæðisrétt.
7. Ef aðalfulltrúi í sviðsráði forfallast skal tilkynna forföllin og boða varfulltrúa í sinn stað með sólarhrings fyrirvara.
8. Varafulltrúar hafa rétt á að mæta á alla fundi sviðsráðs og hafa þá áheyrnar-, málfrelsis- og tillögurétt. Ef varafulltrúi situr í stað aðalfulltrúa þá hefur hann einnig atkvæðisrétt.
9. Þegar nýtt sviðsráð tekur við skal haldinn skiptafundur með fráfarandi sviðsráði
 - a. Fulltrúar nýs sviðsráðs kjósa um formann og ritara.
 - b. Kosið skal um fulltrúa í fulltrúaráð (Náttverk). Hann hefur áheyrnar- málfrelsis- og atkvæðisrétt á fundum Náttverk. Aðrir sviðsráðsmeðlimir hafa áheyrnar- málfrelsis- og tillögurétt á fundum Náttverk.
 - c. Kosið skal um markaðsfulltrúa sviðsráðsins.
 - d. Kosið skal um tvo fulltrúa í stjórn VoN. Æskilegt er að fulltrúarnir komi úr ólíkum deildum og að kynjasjónarmið séu höfð í huga.
 - e. Kosið skal um fulltrúa og varafulltrúa í Náms- og kennslumálanefnd VoN sem hefur jafnframt sæti í Kennslumálanefnd SHÍ.
 - f. Verklagsreglur skulu kynntar nýju sviðsráði á skiptafundi sviðsráðsins.
 - g. Ársskýrsla sviðsráðs skal afhent í lok starfsárs. Í henni koma fram helstu upplýsingar um starf sviðsráðs, almenn lýsing á starfi og skipulagi fráfarandi sviðsráðs.
 - h. Fráfarandi fulltrúar bera ábyrgð á því að nýkjörnir fulltrúar séu upplýstir um starfshætti og málstöðu sviðsráðs.
10. Tímabilið milli kosninga til sviðsráðs og skiptafundar sviðsráðs skal nýtt sem aðlögunartímabil þannig að nýkjörið sviðsráð situr fundi með fráfarandi sviðsráði.
11. Tveir meðlimir sviðsráðs geta krafist formann um fundarboð.
12. Fundur telst löglegur ef meirihluti atkvæðabærra fulltrúa er mættur.
13. Fundir eru opnir öllum og haldinn skal opinn upplýsingafundur fyrir nemendum sviðsins um starf sviðsráðsins minnst einu sinni á starfsári.
14. Fundargerðir eru aðgengilegar öllum á þar til gerðum vettvangi á vegum sviðsráðsins.
 - a) Hægt er að kjósa um að hafa fundargerð ekki opna og þarf þá einróma samþykki sviðsráðsmeðlima.
15. Meðlimir sviðsráðsins skulu halda samskiptum sínu á faglegum nótum.
16. Sviðsráð ber ábyrgð á að kynna þjónustu Háskóla Íslands, réttindaskrifstofu SHÍ fyrir nemendum sviðsins, þar á meðal verklagsreglur og fagráð Háskóla Íslands um viðbrögð við kynferðislegri og kynbundinni áreitni og kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi.
17. Sviðsráð sér til þess að VoN hafi aðgang að stjórnskiptingu og ábyrgðardreifingu Sviðsráðs og Náttverk. (Hver skiptir í hvaða nefnd osfr.)

18. Formaður Sviðsráðs býr til vettvang fyrir nýskipað Náttverk.

19. Formaður sér um að halda uppi góðum anda í sviðsráði.

Ábyrgðarhlutverk

Formaður sviðsráðs sér um að boða til funda sviðsráðs með tveggja daga fyrirvara. Fundir eiga að vera haldnir a.m.k. einu sinni í mánuði og formaður finnur einnig fundarstað. Formaður sér um að útteila verkefnum á alla einstaklinga og ganga á eftir þessum verkefnum. Ábyrgðarhlutverk einstaklinga verður að vera skýrt. Formaður sér til þess að góður andi sé við líði.

Mikilvægt að ganga á eftir málum og skrá alla framvindu og breytingar í Trello eða þeim vettvangi sem á við.

Formaður sviðsráðs sér einnig um að útbúa vettvang fyrir Náttverk (fb-grúppu).

Ritari Sviðsráðs sér um og ber ábyrgð á að fundargerðir séu ritaðar á fundum og haldið til haga. Fundargerðir skulu vera tilbúnar og aðgengilegar þremur dögum eftir fund.

Markaðsfulltrúi sér um að halda Facebook-síðu og öðrum miðlum uppfærðum með reglulegu millibili. Þetta er mikilvægt hlutverk fyrir ásýnd sviðsráðs VoN og svo nemendur viti hvert hægt sé að leita.

Sviðsráðsmeðlimir sjá um sín verkefni og að ganga á eftir þeim. Sviðsráð er samsett af sviðsráðsmeðlimum og hægt er að koma mörgu í framkvæmd ef að allir hjálpast við að ná settum markmiðum.

*F.h. sviðsráðs Verkfræði- og náttúruvísindasviðs,
Baldur Helgi Þorkelsson
Formaður*

Viðauki C

Skýrsla um stefnumótunarferð Stúdentaráðs Háskóla Íslands á Hvanneyri 8. og 9. júlí 2017



**Skýrsla um stefnumótunarferð Stúdentaráðs Háskóla
Íslands á Hvanneyri 8. og 9. júlí 2017**

1. Inngangur

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) fór í stefnumótunarferð dagana 8. og 9. júlí 2017 á Hvanneyri í Borgarfirði. Tilgangur ferðarinnar var tvíþættur. Annars vegar að undirbúa ráðið og meðlimi þess fyrir komandi starfsár með málefnalegri stefnumótun á mikilvægum sviðum hagsmunabaráttu stúdenta og hins vegar að hrista hópinn saman og skapa vettvang fyrir fólk til að kynnst betur. Með þessari skýrslu er ætlunin að varðveita þá þekkingu sem safnaðist saman við skipulagningu stefnumótunarferðarinnar og miðla henni áfram til þeirra sem halda utan um slíkt í framtíðinni hjá SHÍ. Höfundur skýrslunnar er Sigmar Aron Ómarsson, hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs 2017 - 2018.

2. Undirbúningur og skráning

Undirbúningur fyrir ferðina hófst skömmu eftir að ný skrifstofa SHÍ tók til starfa. Þann 31. maí var tekin ákvörðun um að ferðin skyldi farin dagana 8. og 9. júlí í kjölfar könnunar meðal stúdentaráðsliða. Ákvörðunin var kynnt samdægurs á Slack svo allir gætu gert viðeigandi ráðstafanir um frí þessa helgi. Þann 7. júní var skráning í ferðina sett af stað á Slack. Stúdentaráðsliðar, varamenn og fulltrúar í nefndum SHÍ áttu kost á að fara með í ferðina. Skráning var góð en alls skráðu 34 sig í ferðina. Einhverjir voru einungis annan daginn, laugardaginn eða sunnudaginn eftir atvikum.

Næst á dagskrá var að finna hentugt húsnæði fyrir ferðina. Ákveðið var, í ljósi fyrri reynslu, að fara eitthvert út fyrir höfuðborgarsvæðið. Haft var samband við nokkur félagsheimili en þau reyndust uppbókuð. Þá var athugað hvort Gamli skólinn á Hvanneyri væri laus þessa helgi og reyndist svo vera. Húsið var að mörgu leyti hentugt fyrir verkefnið. Þar eru þrjár kennslustofur sem hægt var að nota fyrir hópavinnuna og á efstu tveimur hæðunum eru herbergi með 30 rúmum sem hægt var að gista í. Helstu ókostir húsnæðisins eru slæmt aðgengi (gamalt hús á 4 hæðum, án lyftu) og ónóg eldunaraðstaða. Lítilldhúskrókur er á neðstu hæð hússins sem dugði vel fyrir kaffi og morgunmat en við hefðum þurft betri eldunaraðstöðu fyrir hádegis- og kvöldmat. Kvöldmatur var að vísu leystur með grilli fyrir utan. Þau mistök voru hins vegar gerð að ekki var keypt nógu mikið af kolum. Nánar verður fjallað um mat í ferðinni hér að neðan.

3. Dagskrá

Dagskrá stefnumótunarferðarinnar var eftirfarandi:

| Laugardagur | | Sunnudagur | |
|-------------|-------------------------------|------------|---------------------------|
| 9:00 | Brottför frá Reykjavík | 9:00 | Morgunmatur |
| 10:00 | Koma á Hvanneyri | 9:30 | LÍN kynning |
| 10:20 | Kynning á málefnavinnu | 10:00 | Málefnavinna |
| 10:30 | Málefnavinna | 11:30 | Hádegismatur |
| 12:00 | Hádegismatur | 12:30 | Málefnavinna |
| 13:00 | Málefnavinna | 15:30 | Kaffihlé |
| 16:00 | Kaffihlé / Hvanneyrarhátíð | 16:00 | Samantekt málefnavinnu |
| 17:00 | Samantekt málefnavinnu | 17:00 | Valfrjáls sundferð |
| 19:00 | Kvöldmatur/kvölddagskr á | | |

Eins og sjá má fór mestur tími í málefnavinnu, enda megingilgangur ferðarinnar að undirbúa stúdentaráðsliða fyrir starfsárið með málefnalegri stefnumótunarvinnu. Þó að málefnavinnan hafi tekið mestan tíma fór líka þó nokkur tími í hlé og frjálsan tíma sem var hugsaður sem hópefli fyrir hópinn. Á laugardagskvöldinu var grillað saman og í kjölfarið farið yfir á pöbbinn á Hvanneyri. Dagskráin stóðst í öllum meginatriðum. Örlitlar tilfæringar voru gerðar, meðal annars vegna Hvanneyrarhátíðar á laugardeginum í því skyni að gefa fólki kost á að taka þátt í henni. Einnig hófst dagskrá aðeins seinna en gert var ráð fyrir á laugardeginum. Það kom þó ekki að sök þegar uppi var staðið.

4. Málefnavinna

Málefnavinnan var sett upp með þeim hætti að þátttakendum var skipt upp í fjóra hópa. Hóparnir fóru svo á milli málefnastöðva en á hverri stöð var tiltekinn málaflokkur til umræðu. Málefnastöðvarnar voru fjórar hvorn daginn. Á hverri málefnastöð var hópstjóri sem stýrði umræðum og kynnti helstu niðurstöður hópsins í lok dags. Hver hópur heimsótti hverja stöð tvisvar yfir daginn. Í fyrri umferð voru helstu áskoranir/vandamál í viðkomandi málaflokki til umræðu en í seinni umferð voru ræddar hugmyndir að lausnum. Rétt er að taka fram að ýmsa

fleiri málaflokka hefði verið hægt að taka til umræðu en tímans vegna var ákveðið að takmarka flokkana við þá átta sem urðu fyrir valinu að þessu sinni. Málefnaflokkar og hópstjórar voru eftirfarandi:

| Laugardagur | |
|---|-------------------------|
| <i>Málefni</i> | <i>Hópstjóri</i> |
| Aðstöðu- og húsnæðismál | Ási Þórðarson |
| Umhverfis- og samgöngumál | Vigdís Bergsdóttir |
| Jafnréttismál | Valgerður Hirst Baldurs |
| Aðgerðir vegna undirfjármögnunar háskólanna | Ragna Sigurðardóttir |

| Sunnudagur | |
|-----------------------|------------------------------|
| <i>Málefni</i> | <i>Hópstjóri</i> |
| Fjölskyldumál | Kristrún Helga Jóhannsdóttir |
| Gæða- og kennslumál | Davíð Erik Mollberg |
| Skipulag Stúdentaráðs | Sigmar Aron Ómarsson |
| Málefni LÍN | Ragnar Auðun Árnason |

Dagskrá málefnavinnunnar var sem hér segir:

| Laugardagur | | Sunnudagur | |
|--------------------|---------------------|-------------------|---------------------|
| 10:30-11:00 | Áskoranir 1 | 09:30-10:00 | LÍN kynning |
| 11:00-11:30 | Áskoranir 2 | 10:00-10:30 | Áskoranir 1 |
| 11:30-12:00 | Áskoranir 3 | 10:30-11:00 | Áskoranir 2 |
| 12:00-13:00 | <i>Hádegismatur</i> | 11:00-11:30 | Áskoranir 3 |
| 13:00-13:30 | Áskoranir 4 | 11:30-12:30 | <i>Hádegismatur</i> |
| 13:30-14:00 | Lausnir 1 | 12:30-13:00 | Áskoranir 4 |
| 14:00-14:30 | <i>Kaffihlé</i> | 13:00-13:30 | Lausnir 1 |

| | | | |
|-------------|-----------|-------------|-----------|
| 14:30-15:00 | Lausnir 2 | 13:30-14:00 | Lausnir 2 |
| 15:00-15:30 | Lausnir 3 | 14:00-14:30 | Kaffihlé |
| 15:30-16:00 | Lausnir 4 | 14:30-15:00 | Lausnir 3 |
| 16:00-17:00 | Kaffihlé | 15:00-15:30 | Lausnir 4 |
| 17:00-18:00 | Samantekt | 15:30-16:00 | Kaffihlé |
| | | 16:00-17:00 | Samantekt |

Eins og sést á dagskránni var samantekt í lok hvers dags. Þá fóru hópstjórar yfir vinnu hvers málefnaþóps og kynntu hverjar helstu niðurstöður hefðu verið. Þetta reyndist vel og þátttakendum þótti gott að fá yfirlit yfir vinnu og umræður dagsins.

5. Matur

Tekin var ákvörðun um að SHÍ myndi standa straum af kostnaði við mat á meðan á stefnumótunarhelginni stóð. Um var að ræða hádegismat laugardag og sunnudag, kvöldmat á laugardag og morgunmat á sunnudag ásamt kaffi og meðlæti yfir daginn. Í hádegismat á laugardeginum voru keyptir veislubakkar frá Subway og grillaðir hamborgarar um kvöldið. Á sunnudeginum voru rúnstykki og meðlæti í morgunmat. Í hádegismat á sunnudeginum var hugsunin að vera með grænmetissúpu en lítil ferðahella sem við höfðum til afnota reyndist ekki nógu öflug til að hita 10 lítra af súpu í tæka tíð. Sem betur fer voru til afgangar af hamborgurum sem grillaðir voru í blíðviðrinu á Hvanneyri. Súpan hitnaði þó að lokum og var borðuð síðar um daginn. Eins og áður hefur komið fram var eldunaraðstaða ófullnægjandi í Gamla skólanum á Hvanneyri. Þetta er atriði sem mikilvægt er að huga vel að við skipulagningu svona ferðar í framtíðinni.

6. Kostnaður

Engin þátttökugjöld voru innheimt fyrir ferðina, þar sem um vinnuferð á vegum SHÍ var að ræða. SHÍ stóð því straum af kostnaði við ferðina að öllu leyti. Reynt var að halda kostnaði í lágmarki en heildarkostnaður nam 157.252 kr.. Sundurliðun á kostnaði ferðarinnar má sjá í töflunni hér að neðan. Maturinn var keyptur hjá Subway, Bónus og Costco. Hópstjórum var boðið að fá ferðakostnað endurgreiddan en aðeins einn hópstjóri nýtti sér það. Þátttakendur stóðu að öðru leyti sjálfir straum af ferðakostnaði en þeir voru hvattir til að sameinast í bíla.

| Kostnaðarliður | Upphæð |
|--------------------------|---------------|
| Húsnæði | 75000 |
| Matur | 80252 |
| Ferðakostnaður hópstjóra | 2000 |
| <i>Samtals</i> | <i>157252</i> |

7. Úrvinnsla

Stefnumótunarferðin var einungis fyrsta skrefið í átt að mótun og samþykkt stefnu SHÍ í þeim málaflokkum sem voru til umræðu. Eftir ferðina voru hópstjórar beðnir að útbúa samantekt á umræðum og niðurstöðum síns hóps. Þessum samantektum var svo skilað inn til skrifstofu SHÍ. Ákveðið var að ferill stefnumótunarvinnunnar yrði eftirfarandi:

1. Málefnavinna í stefnumótunarferð á Hvanneyri
2. Samantektir hópstjóra eftir stefnumótunarferð
3. Vinna í nefndum og starfshópum við mótun stefnudraga
4. Fullbúin stefnudrög samþykkt í nefndum
5. Stefnudrög lögð fyrir Stúdentaráð til umræðu og samþykktar
6. Stefna SHÍ í viðkomandi málaflokkum kynnt og birt opinberlega

8. Umsagnir

Eftir ferðina voru þátttakendur beðnir að svara stuttri könnun um ferðina og umgjörð hennar. Hér að neðan má sjá spurningarnar og svörin sem bárust:

8.1. Hvernig þótti þér skipulag helgarinnar?

- Mjög gott (3)
- Framúrskarandi (2)
- Til fyrirmyndar (2)
- Mjög gott - þó svo að við drógumst nokkrum sinnum aftur úr svk. tímaskipulaginu þá var fólk fljótt að endurskipuleggja jafn óðum!
- Mér þótti skipulagið gott
- Mjög gott skipulag, gekk allt mjög vel og timanlega. Ljóst að það for mikil undirbuningsvinna fram
- Mér fannst það mjög gott. Þægilegt að vera með dagskrána fyrir fram ákveðna. Hef ekkert út á skipulagið að setja.
- Skipulagið var til fyrirmyndar. Dagskráin var þétt en passleg.
- Skipulag helgarinnar var til fyrirmyndar
- Skipulagið var til fyrirmyndar
- Frábært

8.2. Hvernig þótti þér hópavinnan?

- Góð (3)

- Hún gekk mjög vel og var virkilega skilvirk.
- Hún var frábær. Hópa stærðin var þægileg og mér fannst gott að fara tvisvar í hvert mál og búta niður áskoranir og lausnir
- Til fyrirmyndar
- Öflug
- Hún gekk vel
- Almennt góð en fannst fyrri dagurinn ganga betur. Gæti hafa haft eitthvað með hóp að gera.
- Mjög góð. Hefði verið til í að rótera meira um hópa samt sem áður því að sterkar raddir taka yfir.
- Hópaþinginn var skemmtileg og tíminn sem var varinn í hverja stöð fyrir sig var fullkominn. Leiðbeinendurnir voru einnig duglegir að virkja alla í hópnum.
- Hentaði vel að hafa þetta tvískipt og impra á því hvað þurfi að gera
- Hópaþinginn var góð, sniðugt að skipta um hópa milli daga og að tryggja að fulltrúar beggja fylkinga voru í öllum hópum.
- Virkaði mjög vel með þessum fjölda innan hóps
- Frábær

8.3. Hvernig þótti þér kynningin og samantektirnar?

- Þetta var allt saman mjög vel skipulagt og gekk því ágætlega fyrir sig
- Flott
- Flottar, gaman að fara yfir afköst dagsins og heyra skoðanir hinna hópanna
- Góð
- Mjög góðar
- Hefðu mátt brjóta þær upp
- Til fyrirmyndar
- Hnitmiðað.
- Mjög flott.
- Það var gott að fá smá samantekt í lok dags til að fá betra yfirlit og átta sig á áherslum hvers hóps fyrir sig.
- Vel staðið að kynningum og samantektum
- Mjög góð
- Góð til að fá ákveðna yfirsýn yfir daginn
- Góðar, ekki of langar
- Frábær

8.4. Er eitthvað sem þér fannst vanta í stefnumótunina?

- Ekkert sem mér dettur í hug, nei
- Bjór
- Ekkert sem mér dettur í hug
- Meira kol. Annars ekkert
- Hefði mátt ræða sérstaklega um FS tengd mál undir sérstökum lið.
- Nei
- Hefði verið til í meira hópefli.

- Ef til vill hefði mátt vera meira hópefli til að kynnast hópnum aðeins betur.
- Það er kannski helst spurning hvort það sé unnt að vera með stefnumótunina talsvert fyrr. Í júlí eru 5 mánuðir frá kosningum og þá eru einnig margir í fríi.
- Ekkert sérstakt
- Neihei - fengum meira að segja sól og bongó!
- Nei, virkilega vel skipulagt og flott stefnumótun
- Nokkuð stór þæling: Ef möguleiki, að hópstjórar eða þá einhverskonar aðstoðaraðilar þekki meira af og hafi aðgengilegri grundaðar upplýsingar um sum viðfangsefnin. Það er, betri þekking á hvernig mismunandi leiðir hafa virkað pragmatískt fremur en fræðilega. Til að mynda niðurstöður rannsókna, reynsla annarra skóla, reynsla kennara eða annarra o.s.frv. Sumsstaðar var þetta frábært annars staðar aðeins meira þarft. Fundar gögnin gætu t.a.m. innihaldið meira af slíkum gögnum frá hverjum og einum hópstjóra (eins og t.a.m. undirfjármögnunar punktarnir), annars eigum við í of mikillri hættu á að ræða möguleika fyrir stefnur með fræðilegum hætti sem getur reynst afar skammsýnt og jafnvel tilgangslaust í einhverjum tilfellum. Annars stóðuð þið ykkur frábærlega með helgina og for hún langt fram úr mínum bestu vonum. Frábær fundarstjórn með frábæru fólki að tala um frábæra hluti. Þið eruð frábær, keepitup!

8.5. Annað sem þú vilt koma á framfæri?

- Takk fyrir frábæra ferð!
- Þið eruð frábær!
- Eg vil hrosa ykkur serstaklega fyrir LÍN kynninguna og samanburðinn a norðurlöndunum
- ÞIÐ ERUÐ SNILLINGAR - TAKK FYRIR MIG <3
- Snillarnir á skrifstofunni eiga hrós skilið
- Stefnumótunin sjálf var til fyrirmyndar. Eina sem ég vil koma að er að hún mætti vera mun fyrr í starfinu, þar sem við höfum nú starfað í nokkra mánuði og vorum fyrst núna bara að kynnast fulltrúum frá hinni fylkingunni. Ef að það er ekki hægt þá væri allavega gott að hafa einhverskonar hópefli sem fyrst eftir kosningar. Ég tel að það myndi valda því að SHÍ starfi betur og í betri sameiningu - og ef ekki það að þá allavega myndast (vonandi) meiri virðing ef maður þekkir einstaklingana.

8.6. Ályktanir

Af þessum svörum að dæma virðist almenn ánægja hafa verið með ferðina. Helst má nefna að einhverjir hefðu viljað meira hópefli og taka umræðurnar í hópavinnunni lengra með meiri gögnum og undirbúningi. Við val á hópstjórum var hugað að því að þeir hefðu þekkingu og innsýn í viðkomandi málaflokk. Hins vegar er alveg þess virði að skoða hvort tilefni sé til að hefja undirbúning með hópstjórum fyrr, afla fleiri gagna og senda þau fyrr út til þátttakenda.

9. Samantektir hópstjóra

Hér að neðan má sjá samantektir hópstjóra málefnaþópanna.

9.1. Aðgerðir vegna undirfjármögnunar háskólastigsins

Hópstjóri: Ragna Sigurðardóttir

Í umræðum um undirfjármögnun háskólastigsins komu fram mikið af góðum hugmyndum um hvernig best væri að vekja athygli á ástandinu og afleiðingum þess. Eins og í öðrum hópum voru áskoranir og aðgerðir ræddar, en aðgerðirnar miðuðust fyrst og fremst að því að þrýsta á stjórnvöld að bæta úr fjármögnunarbanda háskólastigsins. Í því felst talsverð áskorun þar sem hún krefst ekki aðeins beinna samskipta við stjórnvöld heldur einnig við stúdenta og almenning. Áskoranir voru því m.a. að skilja undirfjármögnunina, afleiðingar hennar og orsakir og koma þeim skilaboðum áleiðis til nemenda og til almennings í þeim tilgangi að þrýsta á úrbætur. Einnig kom fram áminning um að gæta þyrfti hagsmuna stúdenta í hvarvetna, þ.e. að þörf væri á að veita háskólanum aðhald þegar kæmi að niðurskurði sem hefur áhrif á nemendur.

Hópastarfið fór þannig fram að allir í hópnum skrifuðu áskoranir og aðgerðir á miða og miðum var síðan hópað saman eftir flokkunum sem mynduðust í umræðum hópsins. Hér fyrir neðan má finna helstu flokka áskorana og aðgerða sem komu fram á miðunum á punktaformi. Rétt er að taka fram að umræðurnar sem mynduðust voru talsvert innihaldsríkari en hugsanlega kemur fram hér fyrir neðan, en þær voru í senn lærdómsríkar og hvetjandi fyrir undirritaða og vonandi fyrir alla sem tóku þátt í hópavinnunni.

Áskoranir tengdar undirfjármögnun háskólastigsins:

1. Viðhorf

- Viðhorf samfélagsins til fjármögnunar menntakerfisins
- Viðhorf stjórnvaldamanna til háskólakerfisins

2. Gæði kennslu

- Risastórir kennsluhópar
- Verr launað starfsfólk
- Minni hvati til bættrar kennslu

3. Skortur á námsframboði

- Niðurfelling námskeiða & fækkun námsleiða
- Fámennari greinar hverfa
 - *Deild erlendra tungumála*

4. Jafnréttis til náms

- Minni námsaðstoð, utanumhald og sértæk þjónusta
- Mögulegar fjöldatakmarkanir?
- Verri námsaðstaða og aðgengi að henni

5. Afleiðingar fyrir samfélagið

- Minnkuð samkeppnishæfni
- Færri tækifæri til framþróunar
- Verra samfélag

6. Hvernig á að vekja athygli í fjölmiðlum?

- Myndbandsátök
- Greinaskriftir
- Fræðsla
- Fréttir
 - *Sjónvarp*
 - *Útvarp*
 - *Blöð*

7. Hvernig er best að þrýsta á stjórnvöld?

- Senda opinbera fyrirspurn á MMR
 - *Hvert fer skrásetningargjaldið?*
- Funda með MMR
- Ganga á þingmenn - senda fyrirspurnir um fjármögnun háskólakerfisins
- Fundir & ráðstefnur með stjórnámálamönnum

8. Hvernig er best að haga samstarfi við nemendur?

- Fundir með nem. félögum
- Við erum talsmenn SHÍ!

9. Hvernig er best að haga samstarfi við háskólann?

- Funda með deildum, sviðum og háskólanum um afleiðingar undirfjármögnunar

Aðgerðir tengdar undirfjármögnun háskólastigsins:

1. Gæta þarf þess að gæta hagsmuna stúdenta - alltaf!

- Niðurskurður á ekki að koma niður á nemendum
- Gæta þess að forgangsröðun vegna undirfjármögnunar komi ekki niður á námsmönnum

2. Hugmyndir að mótmælaaðgerðum / gjörningum

- Fjöldamótmæli vegna fjárlaga - undirbúa vel
- Plaköt
- Undirskriftasafnanir
- Setuverkfall í menntamálaráðuneytinu
- Loka byggingu
- Sekta alpinismenn (stöðumælasektir)
- Crowdfund fyrir háskólann
- Hlaupa fyrir háskólann (Reykjavíkumaraþon)

3. Mögulegt samstarf við atvinnulíf

- Sækja um styrki til fyrirtækja
- Fá fyrirtæki í lið með okkur!

Takk öll sem tóku þátt í umræðum í hópnum!

9.2. Aðstöðu- og húsnæðismál

Hópstjóri: Ási Þórðarson

Í þessum hóp var farið yfir víðan völl um húsnæðis og aðstöðumál nemenda við Háskóla Íslands. Umræður skiptust í tvö meginstef, áskoranir tengdar aðstöðu og húsnæði Háskóla Íslands og áskoranir tengdar Félagsstofnun Stúdenta. Mikill samhljómur var meðal alla hópa um í hverju helstu vandamál fólust og er greint frá þeim hér að neðan.

Áskoranir og vandamál tengd Háskóla Íslands:

1. Heilsuspillandi aðstæður og slæmt ástand bygginga HÍ. –
2. Skortur á lesstofum og hópavinnuherbergjum. Almenn óánægja með vinnuaðstöðu við HÍ. Skortur á skápum, of fáar heimastofur.
3. Opnunartími bygginga er stórt vandamál. Of fáir með aðgangskort og því geta ekki allir komist inn í skólann. Einnig óánægja með að hve fáu aðgangskortin virka.
4. Aðgengi að byggingum er ábótavant.

Þessi fjögur atriði voru það helsta sem brann á í umræðum um vandamál tengd aðstöðu við HÍ. Þegar kom að því að ræða lausnir og úrbætur voru hóparnir almennt mjög lausnamiðaðir.

Úrbætur og lausnir:

1. Mikilvægt að sviðsráð séu sterk og þrýsti á umsjónarmenn fasteigna á viðeigandi stöðum. Ef það er ekki áætlan HÍ að laga aðstæður þá er næsta skref að vekja athygli á honum opinberlega. SHÍ gæti kostað mælingar á raka og myglu og kynnt það á sínum svæðum.
2. SHÍ eigi samtalið við framkvæmda- og eignasvið um lausnir á þessu. Eru breytingar í vendum hjá HÍ sem SHÍ gæti nýtt í að þrýsta á stærri lesstofu aðstöðu og hópavinnurými? Einnig þarf að tala við umsjónarmenn fasteigna um að finna annan stað fyrir borð á Háskólatorgi þegar þarf að færa þau.
3. SHÍ eigi samtalið við framkvæmda- og eignasvið og leiti lausna í samstarfi við þau um hvernig best sé að leysa flækjustig með aðgangskort og opnunartíma.
4. Jafnréttisnefnd SHÍ taki út aðgengi í byggingum og þrýst sé á HÍ að bæta úr þar sem er ábótavant.

Áskoranir og vandamál tengd Félagsstofnun Stúdenta:

1. Skortur á húsnæði.
2. Gæluþrávarnir Stúdentagarðar. Að það séu Stúdentagarðar sem bjóði upp á að dýr séu leyfileg
3. Bílastæðamál og aðgengi við byggingar séu í lagi.
4. Íbúðir séu mögulegar til styttri leigutíma sér í lagi yfir sumartímann.
5. Stúdentagarðar þurfa að vera umhverfisvænir. Flokkunaraðstaða þarf að vera í lagi og umhverfsvottun þarf að vera til staðar.
6. Forgangsröðun á biðlista innan höfuðborgarsvæðisins.

Úrbætur og lausnir:

1. Stúdentaráð þarf reglulega að vekja athygli á því að húsnæðisvandinn er mikill og að nauðsynlegt sé að stuðla að heildrænni uppbyggingu húsnæðis fyrir stúdenta þar sem framtíðarsýn er fyrir hendi.
2. Stúdentaráð þarf að búa til erindi með góðri lausn varðandi hvernig hægt sé að búa til gæludýravæna Stúdentagarða. Hægt væri að eiga fund með húsnæðisdeild FS
3. Eiga þarf fund með húsnæðisdeild FS um hvernig hægt sé að leysa bílastæðavanda. Það eru fordæmi fyrir því að utan að nemendur geti leigt út bílastæðin sín ef þau eru ekki að nota þau. Einnig má taka upp gjaldskyldu á bílastæðum til þess að letja fólk frá því að koma á bíl í skólann. Vekja athygli og hvetja til þess að fólk fari í samfloti.
4. Þetta myndi ekki ganga.
5. Stúdentaráð þarf að gera FS ljóst að mikilvægt sé að flokkun og umhverfissvottun sé til staðar. Við nýbyggingar þarf Stúdentaráð fylgja þessum málum eftir.
6. Þetta er erfitt í praktík.

9.3. Fjölskyldumál

Hópstjóri: Krístrún Helga Jóhannsdóttir

Fjölskyldunefnd

Fæðingarstyrkur námsmanna í 75% - 100% námi er 164.003 kr á mánuði. Þetta rétt dugar fyrir leigu og kannski nokkrum reikningum. Þetta er ekki í lagi. Það þarf að vekja athygli á þessu vandamáli. Fara í samstarf við aðra skóla. Mun taka þetta upp á fundi hjá LÍS. Það þarf að tala við fæðingarorlofssjóð.

LÍN

Námsframvinda foreldra á ekki að hafa áhrif á hagsmuni barna. Fyrirkomulagið sem er í dag er óásættanlegt. Foreldrar í námi eru margir hverjir upp á námslán. Ef eitthvað kemur upp á og foreldri fellur í fleiri en 10 einingum fær hann ekki námslán.

- Meðlim fjölskyldunefnar í starfshóp LÍN
- Vekja athygli á þessu. Væri möguleiki að skrifa grein um þetta eða taka upp myndband.

Leikskólar og stundatöflur

Sólgarður og Leikgarður eru ungabarnaleikskólar á vegum FS. Leikskólarnir eru bara opnir frá 8-16 og skarast því á við stundatöflur foreldra.

Hugmyndir komu um að þrýsta á lengri opnunartíma.

Ég tel samt mikilvægara að fella niður skyldumætingu, taka upp alla tíma og hætta heimaprófum um helgar og á kvöldin. Þetta er langt ferli og er ekki að fara gerast í dag og því væri mögulega hægt að þrýsta á að fella niður skyldumætingu og taka upp alla tíma eftir klukkan 16.

Hugmynd um að nota hvatningu til þess að fá kennara til að taka upp tíma. Það er marg sannað að það virkar betur að hrósa en að gagnrýna stöðugt. Væri möguleiki að taka upp umbunarkerfi í einhverri mynd til þess að hvetja kennara til þess að taka upp tíma.

Fá sviðsráðin í lið með okkur til þess að þrýsta á hvert svið.

Háskólasvæðið

Fjölskylduvæn lesherbergi

Það er oft erfitt að vera með barn og þá sérstaklega í miðjum prófum. Held að flestir kannist við að ná betri einbeitingu á háskólasvæðinu sjálfu en heima hjá sér. Foreldrar eru engin undantekning þar.

Væri gaman að fara í tilraunaverkefni með fjölskylduvæn lesherbergi. Hafa leikhorn fyrir börn, með bókum og hljóðlátum leikföngum. Hægt að byrja á því að vera með þetta í boði milli 16-18 á virkum dögum, um helgar og þegar leikskólarnir eru í frí. Slíkt fyrirkomulag er til dæmis í The University of Utah og virðist lofa góðu.

Skiptaðstaða og barnastólar á háskólasvæðið

Kostar ekki mikið og ætti ekki að taka langan tíma. Þarf að hafa samband við umsjón fasteigna.

Háskóli Íslands er fyrir öll bæjarfélög en samt er verið að mismuna börnum eftir því í hvaða bæjarfélagi þau búa. Foreldrar sem búa í öðrum sveitafélögum en Reykjavík borga meira fyrir leikskólalássin í leikskólum FS. Þetta þarf að laga.

Væri gaman að sjá aukið samstarf fjölskyldunefndar við mismunandi deildir háskólans. Til dæmis að fá tannlæknanema til að kenna börnum um tannheilsu og ýmislegt fleira sem hægt væri að gera skemmtilegt með börnunum.

Dýragarðar

Tengist ekki bara fjölskyldufólki en það eru margir sem dreymir um að fá að búa með gæludýrinu sínu. Í dag er það ekki í boði á neinum af stúdentagörðunum á vegum FS.

9.4. Gæða- og kennslumál

Hópstjóri: Davíð Erik Mollberg

Eftirfarandi punktar eru ritaðir út frá vinnu sem fór fram í stefnumótunarhelgi SHÍ á Hvanneyri, sumarið 2017. Undirliggjandi vandamál allra gæða og kennslumála er undirfjármögnun háskólans en það var reynt að horfa fram hjá því í öllum vinnustofunum. Reynt var að hugsa frekar í aunnæfnum aðgerðum sem SHÍ gæti barist fyrir eða framkvæmt.

Eftirfarandi er samantekt á helstu þáttum sem voru ræddir í vinnustofunum, það má skipta átta flokka. Þar sem fyrst eru sett upp vandamál og síðan lausnir við þeim.

1. Einsleitir kennsluhættir/kennslu aðferðir og kennsluleiðir

a. Vandamál:

- i. Nemendur útskrifast með einsleita reynslu sem nýtist ekki vel í atvinnulífinu.
- ii. Of margir stundakennarar.
- iii. Aðstaða sem hentar ekki náminu.
- iv. En eru til áfangar þar sem vægi lokaprófa í loka einkunn er alltof hátt, allt að 100%. Lokapróf sem hafa alltof mikið vægi geta haft neikvæð áhrif á gæði námsins.

- b. *Lausnir*
- i. Fulltrúar SHÍ fái að taka þátt í að móta nýjar námsbrautir og fái að taka þátt þegar það á að endurmeta þær sem til eru og leggja fram sínar áherslur.
 - ii. SHÍ leggi áherslu á, við gerð námsbrauta að og endurmat námsbrauta, að það séu valáfangar í boði til þess að nemendur geta t.d. stundað þverfaglegt nám og að námsbrautir séu í takt við tíðaranda.
 - iii. Kennsluhættir
 1. Taka upp vendikennslu í meira mæli og önnur form af kennslu í stað fyrirlestra.
 2. SHÍ/sviðsráð veki athygli á góðum kennsluháttum til að stuðla að kennarar deili góðri þekkingu sín á milli.
 - iv. SHÍ hvetji gæðastjóra/deildarforseta/kennara/ til að setja hámark á vægi lokaprófa. Ein lausn væri að setja hlutapróf/verkefni yfir önnina sem gilda til upphækkunar.
 - v. Auka teningun við atvinnulífið.
 - vi. Auka framboð á kennsla á öllum sviðum t.d. í samskiptum og framkomu.
2. Kennslumat skilar sér ekki í betri kennslu.
- a. *Vandamál:*
- i. Niðurstöður kennslukannana eru ekki sýnilegar og tilfinning nemenda er að þær bera ekki árangur og sleppa því að taka þátt í þeim.
 - ii. Kennslukannanir eru of langar.
 - iii. Þær endurspeglar í sumum tilfellum ekki áfangann ef lokaprófið er ekki í samræmi við áfangann.
- b. *Lausnir*
- i. Kennarar taki umræðu um niðurstöður kennslukannana eftir að niðurstöður hafa borist.
 - ii. SHÍ leggi áherslu á að spurningar séu hnitmiðaðar og hæfilega margar.
 - iii. Senda stutta könnun áður en einkunnin er birt þar sem nemendur eru spurðir hvort prófið var í samræmi við efnið á árinu.
3. Það er engin “hvati” til staðar fyrir kennara til að fara í endurmenntun í Kennslumiðstöð.
- a. *Vandmál:*
- i. Kennara fá ekki greitt fyrir að sitja endurmenntunar námskeið hjá kennslumiðstöð.
 - ii. SHÍ er ekki nægilega meðvitaða hvað það er sem kennslumiðstöð gerir.

Ég bætti við þessum punkti eftir, eftir að hafa spurt nokkra hópa hvað það er sem kennslumiðstöð gerir. Mjög margt sem var rætt um á vinnustofum ætti að falla undir verkahring þeirra stofnunnar skv. hlutverki hennar sem er hérna fyrir neðan.

Hlutverk og markmið

Meginmarkmið Kennslumiðstöðvar er að stuðla að þróun kennsluhátta við Háskóla Íslands. Hlutverk Kennslumiðstöðvar er að veita kennurum Háskólans faglega aðstoð við þróun kennsluhátta. Auk almennrar

ráðgjafar og þróunarstarfa er lögð áhersla á símenntunarnámskeið fyrir kennara á sviði upplýsingatækni og kennslufræði.

Kennslumiðstöð sér um gangsetningu kennslukönnunar auk þess að hafa umsjón með tæknilegri útfærslu á fjarnámi við Háskólann. Sjá nánar á Háskólavefnum.

- b. *Lausnir:*
 - i. Gera svona námskeið launuð.
 - ii. Skikka kennara til að fara í námskeið ef hann/hún fær slæmt kennslumat nokkur skipti í röð.
 - iii. SHÍ efli tengsl við kennslumiðstöð HÍ og fái kynningu á störfum og hlutverk hennar.

4. Of margir nemendur per kennara
 - a. *Vandamál:*
 - i. Dregur úr gæði kennslu
 - b. *Lausnir:*
 - i. Skipta nemendum upp í minni hópa og setja efni til að lesa fyrir tíma/umræðu tímann/ fyrirlesturinn. Hver hópur fengi þá mögulega minni tíma en með meiri aðgang að kennaranum og auðveldar umræður.

5. Hlutdræg einkunnargjöf úr prófum og verkefnum.
 - a. *Lausnir*
 - i. SHÍ leggi mikla áherslu á að prófnúmer verði tekinn upp í öllum námsbrautum og áföngum.

6. Námsferill lengist að óþrófum þegar upptöku/endarctektarpróf eru ekki í boði.
 - a. *Vandamál:*
 - i. Upptöku/endarctektarpróf eru ekki í boði í öllum áföngum.
 - b. *Lausnir:*
 - i. SHÍ krefjist þess að upptöku/endarctektarpróf verði í boði í öllum námskeiðum.

7. Upptaka á fyrirlesturum er ekki notuð í nógu miklu mæli.
 - a. *Vandamál*
 - i. Búnaðurinn er til staðar í mörgum tilfellum en þetta fellur í kramið hjá mörgum kennurum.
 - b. *Lausnir*
 - i. SHÍ og stúdentar hvetja þessa kennara til að kynna sér kennslumiðstöð HÍ.

8. Fjarnámið er ekki nægilega öflugt
 - a. *Vandamál*
 - i. Öflugt fjarnám er ekki áherslu atriði hjá HÍ.
 - b. *Lausnir*
 - i. Efla upptöku fyrirlestra til þess að auðvela innleiðing öflugs fjarnáms.

Aðrar tillögur og atriði sem SHÍ ætti mögulega að hafa í huga.

- Vegna tals um það að auka eigi aðgangsstýringar með aðgangsprófum. SHÍ ætti að vera á varðbergi yfir því að þessi próf verði ekki íþyngjandi fyrir ákveðna hópa til þess að sækja sér menntunar svo sem nemendur utan höfuðborgarinnar eða nemendur með einhverskonar námsörðuleika.

9.5. Jafnréttismál

Hópstjóri: Valgerður Hirts Baldurs

Búa til vettvang fyrir ábendingar til SHÍ - "Viltu senda ábendingar á Stúdentaráð?"

Aðgengismál

- *Áskoranir*
 - Stúdentakjallarinn
 - Stúdentagarðar
 - Háma
 - Háskólabíó
 - Að ferðast á milli bygginga HÍ
- *Lausnir*
 - Nemendur geti skráð aðstæður sínar við skráningu í skólann
 - Verði til þess að viðkomandi nemendur lendi ekki í stofum með lélegu aðgengi
 - Raða matnum lóðrétt í hillunum í Hámu
 - Pressa á Háskólabíó að gera eitthvað í sínum aðgengismálum
 - Lyftan er lokuð vegna þess að hún gengur að lager HB
 - Þrýsta á að sjálfopnun sé á hurðum
 - Dýr, en góð lausn

Glósuvinir

- *Áskoranir*
 - Fáir vita af þessu
- *Lausnir*
 - Vitundarvakning
 - Uglan - blár borði
 - Auglýst víðar en í gegnum póst

Blindralínan

- *Áskoranir*
 - Ekki í öllum byggingum
 - Liggur að hringhurðinni á HT
- *Lausnir*
 - Frakvæmdir og þrýstingur

Kynlaus klósett

- Drífa áfram
- Eru reglur um kynlaus klósett?
 - Það þarf þá að finna þær og skoða
- Frekari vitundarvakning - fræðsla
 - Ræða við fólk sem er á móti þessu

Eineltisáætlun

- *Áskoranir*

- Það er engin til staðar fyrir nemendur
- *Lausn*
 - Sú áætlun sem er til staðar fyrir kennara ætti að yfirfæra á nemendur
 - Þrýstingur - fá að sjá þá vinnu sem hefur verið gerð
 - Óháður aðili skal sjá um ferlið
 - Þetta fer ekki beint til kennara tiltekinnar deildar, v. mögulegs bias

Hinsegin málefni

- *Áskoranir*
 - Kennarar vita ekki endilega nóg um hinsegin málefni sem barist er fyrir í dag, mikið hefur breyst á stuttum tíma
 - Kynskráning á uglu býður aðeins upp á 2 kyn
- *Lausnir*
 - Fræðsla fyrir kennara og starfsfólk HÍ á stefnumótun stjórnarsýslunnar í haust
 - Kynskráning inná uglu fjölbreyttari - líkt og nafnabreytingin sem kom í gegn í fyrra
 - Undirskriftalisti
 - Hinsegin vika á vegum SHÍ
 - Jafnréttisnefd og Q
 - Aukið samstarf milli Q og SHÍ

Málefni nemenda með andleg veikindi

- *Áskoranir*
 - Nemendur vita ekki endilega að einhverjar lausnir séu í boði
 - Kennarar hafa ekki endilega skilning á andlegum veikindum
- *Lausnir*
 - Sálfræðiþjónuta betur auglýst - ekki aðeins á netinu
 - Eykur eftirspurn og þrýstir á umbætur
 - Auglýsingar á Uglunni
 - Passa uppá að þetta fari ekki beint inn í tilkynningar, gæti gerst að það verði ekki nógu sýnilegt og 'drukni' í tilkynningaflóðinu
 - Blár borði efst á Uglunni líkt og fyrir stúdentaráðskosningar?
 - Bætt samstarf sálfræðinga og SHÍ
 - Skýrari upplýsingar um réttindi nemenda með geðsjúkdóma
 - Listi yfir réttindi sé mjög aðgengilegur og skýr
 - Aukinn sýnileiki sálfræðings og sálfræðihjálpar innan HÍ
 - Sálfræðingur fái bás á háskóladögum
 - Geðfræðsla fyrir kennara

Mætingarskylda

- *Áskoranir*
 - Ekki er verið að taka tillit til aðstæðna sem eru ekki sjáanlegar, sbr. andleg veikindi og fjölskylduaðstæður
 - Þetta getur ollið nemendur mikilli streitu
- *Lausir*
 - Kennarar taki frekara tillit til aðstæðna nemenda

- Passa þarf að láta það sama ganga yfir alla
- Verklagsreglum þarf að koma á laggirnar

Fjarnám

- *Áskoranir*
 - Upptökur í tímum eru ekki alltaf til staðar eða vel framkvæmdar
 - Tími lota og aðstæður f. nemendur á meðan á þeim stendur bætt
 - Lotur eru stundum á óhentugum tímum og geta nemendur í fjarnámi átt erfitt með að finna gistingu á meðan á lotunni stendur
- *Lausnir*
 - Frekara samráð milli kennara
 - Fjarnemar eiga aðeins að mæta þegar ekki er möguleiki á að gera eitthvað rafrænt
 - Sbr. staðlota í 1. viku: Yfirferð á námsáætlun

Upptökur í tímum

- *Áskoranir*
 - Kennarar neita að taka upp í tímum
 - Kennarar kunna ekki á búnaðinn
 - Búnaðurinn er ekki góður
- *Lausnir*
 - Útbúa leiðbeiningar fyrir kennarana
 - Nemendur setji þrýsting á að þetta sé tekið upp í gegnum kennslukannanir
 - Kennarar taki upp fyrirfram - hægt er þá að nota sömu fyrirlestrana aftur næstu ár
 - Þetta á ekki að vera eitthvað sem við neyðum þau í
 - Við viljum frekar að þau vilji gera þetta með okkur

Prófnúmer

- Athuga viðhorf nemenda
- Útskýra hvers vegna þetta skiptir máli

Erlendir nemendur

- Próf og námsefni þarf að vera á viðeigandi tungumáli
- Nemendafélög þurfa að sjá til þess að erlendir nemendur séu velkomnir og upplýstir um að það sé nemendafélag í deildinni

Kynning á námi útávið

- Tekið til umhugsunar hvaða fólk sé valið til þess að kynna námið
 - Þæla í kyni og öðru

Leikskólar

- *Áskoranir*
 - Loka þegar fólk er enn í tímum/prófum
- *Lausnir*
 - Tímar eftir kl. 16 séu teknir upp

Réttindi nemenda

- Vitundarvakning á vegum SHÍ
 - Samfélagsmiðlar
- Halda Réttinda Ronju áfram

Kynjahlutföll nemenda við HÍ

- Hvers vegna eru hlutföllin svona? (⅔ kvk)

Jafnréttisáætlun HÍ virt
Upptökupróf

9.6. LÍN

Hópstjóri: Ragnar Auðun Árnason

Það voru góðar umræður í LÍN-hópnum, það er greinilegt að flest alir stúdentaráðsliðar hafa mikinn áhuga og mikla skoðun á málefnum Lánasjóðsins. Það kom nokkrum sinnum fyrir að fólki varð óþarflega heitt í hamsi en það fór þó allt saman vel að lokum. Fyrir umræðuna var ég með kynningu á norrænu lánasjóðunum, og hvernig lánasjóðskerfin væru á öðrum norðurlöndum.

Það mikið var rætt um hvernig við gætum haft áhrifa á næsta frumvarp og þá var einna helst rætt um að við myndum reyna fá fulltrúann í starfshópi menntamálaráðuneytisins. Þá var einnig lagt til að ef við myndum ekki fá hann þá ætti SHÍ að biðja um að fá að koma fyrir starfshópinn.

Þá var einnig rætt um hvað væri helsta vandamál við núverandi úthlutunarreglur og hverju fulltrúi SHÍ í stjórn LÍN ætti að reyna að beita sér fyrir innan stjórnar LÍN, þar bar oftast á góma frítekjumarkið sem stúdentaráðsliðum þótti alltof lágt, sumir vildu afnema það en aðrir bara hækka það umtalsvert. Einnig var grunnframfærslan nefnd, hér að neðan eru þau vandamál sem voru nefnd í umræðunum og einhvers konar lausnir á þeim.

Ég tel að umræðurnar hafi á heildina litið verið mjög góðar og að þær hafi skapað góðan grunn sem hægt er að byggja á.

Vandamál:

Yfirdráttur, 92% framfærsla, frítekjumarkið, mánaðarlegar greiðslur, lækka 22 ECTS einingar, hækka lánshæfar einingar, bæta þjónustu LÍN, fátæktarmörkin hjá stúdentum, aðstaða barnafólks, of dýrt fyrir foreldra, námsframvinda foreldra eiga ekki að bitna á börnunum, skiptir sér of mikið af lífi fólks, niðurgreiðsla fyrir þá sem lenda í slysi, húsnæðisframfærslan ætti ekki að vera miðuð við leigu hjá FS, borga of seint.

Lausnir:

að vinna með það frumvarp sem kemur fram ekki bara þvert nei. Leggja þær kröfur fram sem við viljum hafa í lánakerfinu okkar.

Þrýsta á að SHÍ fá fulltrúa í starfshópi MMR við gerð nýs LÍN frumvarps. Hafa gott upplýsingaflæði milli fulltrúa nemenda í starfshópi MMR, sama hver það verður.

Ef að Stúdentaráð fær ekki fulltrúa í starfshópi MMR, að biðja um að fá að kynna stefnu SHÍ fyrir starfshópi um nýtt frumvarp. Afhenda MMR stefnu SHÍ í LÍN málum. Það gæti verið að það komi ekkert frumvarp fram, þá þarf að bæta úthlutunarreglurnar. SHÍ þarf að berjast fyrir því. Fá mismunandi sjónarhorn að borðinu þegar nýtt frumvarp kemur fram t.d. barnafólks.

9.7. Skipulag Stúdentaráðs

Hópstjóri: Sigmar Aron Ómarsson

1. Of mikil og hröð endurnýjun

- Töluvert var rætt um það í hópunum að endurnýjun á stúdentaráðsliðum væri of hröð og mikil. Það tekur nokkra mánuði fyrir fólk að setja sig inn í starfið og þá er næstum strax komið að kosningum aftur.
- Rætt var um að hægt væri að kjósa til tveggja ára. Þá var hugmyndin að kosinn væri u.þ.b. helmingur á hverju ári þannig að kosningar væru samt sem áður árlegar og ákveðin flétta héldist.
- Hins vegar voru margir sem töldu þetta fyrirkomulag ekki heppilegt. Tvö ár eru langur tími og margir sem eru ekki lengur en þrjú ár í skólanum. Talið var að tveggja ára kjörtímabil myndi gera það að verkum að margir sæju sér ekki fært að gefa kost á sér.
- Niðurstaðan í flestum hópum var í raun að frekar en að lengja kjörtímabilið í tvö ár þyrfti að huga betur að skiptunum. Útbúa handbækur og halda sameiginlega fundi með gömlum og nýjum stúdentaráðsliðum til að auðvelda nýjum að koma sér inn í starfið.
- Gæti verið áhugavert að heyra í fólki sem stóð að breytingunni úr tveimur árum í eitt.

2. Starfsárið ekki nógu vel sett upp - langt milli kosninga og skiptafundar

- Allir hópar sammála um að lögfesta þurfi styttri frest frá kosningum til að halda skiptafund. Rætt var um 2-4 vikur frá kosningum. Jafnframt var lagt til að dagsetning skiptafundar myndi liggja fyrir strax að kosningum loknum þannig að allir séu meðvitaðir um hvenær þeir byrja í starfinu.
- Nokkur umræða í hópunum um tímasetningu kosninganna sjálfra en niðurstaðan var í raun að núverandi tímasetning væri líklega heppilegust þrátt fyrir allt.

3. Fjöldi stúdentaráðsliða

- Talin nokkur áskorun að stúdentaráðsliðar séu 27. Sérstaklega þar sem allir þurfa helst að vera inni í öllum helstu málum og oft þarf samþykki stúdentaráðsliða, s.s. þegar sendar eru út ályktanir eða yfirlýsingar um hin og þessi málefni.
- Hópar voru sammála um að fjöldi í hverju sviðsráði fyrir sig væri passlegur og því væri erfitt að fækka stúdentaráðsliðum. Hugmynd um að halda fjölda sviðsráðsliða en fækka þeim sem sitja í Stúdentaráði fékk ekki sérstaklega góðar undirtektir.

4. Sýnileiki Stúdentaráðs og sviðsráða

- Meiri sýnileiki á nýnemadögum. Fulltrúar úr sviðsráðum inn á kynningarfundum deilda, ekki bara kynningarfundum sviða.
- Hugsanlega einhver réttinda-reitur á Uglu með upplýsingum frá réttindaskrifstofu
- Hugmynd um að senda kannanir um tiltekin málefni til stúdenta til að fá feedback.

- Stúdentaping - vettvangur til að stefna saman Stúdentaráði og fulltrúum nemendafélaga
- Gera student.is flottari (meira seksí)
- Útbúa myndbönd sem útskýra Stúdentaráð myndrænt

5. Trúverðugleiki Stúdentaráðs

- Útgáfa og birting ársskýrslu og ársreikninga mikilvægur liður
- Hugsanlega ætti að greiða fyrir fundarsetu og auka þannig ábyrgðartilfinningu stúdentaráðsliða.

6. Skilvirkni Stúdentaráðsfunda

- Sumir tala ekkert á fundum. Því var velt upp hvort hugsanlega séu of margir á fundum eða þeir of langir.
- Hugsanlega þyrfti að funda oftár en á móti kemur að erfitt getur verið að manna fundi þannig að þeir séu löglegir ef þeir eru haldnir mjög oft vegna fjölda stúdentaráðsliða.

7. Þekking tapast á milli ára

- Útgáfa handbóka og ársskýrslna mikilvæg til að viðhalda þekkingu.
- Mikilvægt að fráfarandi og verðandi starfsmenn á skrifstofu fundi í upphafi nýs starfsárs. Einnig fráfarandi og verðandi fulltrúar í Stúdentaráði og sviðsráðum.
- Sumum þykir verkaskipting óljós milli ráðsins, sviðsráða, skrifstofu og nefnda. Með útgáfu handbóka þar sem farið er yfir verksvið hvers og eins væri hægt að laga þetta.

8. Varamenn ekki nógu virkir - koma inn með skömmum fyrirvara

- Aðalmenn séu í meiri tengslum við sína varamenn, eða varamenn almennt á sínu sviði
- Hugsanlega ætti að veita varamönnum málfrelsi og tillögurétt á fundum Stúdentaráðs. Á móti kemur að nú þegar eru mjög margir með slík réttindi á fundum. Ekki til þess fallið að auka skilvirkni.
- Aðalmenn passi að láta varamenn vita tímanlega af því að þeir komist hugsanlega ekki á fund.
- Sviðsráð bjóði varamönnum á fundi og haldi þeim upplýstum um gang mála á þeim vettvangi.

9. Slack ekki notað nógu mikið

- Hugmynd um að útnefna stúdentaráðsliða vikunnar/mánaðarins
- Slack góð leið til aðhalda varamönnum upplýstum - mikilvægt að allir séu virkir þar, ekki bara stúdentaráðsliðar
- Fólk verður að bera ábyrgð á að halda sér upplýstu um gang mála

10. Stefnumótun og hópefli

- Mikilvægt að nýtt Stúdentaráð hverju sinni setjist niður og móti sér stefnu fyrir árið. Hægt að byggja á stefnum fyrri ára með því að endurskoða og uppfæra.
- Mikilvægt að koma hópnum saman sem fyrst eftir kosningar og brjóta niður múra sem myndast í kosningunum

- Meiri virðing borin fyrir fólki sem maður þekkir.

11. Gagnabanki

- Útbúa gagnabanka með fundargögnum allra fyrri funda þannig að þau séu aðgengileg á einum stað.

12. Stúdentasjóður

- Þarf að endurskoða lög og reglur um Stúdentasjóð.

9.8. Umhverfis- og samgöngumál

Hópstjóri: Vigdís Bergsdóttir

Áskoranir/Vandamál

Samgöngumál

Strætó

- Vantar betri samgöngukosti á milli háskólabygginga sem eru ódýrir og grænir
- Verð á stúdentastrætókortum of hátt

Einkabílar

- Vantar hleðslustöðvar á háskólasvæðið til þess að mæta þörfum rafmagnsbíla.
- Allt of mikið af einkabílum notaðir sem ferðamáti háskólanema. Þeir eru illa nýttir, 1 til 2 farþegar í hverjum bíl og bílarnir taka gríðarlega mikið pláss á lóðum háskólans. Þetta vandamál þarf tækla með róttækum hætti. Það þarft t.d. að finna lausnir á því hvernig hægt sér að samnýta bíla betur.
- Hvernig fær maður fólk til þess að „grípa“ minna í bílinn?

Hjólreiðar

- Hvernig er hægt auka notkun hjóla sem samgöngumáta?
- Vantar betra aðgengi og hvatningu fyrir hjólafólk.
- Vantar sturtur fyrir fólk sem ferðast á hjólum yfir allt skólaárið. Það að hjólreiðafólk þurfi að kaupa sér kort í háskólaræktina til þess að geta frarið í sturtu hefur letjandi áhrif á fólk til þess að nota hjól.

Hraðahindrunin á sæmundargötu, hana þarf að laga.

Rusl

Flokkun

- Hvenær fær maður fólk til þess að flokka betur?
- Betrumbæta flokkun á stúdentagörðum
- Flokkun oft ekki skýr fyrir fólk sem er ekki vant því og mikið er um það að flokkunin fari vitlaus fram. Dæmi um vitlausa flokkun er að setja kaffimál úr pappa með plastloki í eina og sama ruslið. Það þarf að t.d. bæta merkingar til þess að gera allt skilvirkar.
- Fjölga þarf lífrænum tunnum enn frekar.

Grænmetisfæði

- Það þarf að fjölga grænmetis- og vegan mat í hámu.

Umbúðir (einnota og margnota)

- Umbúðir vegna „take-away“ kaffi í hámu er ennþá gríðarlega stórt vandamál.

- Allt of mikið að einnota umhverfisspillandi umbúðum í hámu og sérstaklega utan um vörurnar sem þau framleiða sjálf. Þetta þarf að minnka og helst þurfa plastumbúðir að hverfa eins og þær leggja sig.
- Smoothie umbúðir í hámu orsaka mikið magn plastrusls
- Það þarf að útrýma plastglösum og plasthnífapörum sem bjóðast nemendum að kostnaðarlausu
- Vantar fleiri staði til þess að leggja frá sér fjölnota leirtau sem háskólinn á.
- Of mikið um það að fólk grípi frekar einnota mál frekar en fjölnota. Meiri hvatning og fræðsla um notkun fjölnota mála. Það þarf einhvers konar „gulrót“ fyrir það að taka frekar fjölnotamál heldur en einnota.
- Vantar fleiri brunna fyrir fólk sem kemur með margnota vatnsflöskur. Því fleira fólk sem nýtir margnota plastflöskur minnkar umfang rusls og minna af margnota glösums sem þarf að þrifa (endalaus þvottur á leirtau er líka umhverfisspillandi).

Umhverfisvitund

- Umfjöllun frekar neikvæð, of neikvæð umræða getur haft lamandi áhrif á fólk og sérstaklega þegar það upplifir umhverfisvandann sem eitthvað algjörlega óyfirstíganlegt.
- Árangur og átök háskóla Íslands í umhverfismálum þarf að vera sýnilegri fyrir nemendum.
- Of mikið er um skammtímahugsun í aðgerðum innan háskólans og sérstaklega hjá FS. Til þessa að ná langt í umhverfismálum þarf að tileinka sér langtímahugsun, í öllu sem maður gerir/framkvæmir. „form cradle to grave“.

Græn skref

- Háskóli Íslands varð hluti af grænum skrefum í apríl 2016 og hefur ekki lokið neinu skrefi af þeim 5 sem þarf að taka. Aðalbygging HÍ hefur lokið einu skrefi sem sér eining innan grænna skrefa og nú þarf restin af byggingu háskólans að fylgja eftir.
- www.graenskref.is

SHÍ og FS

- **Virkja samtal** betur milli fulltrúa SHÍ í FS og FS. Fylgjast betur með hvað fulltrúarnir eru að gera, reglulegt update, vita hvað er að gerast.

Lausnir

Rusl

Flokkun

- Íta á yfirvöld háskólans til þess að fjölga lífrænum tunnum. Forngangssvæði eru stakkahlíð og allir stúdentagarðar. Á stúdentagörðum væri góð lausn að vera með community moltu. Nota moltuna sem næringu í staðin fyrir hrossaskítinn (sem þarf eflaust að sækja einhvert). Fullt af fólki er að vinna hjá garðræktinni og þetta gæti verið sjálfbært verkefni innan háskólans sem þýðir að sorpa þarf ekki að koma nálægt þessu.
- Fjölga plasttunnum í brautarholtinu
- Þrýstingur á sorpu – SHÍ sendi fyrirspurnir og tölvupósta. Hvernig er ferlið? Fundur með sorpu svo í framhaldi um stúdentagarðana? Hver er staðan á málunum, hvernig

verður flokkunin á nýju görðunum og hvenær verður þessu breytt á görðunum sem eru núna í notkun.

- Grænmetir/vegan matur – Fá FS til þess að vera með meira af vegan mat í boði, og þá sérstaklega reyna að breyta sumum réttum þannig þeir verði vegan og merkja það vel Vegan. **Græna vaffið.** Hafa svo kannski Meatless monday. Á mánudögum yrðu þá súpurnar og hádegisaturinn algjörlega vegan. Merkja uppá tölfu eða skilti um hvort mötuneytismatur sé vegan og/eða með hnetum, laktósa og öðrum vinsælum ofnæmistegundum
- Glærir kassar fyrir ofan ruslin sem sýna hvaða umbúðir ættu að fara ofaní. Var þannig í skóla í Canada og virkaði vel því fólk tók frekar eftir því sem var í glerkassanum, frekar en það væru myndir af umbúðunum.
- Sér velmerktan stað fyrir pizza kassa. Sérstaklega á stúdentagörðunum. Það er svo mikið magn af pizzakössum sem er hent í háskólanum.
- Fækka almennum ruslatunnum, eða hafa þær minni?

Umbúðir

- Grænt kaffikort – fundur með FS og reyna að ýta því í gegn. Reyna að koma með eitthvað á móti, eins og að láta plasthnífapör kosta 20 kr og lækka kaffið um 20 kr. Nýta líka tækifærið næst þegar Háma ætlar að hækka verðið á kaffinu. Tjékka hvort það verði núna í haust, þá væri kannski hægt að halda gamla verðinu fyrir kaffi í fjölnota máli.
- Hafa einnota umbúðir á óskilvirkum stað en fjölnota á skilvirkum stað. Ef fólk þarf að hafa meira fyrir því að ná í einnota leirtau þá gæti notkun þess minnkað. Plast hnífapör – rukka fyrir plasthnífapörin. Gera plast ósýnilegra, það er þarna, bara erfiðara að sjá það. Bakvið kassa til dæmis. Fólk sem er með nesti, þegar hnífapörin sem eru margnota eru inn í búðinni er frekar unappealing að ná í þau, að þurfa labba inn í búðina.
- Vera kannski með bambus hnífapör í staðinn fyrir plast og rukka fyrir þau. Ekki láta plast vera sjálfsagt og aðgengilegt. Bambus hnífapör eru t.d. notuð á landsspítalanum, skoða hvernig það gengur og nota kannski sem fyrirmynd.
- Selja ódýr fjölnota mál í hámu. Nú þegar eru kaffimál en fjölnota vatnsflöskur mættu bætast við, taka vatnsflöskurnar í HR til fyrirmyndar. Það eru góðar flöskur sem seljast vel. Hafa kannski litla prósentu af seldum brúsa sem styrkir sjálbærninefn háskóla Íslands og verkefni hennar?
- Fjölga brunnum til þessa að fylla á vatnsflöskur. Brunnur sem er gjöf frá orkuveitu reykjavíkur, fá þá til að breyta brunnum sínum í brunna fyrir vatnsflöskur.
- Þrýsta á hámu til þess að hvetja meira til umhverfisvænni lífstíls. Eins og setja upp skilti sem segir „komdu með eigin ílát í hádegismatinn!“ eða „Mundu að flokka“ eða “fjölnota kaffimál eru betri fyrir umhverfið” . Umhverfis og samgöngunefnd gæti unnið að þessari skiltagerð og fengið FS með sér í lið. Vekur athygli.
- Varðandi bústin í hámu þá þyrfti bara að hætta með þessar plast-búst-dollur og rör og í staðin hafa það þannig að þau geri bústin jafnóðum á háannartíma bara, þegar það er mjög mikið að gera. Samtvinna við salatbarinn. Það er alveg næs að geta fengið sér hámu-búst hvenær sem er, en er það worth it þegar kemur að ruslinu sem því fylgir?
- Litamerkja umbúðir á samlokum og öðrum matvælum sem seldar eru í hámu með límmiðum í sama lit og hver ruslatunna til að auðvelda flokkun. Kannski þarf að finna

aðra laus fyrir flóknari umbúðir eða hreinlega að háma selji ekki vörur sem eru í umbúðum sem erfitt er að flokka í flokkunarkerfi háskólans.

- Hafa stað til að hella umfram vökva í. EinhverNSSkonar fata eða eitthvað, taka fyrirmyndir erlendisfrá.
- Fjölga stöðum til þessa að leggja frá sér fjölnota mál – samtal við fs. Borð með skilti þar sem stendur að heimilað sé að leggja fjölnota mál frá sér þar, þarf ekki að vera flóknara og myndi örugglega gera lífið aðeins einfaldara fyrir fólkíð sem þrífur.
- Láta hámu merka vörunar sínar eftir því hversu vistvænar þær eru.

Samgöngur

- Nýta komandi sveitastjórnarkosningar til þess að hafa áhrif á stefnu flokkanna. Viltu vinna háskólanema á þitt band?
 - Nota þær til þessa berjast fyrir hleðslustöðvum á háskólasvæðinu.
 - Borgarlínan – hafa stopp við HÍ.
- Komandi fundur stúdetnaráðs með strætó BS
 - benda staðreyndir um notkun og kostnað neytenda. Vantar sér flokk í appið fyrir stúdenta (vera ekki bara með fyrir aldraða og börn). Kynna fyrir þeim skiptakortahugmyndina og hvaða benefit það hefur fyrir part-time strætónotendur. Fyrir slíka notendur er dýrt að kaupa sér stúdentastrætókortið og einnig mjög dýrt að kaupa staka miða. Vera með fullmótaðar hugmyndir á fundinum og backa upp staðreyndir áður.
 - Háskólanemendur eru stór hópur fólks sem strætó þarf að líta sérstaklega til.
 - Háskólalína (stakkahlíð – eirberg – haskolatorg) – strætó sem fer á milli bygginga háskóla Íslands og HR.
- Tala við Reykjavíkurborg eða beint við vegagerðina vegna hraðahindrunarinnar á sæmundargötu. Senda tölvupósta vegna málsins ítrekaðs þangað til það nær í gegn.
- Leiga á vistvænum einkabíl eða hjóli
 - Leiga á vistvænum bílum fyrir nemendur og starfsmenn háskóla Íslands, eins og t.d. landsvirkjun er með fyrir sína starfsmenn. Gæti verið samstarf við utanaðkomandi fyrirtæki eins og eitthvað umboð sem er með vistvæna bíla. Góð auglýsing fyrir umboðið að vera með slíka leigu, og auðvitað tekjur líka.
 - Car 2 go/hjól 2 go – hafa app bara fyrir háskólanema. Ódýrari bílar/hjól. Fyrirtæki sem gætu verið með þetta? Gæti FS verið með hjólin? Auka rekki hjá yfirbyggðu hjólaskýlunum þar sem leiguhjól gætu verið. Hafa hjólið mjög vel merkt hjólaleigunni þannig að fólk myndi ekki stela þeim.
 - Hjólaleigan gæti verið samstarf við HR.
- Samtvinna bíla – Forgangur í bílastæði fyrir samnýtta bíla? gera facebookgrúppu. Háskólaskutlari. Byrja þannig og sýna fram á að það virki og þá getur það kannski seinna orðið að appi. Umhverfis og samgöngunefnd myndi stjórna síðunni, einhvern tölvunarfræðinema gæti gert þetta sem lokaverkefni. Eins og appið blandin, whos drivin? Kannski er ekki sniðugt að gera facebooksíðu, yrði ekki skilvirkt. Gera kannski nokkrar grúppur sem eru svæðisskiptar. Kannski undirdót í smáuglunni. Verkefni fyrir reiknistofnun?
- Sturtuaðstæða – Sérstakur passi í íþróttahúsið fyrir hjólafólk. Nýta kannski eitthvað niðri, nota hana í þetta. Annað rými.

Græn skref

- Umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ ætti að kynna sér vel þær áskoranir sem þarf að finna lausn á í áttakinu. Þessar áskoranir eru gríðarlega margar og margvísilegar. SHÍ getur virkað sem gott þrýstiafl til þess að koma markmiðum fyrsta skrefsins í gegn. Samstarf við umhverfis- og sjálfbærnefnd HÍ væri sniðugt í þessum efnum, því margar hendur þarf til þess að vinna þetta stóra verk. Þá meina að nefn SHÍ og HÍ hittist í heilu lagi á fundum stökum sinnum, en ekki bara einn fulltrúi úr nefnd SHÍ.

Umhverfisvitund

- Nota erlenda háskóla sem hafa náð miklum árangri í umhverfismálum sem fyrirmyndir. Það sýnir hvað er hægt. Og að sjá svart á hvítu hvað sé hægt er mjög hvetjandi.
- Jákvæð umfjöllun, ekki fjalla bara um vandamálið heldur segja „ef þú gerir þetta í x tíma þá muntu ná þessum árangri“.
- Fá hámu til þess að taka einn dag sem yrði vel auglýstur með skilti og öðru þar sem kaffibolli yrði frír ef fólk kemur með fjölnota kaffimál. Í samstarfi við umhverfisstofnun.
- Gera einhvern gjörning/annað á háskólatorgi, fara í samstarf við sjálfstætt starfandi listahópa og/eða umhverfisstofnun.
- Fá hámu til þess að taka einn dag sem yrði vel auglýstur með skilti og öðru þar sem kaffibolli yrði frír ef fólk kemur með fjölnota kaffimál. Háma hlýtur að vera til í þetta fyrst þetta er bara einn dagur, það er ekki stórt fjárhagslegt „tjón“.
- Umhverfisuglan - samstarf við reiknistofnun. Á ekki að vera neitt mál. Finna einhvern sem á að vera ábyrgur og er tilbúinn til þess. Auðveldast að fá í gegn ef sjálfbærnefndin sem til í að vera með. Það standa yfir núna breytingar á uglunni í samræmi við breytingar á hí síðunni, nýta það! Grænn kassi á uglunni, umhverfiskassinn. Staðreyndir um hvað fer mikið af pappamálum, tölfræði, hvað fer mikið af rusli frá HÍ. Fá umhverfisstarfsmaðurinn gæti séð um þennan kassa. Hugmyndir um eitthvað þú gætir gert til að bæta þennan vanda.
- Verða með umhverfispepp á tölvuskjánum í HÍ tölvunum, eins og t.d. „Háskóli Íslands bætti við x mörgum lífrænum tunnum“ eða „háskóli Íslands hefur lækkað kolefnisfótsporið sitt um x mörg prósent“. Þannig árangur háskólans í umhverfismálum sé sem sýnilegastur fyrir nemendur og starfsmenn.
- Starfsmenn séu vakandi – hvetja starfsfólk háskólans um að innleiða umhverfismál inn í kennslustundir.

Viðauki D

Skýrsla stjórnar Stúdentasjóðs Stúdentaráðs Háskóla Íslands 2018

Í stjórn Stúdentasjóðs 2017-2018 sátu Ágúst Arnar Þráinsson, Einar Bjarni Hermannsson, Jóna Þórey Pétursdóttir formaður, Jónas Már Tryggvason, Katrín Ósk Ásgeirsdóttir, Tómas Viðar Sverrisson ritari og Pétur Geir.

Á árinu var áfram notast við rafrænar umsóknir og lagt til að umsækjendur notuðust við Google Drive og Dropbox til að gera nauðsynleg fylgiskjöl aðgengileg. Stjórnin útbjó leiðbeiningar sem fylgdu auglýsingu með hverri úthlutun til að auðvelda fólki að útbúa Google Drive möppur.

Í upphafi starfsins voru upphæðir styrkja fyrir prentað efni hækkað í samræmi við hækkun á prentkostnaði milli ára.

Ýmis vandkvæði komu upp við úthlutanir í tengslum við skýringar á lögum og reglum sjóðsins. Þá virðist vera að hefðir hafi myndast um ýmsar tegundir úthlutana sem falla þó ekki beint undir lög sjóðsins. Stjórnin mun leggja til ýmsar lagabreytingartillögur fyrir næsta starfsár og mun framhaldið mögulega vera unnið í samstarfi við endurskoðunarnefnd laga SHÍ, hvort sem það verður heildarendurskoðun laganna eða endurskoðun í minni áföngum.

Jóna Þórey Pétursdóttir

Formaður stjórnar Stúdentasjóðs 2017-2018.

Viðauki E

Skýrsla kjörstjórnar Stúdentaráðs Háskóla Íslands 2018

Kjörstjórn SHÍ 2018 skipuðu Elín Jónsdóttir, Iðunn Garðarsdóttir, Kristján Orri Víðisson og Snorri Sigurðsson. Kristján Orri var kjörinn formaður kjörstjórnar á fyrsta fundi.

Fundur kjörstjórnar 5. janúar

Kjörstjórn hittist á skrifstofu SHÍ þann 5. janúar, ásamt Ása og Sigmari frá skrifstofu SHÍ. Við fórum yfir kosningalögin og hvernig háskólaráðskosningunum yrði háttað en þetta var í fyrsta skipti síðan 2011 sem kosið var í almennum kosningum til háskólaráðs. Við ræddum einnig utankjörfundaratkvæðagreiðslu og lögðum til að gerð yrði lagabreytingartillaga þar sem ákvæði um að það sé skylda að halda utankjörfundaratkvæðagreiðslu yrði fellt niður. Að lokum settum við saman eftirfarandi to-do lista, sem var byggður á lögum SHÍ um kosningarnar og to-do lista fyrri kjörstjórnar:

- Ákveða dagsetningar
 - Kosningar 7. og 8. febrúar
- Tilkynna framboðsfrest (senda út tölvupóst í næstu viku, 8.-12. jan.)
 - Semja tölvupóst sem sendur verður út
- Búa til kjörseðla (ákveða hvernig við ætlum að hafa orðalagið á háskólaráðskjörseðli)
- Finna aðsetur kjörstjórnar (skrifstofa SHÍ)
- Útbúa kjörskrá fyrir hvert fræðasvið 2 vikum fyrir kosningar (fá lista frá nemendaskrá)
- Fá aðgang að kjörstjórnar e-mailinu
- Ákveða opnunartíma kosningakerfis - tilkynna amk 15 dögum fyrir kjörfund
- Hafa samband við RHÍ
- Skipa kærunefnd 2 vikum fyrir kosningar
- Skila skýrslu í mesta lagi 2 mán. eftir kosningar

Fundur kjörstjórnar 11. janúar

Heiður Anna, sem var formaður kjörstjórnar 2017, kom á fundinn og gaf góð ráð. Við fundum tölvupóst frá 2017, sem við aðlöguðum að þessum kosningum (sjá hér fyrir neðan). Einnig ákváðum við helstu mikilvægu dagsetningar sem voru eftirfarandi:

- 24. janúar - Kjörskrá þarf að vera komin á skrifstofu SHÍ svo hægt sé að skoða hana
- 29. janúar - Framboðsfrestur rennur út. Vera á skrifstofu SHÍ milli 16 og 18 og svo fara yfir undirskriftirnar eftir það
- 31. janúar - Frestur til að kæra kjörskrá rennur út
- Í vikunni fyrir kosningar - Hafa profukosningar, 2 nemendur af hverju sviði

Kristján hafði samband við nemendaskrá til að fá kjörskrá og Snorri hafði samband við RHÍ varðandi kosningakerfið.

Auglýsing eftir framboðum var send út í tölvupósti 12. janúar og hljóðaði svo:

“- ENGLISH VERSION BELOW -

Kæru nemendur,

Kjörstjórn Stúdentaráðs Háskóla Íslands (SHÍ) lýsir hér með eftir framboðum til Stúdentaráðs og háskólaráðs árið 2018. Þar munu nemendur hvers fræðasviðs kjósa sér sviðsráð með því að velja á milli frambjóðenda viðkomandi sviðs. Saman mynda sviðsráðin Stúdentaráð Háskóla Íslands. Að auki kjósa nemendur Háskóla Íslands tvo aðalfulltrúa og tvo varafulltrúa sem sitja í háskólaráði til næstu tveggja ára.

Kosningarnar verða haldnar miðvikudaginn 7. og fimmtudaginn 8. febrúar n.k. Þær eru rafrænar og fara fram í gegnum innri vef Háskólans, Ugluna (www.ugla.hi.is), frá kl. 09:00-18:00.

Framboð til Stúdentaráðs og háskólaráðs skulu uppfylla reglur 59. og 60 gr. laga SHÍ um framboð einstaklinga, hópa eða félaga, auk skilyrða um kjörgengi þeirra og meðmælendur.

Skilafrestur framboða er til kl 18:00, 29. janúar 2018.

Kjörstjórn mun taka á móti framboðum á skrifstofu SHÍ, sem staðsett er á þriðju hæð Háskólatorgs, frá klukkan 16:00-18:00 síðasta framboðsdaginn, og verður ekki tekið við framboðum eftir þann tíma. Komi upp vandkvæði skal hafa samband við formann kjörstjórnar, Kristján Orra Víðisson, í gegnum netföngin kov4@hi.is eða kjor@hi.is.

Kjörskrá mun liggja frammi á skrifstofu Stúdentaráðs þann 24. janúar og skulu kærur vegna kjörskrár hafa borist kjörstjórn eigi síðar en kl 12:00 þann 31. janúar. Á kjörskrá eru þeir nemendur sem skráðir eru í nám við Háskóla Íslands skólaárið 2017-2018.

Vakin er athygli á því að eftir almennar kosningar til kosningar til Stúdentaráðs og Háskólaráðs er haldinn skiptafundur Stúdentaráðs þar sem fram fer kosning á formanni, varaformanni, hagsmunas- og lánasjóðsfulltrúa SHÍ. Jafnframt verður kosið um fulltrúa SHÍ í framkvæmdarstjórn LÍS á skiptafundi skv. 18. gr. laga SHÍ.

Kjörstjórn Stúdentaráðs Háskóla Íslands árið 2018 skipa Elín Jónsdóttir, Iðunn Garðarsdóttir, Kristján Orra Víðisson og Snorri Sigurðsson.

F.h. Kjörstjórnar SHÍ,
Kristján Orra Víðisson
kjor@hi.is; kov4@hi.is

- - ENGLISH VERSION -

Elections to the Student Council 2018.

The elections for the Student Council and the University Council will be held on 7th and 8th of February. Candidacy for the elections shall be handed the Election Board at the Student Council office (located at the third floor in Háskólatorg) from 4pm to 6pm on the 22nd of January.

If any difficulties arise, please contact the Election Board. See information below.

The elections will be online and students vote through Ugla (www.ugla.hi.is), the intra web of the University. The election days will be on the 7th and 8th of February and will be open online between 9am to 6pm. If, for some reason, you are unable to vote on the election days, the Election Board can be contacted, for further help and advice.

The list of those eligible to vote will be at the Student Council office from the 24th of January and there you can make sure you are on the list or make requests to be added to it. Such requests shall be made before noon on the 31st of January. Everyone who has been registered at the University of Iceland in the school year of 2017-2018 is eligible to vote. Further requirements and conditions for the candidacy are to be found in Art. 57.-60. in the Statute of the Student Council.

After the election for the Student Council and the University Council there will be held a Student Council meeting where the new Student Council members will vote for a chairman, vice-chairman, student rights and student loan officers. There will also be a vote for the two representatives of the Student Council of the University of Iceland in the Executive Committee of the National Union for Icelandic Students (LÍS)

On behalf of the Election Board,
Kristján Orra Víðisson,

kjor@hi.is; kov4@hi.is”

Í framhaldi af fundi kjörstjórnar sendi Snorri tölvupóst á RHÍ með það að markmiði að koma á sambandi við starfsmann þar. Pósturinn var sendur á þjónustuborð RHÍ en Hörður Guðmundsson (hordurg@hi.is), starfsmaður RHÍ, svaraði og var okkur til halds og trausts varðandi tæknimálin í gegnum ferlið.

Fundur kjörstjórnar 23. janúar

Hörður hjá RHÍ sýndi okkur uppsetningu kosningakerfisins og orðalag kjörseðlanna. Hann bætti kjörstjórninni inn sem notendum svo við gætum öll flett upp í kosningakerfinu. Hörður minnti okkur á að senda sér kjörskrána og framboðslista ásamt upplýsingum um þá einstaklinga sem myndu taka þátt í profukosningu. Við fengum einnig aðgang að kjörstjórnarnetfanginu en gátum þó aðeins tekið á móti tölvupóstum en ekki sent tölvupóst frá netfangi.

Þann 24. janúar var Kristján á skrifstofu SHÍ með kjörskrána til að fólk gæti komið að skoða hana en frestur til að koma með kærur vegna kjörskrár rennur út klukkan 12:00 á hádegi einni viku fyrir kosningar. Enginn kom sérstaklega til að skoða kjörskrána en hluti starfsfólks skrifstofu SHÍ sem var á staðnum skoðaði hana.

Við sendum ítrekun eftir framboðum í tölvupósti 25. janúar sem innihélt eftirfarandi texta:
“- ENGLISH VERSION BELOW -

Kæru nemendur,

Kjörstjórn Stúdentaráðs Háskóla Íslands (SHÍ) ítrekar auglýsingu eftir framboðum til Stúdentaráðs og háskólaráðs árið 2018. Kosningarnar verða haldnar miðvikudaginn 7. og fimmtudaginn 8. febrúar n.k. Þær eru rafrænar og fara fram í gegnum innri vef Háskólans, Ugluna (www.ugla.hi.is), frá kl. 09:00-18:00.

Í meðfylgjandi skjölum er að finna eyðublöð fyrir framboð og meðmælistu. Vakin skal athygli á því að hver einstaklingur í framboði til Stúdentaráðs skal skila inn 15 undirskriftum meðmælenda en framboð þurfa þó aldrei að skila inn fleiri en 120 undirskriftum. Hver einstaklingur í framboði til háskólaráðs skal skila inn 30 undirskriftum meðmælenda.

Framboð til Stúdentaráðs skulu uppfylla reglur 59. og 60. gr. laga SHÍ um framboð einstaklinga, hópa eða félaga, auk skilyrða um kjörgengi þeirra og meðmælendur.

Skilafrestur framboða er til kl. 18:00, 29. janúar 2018.

Kjörstjórn mun taka á móti framboðum á skrifstofu SHÍ, sem staðsett er á þriðju hæð Háskólatorgs, frá klukkan 16:00-18:00 síðasta framboðsdaginn, og verður ekki tekið við framboðum eftir þann tíma. Komi upp vandkvæði skal hafa samband við formann kjörstjórnar, Kristján Orra Víðisson, í gegnum netföngin kov4@hi.is eða kjor@hi.is.

Nemendur geta óskað eftir því að vera fjarlægðir af úthringilista sem afhentur verður framboðum skv. 5. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000. Óski nemendur eftir að vera fjarlægðir af úthringilista skulu þeir hafa samband við

kjor@hi.is með upplýsingar um fullt nafn og kennitölu eigi síðar en kl. 16:00 þann 26. janúar n.k. Þeir nemendur sem hafa skráð sig á bannlista hjá Nemendaskrá HÍ eða á bannlista Þjóðskrár vegna markaðssetningar þurfa ekki að hafa samband til að láta fjarlægja sig af lista.

Kjörstjórn Stúdentaráðs Háskóla Íslands árið 2018 skipa Elín Jónsdóttir, Iðunn Garðarsdóttir, Kristján Orri Víðisson og Snorri Sigurðsson.

*F.h. Kjörstjórnar SHÍ,
Kristján Orri Víðisson,
kjor@hi.is; kov4@hi.is*

- - ENGLISH VERSION -

Elections to the Student Council 2018.

The elections for the Student and University Council will be held on 7th and 8th of February. Candidacy for the elections shall be handed the Election Board at the Student Council office (located at the third floor in Háskólatorg) from 4pm to 6pm on the 29th of January. Attached are forms for candidates and supporters. Individuals running for the Student Council will have to hand in signatures of 15 supporters per candidate. However, parties running will never have to hand in more than 120 signatures. Individuals running for the University Council will have to hand in signatures of 30 supporters per candidate.

The elections will be online and students vote through Ugla (www.ugla.hi.is), the intra web of the University. The election days will be on the 7th and 8th of February and students will be able to vote online between 9am to 6pm. If, for some reason, you are unable to vote on the election days, the Election Board can be contacted, for further help and advice.

Further requirements and conditions for the candidacy are to be found in Art. 59.-60. in the Statue of the Student Council, which can be found at the Student Council web page. Everyone who has been registered at the University of Iceland in the school year 2017-18 is eligible to vote.

Students can wish to be removed from the list of phone numbers received by candidates before the elections, according to paragraph 5, article 28 of law 77/2000. If students wish to be removed from the list please contact kjor@hi.is before 4pm on Friday, January 26th, with your full name and kennitala.

If any questions arise, please contact the Election Board at kjor@hi.is or kov4@hi.is

*On behalf of the Election Board,
Kristján Orri Víðisson,
kjor@hi.is; kov4@hi.is”*

Vegna þess að úthringingar framboðanna hafa a.m.k. í tvígang verið kærðar til Persónuverndar var mikið lagt upp úr því að fara skoða persónuverndarlög og gæta þess að framkvæmdin yrði örugglega í samræmi við lög. Starfsfólk skrifstofstofu SHÍ fékk ráðleggingar hjá lögfræðingi Persónuverndar og Nemendaskrá HÍ og varð niðurstaðan sú að uppfylla þyrfti fjögur skilyrði til að framkvæmd úthringinga samræmdist lögum. Þau voru eftirfarandi:

1. Ekki máttu koma fram viðkvæmar persónuupplýsingar í kjörskránni (var ekki vandamál).
2. Að viðkomandi yrði gefinn kostur á andmæla því að hann væri á úthringilista áður en listarnir yrðu afhentir framboðunum (sendum það með ítrekunartölvupóstinum hér að ofan).
3. Að afhending listans færi ekki gegn lögum eða samþykktum félagsins (ekki vandamál í þessu tilviki).
4. Að viðkomandi væri ekki á bannlista Þjóðskrár (nemendaskrá keyrði kjörskrána saman við bannlista Þjóðskrár og þá var úthringilistinn tilbúinn).

Þetta átti aðeins við um úthringar en óheimilt er að senda sms, tölvupóst eða annars konar einkaskilaboð án leyfis frá einstaklingnum, sbr. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti.

Fundur kjörstjórnar 29. janúar

Haldinn var stuttur fundur til þess að ræða möguleg ágreiningsmál sem gætu komið upp varðandi kosningarnar. Kjörnefndin kom sér saman um hvað skyldi gera ef undirskriftalistar frambjóðenda væru ekki fullnægjandi. Ákveðið var að veita ákveðið svigrúm til að bæta úr ágöllum en að fresturinn yrði metinn eftir umfangi. Á fundinum voru auk þess eftirtaldir kjörnir í kæruneftnd, í samræmi við d-lið 65. gr. laga SHÍ:

- Rán Þórisdóttir
- Linda Íris Emilsdóttir
- Brynjar Páll Jóhannesson

Á meðan á fundinum stóð rann framboðsfresturinn út og fulltrúar frambjóðenda skiluðu til okkar undirskriftalísum. Kjörnefndin fór yfir listana, samræmdi þá og gekk úr skugga um það að listarnir væru í samræmi við lög Stúdentaráðs, til dæmis hvort einhverjir einstaklingar hefðu skrifað undir hjá báðum framboðum. Ef sú staða kom upp voru báðar undirskriftirnar ógiltar.

Fundur kjörstjórnar 6. febrúar

Á fundinum voru praktísk atriði varðandi framkvæmd kosninganna rædd. Til dæmis hvort kosningakerfið væri tilbúið, viðbrögð við því hvað ætti að gera ef fólk gæti ekki kosið o.þ.h. Farið var yfir áróður á kjörstað og send út eftirfarandi tilkynning til fulltrúa framboðanna:

„Sæl og blessuð

Við í kjörstjórninni viljum minna á að áróður verður bannaður í byggingum HÍ á morgun og á fimmtudaginn. Til áróðurs telst t.d. kosningablöð, plaköt, límniðar á fötum eða tölvum, nælur og fleira. Auk þess minnum við frambjóðendur á c.-lið 65. gr. laga SHÍ sem kveður á um að frambjóðendum sé einungis heimilt að vera á háskólasvæðinu til að sækja tíma. Við hvetjum ykkur auk þess til að tilkynna öll meint brot á kosningareglum til einhvers af meðlimum kjörstjórnar.

Gangi ykkur vel.

Kv.

Kjörstjórnin“

Okkur barst fyrirspurn um áróður á kjörstað þar sem hægt væri að túlka lög SHÍ á þann hátt að ekki væri bannað að vera með áróður í byggingum háskólans á kjördögunum. Við ræddum það okkar á milli og tókum þá ákvörðun, í samræmi við framkvæmd síðustu ára, að

áróður í háskólabyggingum yrði bannaður á kjördögum. Hins vegar var það ákveðið í samráði við framboðin að það bryti ekki gegn lögum SHÍ að merkingar framboðanna væru sýnilegar á húsgögnum eða stærri hlutum á háskólasvæðinu, til dæmis sófum og skiptiborðum, þar sem umrædd húsgögn eru nýtt af háskólanemum og ekki væri unnt að fjarlægja þau án þess að háskólanemar yrðu mögulega fyrir óþægindum. Kjörstjórnin leggur af því tilefni til að c-liður 65.gr laga SHÍ verði skýrður betur þannig að ljóst sé að allur áróður á kjörstað sé bannaður í öllum byggingum HÍ á kjördögum. Sú ábending barst að túlka mætti ákvæðið þannig á c-liður ætti bara við ef kosningar færu ekki fram rafrænt og því þarf að gera það ljóst að umrætt ákvæði eigi við í báðum tilfellum. Einnig þarf að skilgreina betur í lögum að allar byggingar HÍ teljist kjörstaðir á kjördögum.

Prufurkosningar voru haldnar í kosningavikunni og gengu þær vel.

Kjördagar - 7. og 8. Febrúar

Fyrri dagurinn byrjaði vel en þegar leið á hádegi varð bilun á hi.ugla.is og margir nemendur gátu ekki kosið í nokkurn tíma. Vefsíðan datt inn og út yfir allan daginn og var ákveðið af kjörstjórn að framlengja kjördaginn og að hægt yrði að kjósa til klukkan 20.00 fyrri kjördaginn. Eftirfarandi tölvupóstur var sendur á alla nemendur Háskóla Íslands:

„- ENGLISH VERSION BELOW -

Kæru nemendur,

Vegna bilana í Uglu fyrr í dag hefur kjörstjórn ákveðið að kosningar til SHÍ og háskólaráðs verða opnar á Uglu til 20:00 í kvöld en ekki 18:00 eins og til stóð. Kosningar verða opnar 9-18 á morgun, 8. febrúar. Komi upp vandkvæði skal hafa samband við kjörstjórn í gegnum netfangið kjor@hi.is.

*F.h. Kjörstjórnar SHÍ,
Kristján Orri Víðisson,
kjor@hi.is; kov4@hi.is*

-- ENGLISH VERSION -

Because of malfunctions in Uglu the Election Board for the Student and University Council elections has decided that the elections will be open until 8 pm tonight instead of 6 pm. The elections will also be open tomorrow (8th of February) from 9 am until 6 pm.

If any questions or problems arise, please contact the Election Board at kjor@hi.is.

*On behalf of the Election Board,
Kristján Orri Víðisson,
kjor@hi.is; kov4@hi.is“*

Fulltrúar framboðanna fengu tölur um kjörsókn í hádeginu á kjördögum og að loknum kjördegi.

- Ítrekaðar kvartanir bárust kjörstjórn frá báðum fylkingum varðandi brot á 65. gr. laga SHÍ um áróður á kjörstað. Báðar fylkingar brugðust hratt og örugglega við ábendingum kjörstjórnar og fjarlægðu efnið sem kvartað var yfir.

- Kvartað var yfir því að formaður Stúdentaráðs sinnti kosningabaráttu á vinnutíma í vikunni fyrir kosningar. Leggur kjörstjórn til að settar verði reglur um að starfsmönnum SHÍ sé ekki heimilt að taka þátt í kosningabaráttu eins og hefð hefur verið fyrir síðustu ár eða a.m.k að fylkingarnar komi sér saman um hvað sé heimilt og hvað ekki.
- Röskva áminnt fyrir að vera að senda Facebook-skilaboð á einstaklinga sem ekki væru vinir þeirra á Facebook enda um beina markaðssetningu án samþykkis að ræða sem er ólöglegt skv. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti.
- Vinsamleg ábending send á Röskvu í lok síðari kjördags að láta af því að auglýsa framboðið og kosningarnar á hinum ýmsu Facebook-hópum algjörlega ótengdum Háskóla Íslands á borð við Costco, hverfishópa og annað slíkt. Í raun ekki háttsemi sem kjörstjórn getur bannað en Röskva lét þó af þessu umsvifalaust, sem var gott.
- Ef einstaklingur gat ekki kosið þurfti að athuga hvort að hann væri á kjörskrá og ef hann var á kjörskrá var hægt að bæta honum við á Uglunni.

Kjörstjórn fór út að borða á Public House eftir kosningar. Opnuðum úrslitin saman þar um 19:30. Borðuðum og drukkum fyrir 47.890 kr. Fórum að lokinni máltíð og tilkynntum úrslitin fyrir fylkingunum.

Tillögur kjörstjórnar að úrbótum:

- Skýra ákvæði laga SHÍ um áróður á kjörstað, sbr. 65. gr., þannig að það sé alveg skýrt að áróður í byggingum háskólans sé bannaður á kjördögum
- Lagfæra uppsetningu laga SHÍ í samræmi við lög Alþingis, það er annars vegar þannig að ákvæðum sé skipt í málsgreinar og hins vegar í stafliði.
- Setja skýrari reglur um aðkomu starfsfólks skrifstofu SHÍ að kosningum á vinnutíma.
- Gæta þess að ákvæði laga SHÍ um kosningar séu í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga, laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.